

Úttekt á rannsóknum á sviði fræðslu- og menntamála

ATHUGUN 1 Menntarannsóknir í háskólum

Ingibjörg Kaldalóns og Allyson Macdonald

Maí 2005

Unnið fyrir
Rannsóknamiðstöð Íslands og menntamálaráðuneytið

ÚTTEKT Á RANNSÓKNUM Á SVIÐI FRÆÐSLU- OG MENNTAMÁLA

Úttektin er fjórar sjálfstæðar athuganir:

1. Menntarannsóknir í íslenskum háskólum
2. Stofnanatengdar menntarannsóknir
3. Þróunarverkefni í íslenskum skólum
4. Þróun fræðslumála í atvinnulífi

Auk þeirra eru samantektir á íslensku og á ensku.

Hver skýrsla og samantekt er sjálfstæður hluti og er aðgengileg á vefslóðinni:

<http://www.rannis.is/rannsoknir-menntamal>

Rannsóknamiðstöð Íslands og menntamálaráðuneytið stóðu að fjármögnun úttektarinnar.

Auk þeirra styrktu eftirtaldir aðilar úttektina:

Kennaraháskóli Íslands, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Starfsafli.



ÁGRIP	45
I. INNGANGUR	47
I. 1. Skilgreining á menntarannsóknnum	
I. 2. Gagnasöfnun í háskólum	
I. 2. 1. Viðtalsrannsókn	
I. 2. 2. Spurningakönnun um birt rit	
I. 2. 3. Fyrirliggjandi gögn	
I. 2. 4. Málþing	
II. STAÐA RANNSAKENDA GAGNVART MARKHÓPUM	51
II. 1. Hagnýtar rannsóknir og grunnrannsóknir	
II. 2. Vettvangurinn	
II. 2. 1. Er það skylda fræðimannsins að dreifa þekkingu til vettvangsins?	
II. 2. 2. Áhrif stigamatskerfis á hagnýtingu rannsókna	
II. 3. Stefnumótunaraðilar	
II. 3. 1. Vantar samráðsvettvang?	
II. 3. 2. Hlutlaus vísindi og stefnumótun?	
II. 4. Háskólasamfélagið	
II. 4. 1. Akademískt frelsi	
II. 4. 2. Rannsóknarsvið	
II. 4. 3. Framkvæmd rannsókna	
II. 4. 4. Dreifing niðurstaðna	
III. STUÐNINGUR OG HINDRANIR Í RANNSÓKNARVINNU	72
III. 1. Stuðningur	
III. 1. 1. Styrktarsjóðir	
III. 1. 2. Annar stuðningur	
III. 2. Helstu hindranir	
III. 2. 1. Vinnuálag: Of mikil kenning og stjórnun	
III. 2. 2. Bjargir skortir	
IV. RANNSÓKNARNÁM	82
IV. 1. Uppbygging rannsóknarnáms	
IV. 2. Flokkun rannsókna nemenda	
IV. 3. Fjárhagslegur grundvöllur	
IV. 4. Framhaldsmenntun sem leið út úr skólunum?	
IV. 5. Framhaldsmenntun til að þjálfa rannsóknarfólk	
V. SAMANTEKT OG UMRÆÐUR	88
VI. ÁLITAMÁL	91
FYLGISKJAL	93

TÖFLUR

Tafla 1.	Efnisþættir í menntarannsóknnum (Holbrook o.fl., 2000)	48
Tafla 2.	Umfang ritaðra birtinga í menntarannsóknnum 1998–2002, greint eftir háskólum.	50
Tafla 3.	Fjöldi birtinga og menntarannsóknna eftir háskólum 1998–2002.	51
Tafla 4.	Skilgreining háskólakennara á rannsóknnum samkvæmt eðli rannsókna	52
Tafla 5.	Skilgreining háskólakennara á rannsóknnum greint eftir háskólum	52
Tafla 6.	Markhópar birtinga greindir eftir háskólum	53
Tafla 7.	Birtingar á sviði menntamála eftir háskólum 1998–2002	58
Tafla 8.	Flokkun birtinga í rannsóknarsvið 1998–2002	60
Tafla 9.	Rannsóknarsvið (yfirklokkar) greind eftir háskólum	61
Tafla 10.	Til hvaða skólastigs/stiga nær verkefnið?	62
Tafla 11.	Skólastig rannsókna greind eftir háskólum	62
Tafla 12.	Hvaða aðferðafræði var notuð við rannsóknina?	62
Tafla 13.	Aðferðafræði rannsókna greind eftir háskólum.	63
Tafla 14.	Fjöldi höfunda sem standa að hverri birtingu 1998–2002	65
Tafla 15.	Fjöldi höfunda sem standa að hverri birtingu 1998–2002 eftir háskólum	65
Tafla 16.	Einstaklingsverkefni eða samstarfsverkefni?	65
Tafla 17.	Vinnulag greint eftir háskólum	66
Tafla 18.	Hlutfall birtinga 1998–2002 þar sem meðhöfundur er erlendur, eftir háskólum	67
Tafla 19.	Birtingar við KHÍ, félagsvísindadeild HÍ og kennaradeild HA 1998–2002	69
Tafla 20.	Birtingarform greind eftir háskólum 1998–2002.	70
Tafla 21.	Hlutfall erlendra birtinga greint eftir háskólum 1998–2002	70
Tafla 22.	Útlagður kostnaður og styrkir	73
Tafla 23.	Fjármögnun rannsókna greind eftir háskólum	73
Tafla 24.	Styrkir til félags- og hugvísinda úr Vísindasjóði 1998–2002	74
Tafla 25.	Fagsvið menntarannsóknna sem fengið hafa styrk úr Vísindasjóði 1998–2003	74
Tafla 26.	Styrkir til félagsvísinda og á sviði menntarannsóknna 1998–2003	75
Tafla 27.	Flokkun meistaraverkefna í rannsóknarsvið 1998–2003	84
Tafla 28.	Til hvaða skólastigs/stiga nær meistaraverkefnið?	85
Tafla 29.	Hvaða aðferðafræði var notuð við meistararannsóknina?	85
Tafla 30.	Markhópar nemendarannsóknna	86

MYNDIR

Mynd 1.	Markhópur rannsakenda í birtingum	53
Mynd 2.	Skipting styrkuppþæða úr Vísindasjóði 1995–2003 í meginfagsvið.	74

FYLGISKJAL

Fylgiskj. 1.	Rannsóknarsvið. Samanburður á niðurstöðum ólíkra gagna.	93
Fylgiskj. 2.	Til hvaða skólastigs/stiga nær verkefnið?	94
Fylgiskj. 3.	Hvaða aðferðafræði var notuð við rannsóknina?	94
Fylgiskj. 4.	Skilgreining háskólakennara á rannsóknnum samkvæmt eftirfarandi flokkun.	95
Fylgiskj. 5.	Markhópar.	95
Fylgiskj. 6.	Einstaklingsverkefni eða samstarfsverkefni?	95
Fylgiskj. 7.	Var útlagður kostnaður fjármagnaður með styrkjum, hvaða styrkjum?	95

ÁGRIP

Markmið

Að kortleggja umfang og eðli rannsókna og nýsköpunarstarfs í háskólum.

Að skoða stöðu háskólakennara með hliðsjón af ólíkum markhópum, vinnuumhverfi og vinnuferli rannsókna.

Gagnasöfnun og greining gagna

Viðtalsrannsókn: 15 viðtöl í KHÍ, HÍ og HA greind eftir þemum.

Spurningakönnun um birt rit á árunum 1998–2002: 801 birting frá 120 fræðimönnum á sviði menntarannsókna, 76 í KHÍ, 29 í HÍ og 15 í HA. Gögn greind eftir rannsóknarsviði, markhópum, skólastigi, aðferðum og kostunaraðilum. Dreginn fram munur á háskólum.

Fyrirliggjandi gögn úr gagnagrunnum um rannsóknarstörf kennara við HÍ, HA og KHÍ greind eftir eðli birtinga, fjölda höfunda og samstarfi. Dreginn fram munur á háskólum.

Hagnýtar rannsóknir og grunnrannsóknir

Almennt er um þriðjungur rannsókna talinn til grunnrannsókna og þriðjungur til hagnýtra rannsókna, en hlutfall grunnrannsókna er hærra í HÍ og HA (45–50%) en í KHÍ þar sem áhersla er einnig lögð á þróunarstarf og úttektir.

Spurningalistakönnun sýndi að hlutfallslega fleiri birtingar KHÍ eru hugsaðar fyrir iðkendur á vettvangi í samburði við birtingar HÍ sem eru fremur hugsaðar fyrir vísindasamfélagið sem markhóp. Starfsfólk í HA ætlaði rannsóknir sínar jafnt fyrir vísindasamfélagið og iðkendur. Þrátt fyrir viðleitni til að ná til ólíkra markhópa kom fram í viðtölum að almennt töldu viðmælendur rannsóknir ekki nægilega vel kynntar fyrir iðkendum. Nokkrir töldu það ekki vera skyldu sína að dreifa niðurstöðum til aðila á vettvangi, en ekki voru allir á sama máli.

Stigamatskerfið sem innleitt var fyrir nokkrum árum virðist draga úr þróunarstarfi á vettvangi (og um leið tengslum við vettvanginn) með því að verðlauna vísindastarfsemi umfram þróunarstörf. Almennt töldu viðmælendur þó að kerfið hefði hvatt til aukinna rannsókna.

Stefnumótunaraðilar

Það vekur athygli hversu oft rannsakendur telja sig skrifa fyrir stefnumótunaraðila, 35–48% af birtingum. Á sama tíma telja stefnumótunaraðilar að mikil skorti af hagnýtum rannsóknum á sviðinu sem hægt sé að nota til grundvallar stefnumótun.

Að mati viðmælenda hefur stuðningi menntamálaráðuneytis við rannsóknir á sviði menntamála verið ábótavant. Menntamálaráðuneyti beri að taka ábyrgð á fjármögnun rannsókna í skólakerfinu á sama hátt og horft er til atvinnulífs um þátttöku í fjármögnun menntunar á þeim vettvangi sem að því snýr.

Vísindasamfélagið

Rúmlega helmingur birtinga á árunum 1998–2002 var unninn af rannsakendum í KHÍ en um þriðjungur í félagsvísindadeild HÍ og 13% í HA.

17% birtinga eru ritrynd (greinar, bækur, bókarkafar og Ph.D.-ritgerðir). Fræðimenn í HÍ og HA birta meira af ritryndu efni en kennarar við KHÍ og rannsóknir við HÍ birtast oftar erlendis en hjá hinum skólunum. Fræðimenn KHÍ vinna meira að námsskrár- og námsefnisgerð (8% birtinga).

Yfir helmingur birtinga háskólakennara er í formi erinda. Kennarar við KHÍ og HA kynna rannsóknir sínar hlutfallslega oftar í erindum á ráðstefnum en kennarar við HÍ og tengist það e.t.v. því að í þessum sömu skólum eru birtingar fremur hugsaðar fyrir vettvanginn en birtingar hjá HÍ.

Viðfangsefni og skólastig

Skoðanir eru skiptar um hvort hefta þurfi val á viðfangsefnum. Skv. vinnuatsgögnum var hlutfall birtinga á sviði menntarannsókna 78% í KHÍ, 75% í kennaradeild HA og 44% við félagsvísindadeild HÍ. Um helmingur háskólarannsókna nær til grunnskólastigs. Háskóla-, framhalds- og leikskólastig er hvert um sig til rannsókna í 11–12% tilvika. Minna en 5% birtinga telst til símenntunar og fullorðinsfræðslu.

HA og KHÍ sinna yngra grunn- og leikskólastigi fremur en HÍ sem sinnir fremur rannsóknum á háskólastigi sem og rannsóknum sem liggja þvert á skólastig.

Framkvæmd rannsókna

Rúmlega helmingur af menntarannsóknum er einrjarannsóknir, frá 50–66%, og hærra hlutfall hjá

HA en KHÍ og HÍ. Samstarf færast þó sífellt í aukana og er almennt talið vera til eflingar menntarannsóknnum. Samvinna milli stofnana er almennari (24%) en samvinna innan sömu stofnunar (19%). Samvinna innan háskóla er almennari innan KHÍ (20%) en samvinna milli háskóla hjá HÍ (29%).

Innan við 4% rannsókna er unnið í samvinnu við erlenda aðila.

Fólk er ekki á einu máli um hvort rétt væri að stýra áherslum í rannsóknnum t.d. í gegnum styrktarsjóði.

Aukin áhersla á rannsóknartengt framhaldsnám og eflingu rannsóknarfærni gerir kröfur um aukna fjármögnun.

Stuðningur og hindranir í rannsóknarvinnu

Um fjórðungur birtinga er unninn án beins útlagðs kostnaðar en tæplega fimmtungur er m.a. unninn með styrkjum frá Rannís og rannsóknarsjóðir háskólanna styrkja 16% birtinga. Fræðimenn HÍ vinna áberandi oftar með styrkjum frá Rannís og hjá HA eru oftar unnar rannsóknir sem fá enga styrki eða án nokkurs útlagðs kostnaðar.

Helstu hindranir við rannsóknarstörf sem viðmælendum varð tíðrætt um var of mikið vinnuálag og að kennsla og stjórnunarstörf tækju tíma frá rannsóknarvinnu. Í breyttu vinnuumhverfi sé kennslan sífellt tímafreakari og launakerfið kennsluhvetjandi.

Rannsóknarmisseri er einn helsti kostur starfsins. Hluti háskólakennara hefur ekki fundið sig í hlutverki rannsækenda. Þeir töldu háskólakennara hafa takmarkaðar bjargir í formi stuðnings og fannst þeim því þeir vera „einir“ í störfum sínum.

Framhaldsnám

Skólarnir hafa ekki annað eftirspurn eftir framhaldsnámi en það er ekki nægilega vel fjármagnað. Meðalaldur nemenda hefur verið hár en fer lækkandi og flestir nemendur vinna með námi. Námið skilar sér í bætту skólastarfi en fæstir nemendur skila sér í rannsóknar- eða akademísk störf að námi loknu.

Álitamál

Tíðrætt er um eðli og tilgang menntarannsókna, hvort þær eigi fyrst og fremst að þjóna vísindasamfélaginu eða stefnumótunaraðilum og iðkendum. Flestir í háskólum virðast þó vera sammála um að menntarannsóknir eigi að vera umbótamiðaðar. Ljóst er að stigamatskerfi leiðir ekki endilega til tengsla rannsækenda við vettvanginn né til tengsla rannsækenda og þróunarstarfs.

I. Inngangur

Á 20. öldinni voru menntarannsóknir færðar í háskóla á Íslandi, fyrst árið 1951 í Háskóla Íslands. Kennarskóli Íslands var fluttur á háskólastig árið 1971 og í lok aldarinnar sameinuðust fjórar menntastofnanir, Fósturskóli Íslands, Íþróttaskóli Íslands, Proskabjálfskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands, í eina stofnun þar sem allir fastráðnir kennarar eru með rannsóknaskyldu. Kennaradeild var stofnuð við Háskólann á Akureyri 1993. Háskólakennarar njóta akademísks frelsis í vali á viðfangsefnum, aðferðum og birtingarleiðum. Örar breytingar hafa átt sér stað í vísinda-, háskóla- og menntamálum á Íslandi síðustu 10 árin. Rannsóknarráð Íslands taldi því tímabært árið 2003 að setja rannsóknir á sviði fræðslu- og menntamál undir smásjá og skoða nánar þýðingu og notagildi rannsókna fyrir stefnumótun og starfsemi skóla og annarra fræðsluaðila. Talið var nauðsynlegt að kortleggja umfang og eðli rannsókna.

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum þess hluta úttektarinnar sem snýr að menntarannsóknum í háskólum, nánar tiltekið háskólum sem vinna að kennaramenntun og þar sem starfa enn fremur flestir rannsakendur á sviðinu (KHÍ, HÍ og HA). Í inngangskafli þessum verður í fyrstu hugað að skilgreiningu eða öllu heldur flokkun menntarannsókna og greint frá framkvæmd rannsókna á háskólasamfélaginu. Í framhaldinu er gerð grein fyrir niðurstöðunum í þremur meginköflum.

I. 1. Skilgreining á menntarannsóknum

Í samþykkt stýrihóps úttektarinnar sumarið 2003 voru menntarannsóknir skilgreindar á eftirfarandi hátt:

Rýnt verður í rannsókna- og nýsköpunarstarf og stefnumótun frá og með 1998 til 2002 og stiklað á stóru allan síðasta áratug 20. aldar. Skoðað verður rannsókna- og nýsköpunarstarf á breiðum grundvelli:

- Rannsóknir á námi og kennslu í viðum skilningi þ.m.t. rannsóknir á ævilöngu námi, námi á starfsvettvangi og óformlegu námi.
- Rannsóknir á málum sem varða menntun og fræðslustarf, þ.m.t. stjórnun í menntakerfi, almennt fræðslustarf, mannauðsmál og stefnumörkun.
- Nýsköpunarstarf í menntakerfi og atvinnulífi, þ.m.t. þróunarverkefni.

Þessi skilgreining er almenns eðlis en til að ákvarða hvaða rit féllu undir efni úttektarinnar var stuðst við flokkun ástralskrar rannsóknar (Holbrook o.fl., 2000). Þar eru eftirtaldir flokkar settir fram (tafla 1 – sjá næstu síðu).

I. 2. Gagnasöfnun í háskólum

Gagna um menntarannsóknir í háskólum var aflað á þrennan hátt.

- Viðtöl voru tekin við valda aðila sem starfa að menntarannsóknum.
- Spurningalisti um birt verk var sendur til fræðimanna á sviðinu.
- Fyrirliggjandi gögn um birtingar fræðimanna og meistararitgerðir voru greind.

I. 2. 1. Viðtalsrannsókn

Viðtöl voru tekin meðal helstu stjórnenda og fræðimanna á sviði menntamála í háskólum, samtals 15 viðtöl. Viðtölin voru tekin á tímabilinu október 2003 til október 2004 og tók hvert viðtal um 60–90 mínútur. Notað var upptökutæki í viðtölum og þau afrituð. Viðmælendum var greint frá því í upphafi viðtals að ekki yrði vitnað í þá undir nafni nema með þeirra leyfi. Í viðtölunum var rætt um rannsóknarmenningu og hið akademíska vinnuumhverfi, vinnuferli rannsóknarvinnunnar, samstarf og hagnýtingu rannsókna, svo eitt-hvað sé nefnt.

Allir viðmælendur voru virkir rannsakendur á sviði menntamála. Við val á viðmælendum var reynt að fá sem breiðastan hóp fólks með ólíka reynslu. Þannig var bæði leitað til stjórnenda sem og almennra fræðimanna, gamalreyndra fræðimanna sem og þeirra sem höfðu starfað í skemmri tíma í akademíunni. Einnig var hugað að því að aldursdreifing væru nokkur og að tiltölulega jöfn skipting væri milli kven- og karlviðmælenda.

Tafla 1. Efnisþættir í menntarannsóknnum (Holbrook o.fl., 2000)

Nám og þroski

- Nám og skynjun: nám, atferlismótun, skynjun og vitsmunapróska
- Þroska- og persónuleikasálfræði: sálfræðilegir eiginleikar, geta, hegðun, þarfir, viðhorf og þroska einstaklingsins

Líkamlegt og andlegt atgervi

- Sérkennsla fyrir börn með þroskahömlun, fötlunarfræði
- Námsráðgjöf
- Aðrar rannsóknir á heilsu og velferð (geðræn vandamál, meðferðarúræði, andleg og líkamleg velferð, heilsufar og þjónusta tengd heilsufari)
- Sérkennsla fyrir bráðger börn

Menntakerfi

- Almenn kennslufræði, skólakerfið, skólalárun og skólastjórnun (vísar til innri starfsemi skólakerfis, t.d. starfsmannahalds í skólum, samskipta kennara við nemendur og stjórnendur, kennaramenntunar og mats á skólastarfi)
- Félags- og heimspökileg sjónarhorn menntunarfræðinnar (vísar til félagslegs og sögulegs samhengis. Skólinn og samfélagið skoðað í heild, t.d. hlutverk og samskipti stofnana þess)
- Námskrá/formgerð (t.d. námsskipulag og starfsréttindi)

Faggreinar í skólum (þ.m.t. kennslufræði faggreina)*

- Íslenska (lestur meðtalinn)
- Erlend tungumál
- Stærðfræði
- Náttúrufræði og raungreinar
- Samfélagsgreinar (félagsvísindi, lífsleikni, saga, landafræði, kristinfræði, siðfræði)
- Listgreinar
- Íþróttir og heilsufræði
- Upplýsinga- og samskiptatækni
- Starfsmenntun og iðngreinar
- Annað, hvað?

Samfélagið

- Félagslegt umhverfi (félagslegir áhrifavaldar, félags- og menningarlegir eiginleikar)
- einstaklinga/hópa, gildismat og samskipti)
- Félagsleg vandamál (jafnrétti, fordómar, aðgreining, viðhorf, líðan og minnihlutahópar)
- Lýðfræði, menning og trú

Stjórnsýsla og atvinnulífið

- Stjórnsýsla og stjórn málafræði
- Hagfræði og fjármál
- Atvinnulífið (t.d. vinnumarkaðsrannsóknir, starfsþjálfun, starfsmannastjórnun)

Rannsóknir á upplýsinga- og samskiptatækni (þ.m.t. fjarkennsla)**Aðferðafræði rannsókna**

- Vísindaheimspeki og kenningar
- Próffræði, aðferðir, mælitæki og greiningar

Rannsóknir á aðstöðu og búnaði

Heimild: Holbrook, A., Ainley, J., Bourke, S., Owen, J., McKenzie, P., Misson, S. & Johnson, T. (2000). Mapping educational research and its impact on Australian schools. Í *The Impact of Educational Research*, bls. 15-278. Research Evaluation Programme, Higher Education Division, Department of Education, Training and Youth Affairs, Canberra.

* Hér var flokkunin aðlöguð kennslugreinum í íslenskum skólum.

Við Kennaraháskólann, þar sem um 120 fræðimenn á sviðinu starfa, voru tekin viðtöl við sjö aðila; rektor, þáverandi formann vísindaráðs, þáverandi deildarforseta, umsjónarmann framhaldsnáms og tvo almenna fræðimenn. Við félagsvísindadeild Háskóla Íslands voru tekin fjögur viðtöl; við skorarformann uppeldis- og menntunarfræðiskorar, fræðimenn við sálfræðiskor, uppeldis- og menntunarfræðiskor og í kynjafræði. Við Háskólann á Akureyri voru tekin fjögur viðtöl; við þáverandi deildarforseta kennaradeildar, brautarstjóra framhaldsnáms og tvo almenna fræðimenn.⁵ Einnig er á stöku stað vitnað í viðtöl sem tekin voru við aðila í helstu stofnunum sem standa að menntarannsóknum á Íslandi, en þau viðtöl voru tekin sem hluti af heildarúttektinni. Er það gert þegar verið er að tengja saman umfjöllun háskólanna um tiltekið málefni við það sem fram kom hjá viðmælendum í nefndum stofnunum. Í stofnanahluta úttektarinnar voru tekin viðtöl við fulltrúa skólaþróunarviðs Háskólans á Akureyri, Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, Námsmatsstofnunar, Félagsvísindastofnunar HÍ, Rannsóknarstofnunar KHÍ og tvo fulltrúa menntamálaráðuneytis.

1. 2. 2. Spurningakönnun um birt rit

Á grundvelli vinnumatsskýrslna var unnt að nálgast upplýsingar um birt rit fræðimanna frá árunum 1998–2002. Upplýsingar fengust frá rannsóknarsviðum háskólanna um birtingar fræðimanna við KHÍ, kennaradeild HA og félagsvísindadeild HÍ. Út frá þeim upplýsingum voru fræðimönnum sem höfðu birt rannsóknir á sviði menntarannsókna sendir spurningalistar þar sem þeir voru um að svara spurningum um eftirfarandi atriði fyrir hvert birt rit: svið verkefnis, skólastig, vinnulag, fjármögnun, helsta markhóp og hvaða aðferðafræði var notuð við rannsóknina. Í spurningalistanum voru níu spurningar og voru svarendur beðnir að svara þeim út frá hverri birtingu sem var til skoðunar.

Til að nálgast menntarannsóknir sem voru unnar í öðrum deildum en kennaradeild HA og félagsvísindadeild HÍ voru notaðar tvær leiðir. Annars vegar var leitað eftir samráði við þá aðila sem til þekkingu á sviðinu og þeir beðnir að benda á einstaklinga sem unnið hafa menntarannsóknir en starfa ekki við ofangreindar deildir háskólanna. Hins vegar var leitað í vinnumatsgögnum háskólanna að birtingum á sviði menntarannsókna með leitarorðum.

Þess ber að geta að úttekt þessi hefur ekki það markmið að gera heildaryfirlit yfir allar rannsóknir sem háskólakennarar í nefndum stofnunum hafa staðið að og er ekki tengd vinnumati. Úttektin er því á engan hátt mælikvarði á einstaklingsframlag enda eru niðurstöður ekki raktar til einstakra fræðimanna. Markmiðið er fremur að fá yfirlit yfir helstu rannsóknir sem eru til á Íslandi á sviði menntamála svo hægt sé að leggja mat á hvar við stöndum sterk og hvaða svið við þurfum að efla. Því voru rit fræðimanna við háskólastofnanir einnig flokkuð eftir því hvort um menntarannsókn væri að ræða eða ekki (sbr. skilgreiningu hér að framan í töflu 1). Þeir háskólakennarar sem höfðu ekki birt rannsóknir á sviði menntamála fengu því ekki senda spurningalista. Í mörgum tilvikum var hins vegar erfitt að meta út frá heiti verkefna hvort afla ætti nánari upplýsinga um þau fyrir úttektina eða ekki. Í þeim tilvikum voru svarendur/höfundar sjálfir beðnir að meta hvort svo væri skv. leiðbeiningum sem fylgdi spurningalistanum.

Erindi, veggspjöld eða námsefni var *ekki* tekið til skoðunar í þessum hluta úttektarinnar. Ætla má að fræðimenn hafi gert grein fyrir rannsóknum sem undirbyggja námsefni í greinum eða skýrsluformi sem úttektin nær til og að erindi fræðimanna séu einnig til á rituðu formi að verulegu leyti. Því takamarkast úttektin við ritað mál á sviði menntamála, t.a.m. bækur, bókarkafla, skýrslur, birtingar á vef, fræðigreinar o.s.frv. Umfangi námsefnisgerðar og erinda eru hins vegar gerð skil með því að skoða fyrirbyggjandi gögn (sbr. tafla 19).

Í KHÍ var leitað til 129 fræðimanna og þeim sendir spurningalistar. Svör bárust frá 116 fræðimönnum, þar af 40 sem töldu sig ekki þurfa að svara þar sem rannsóknir þeirra væru ekki á sviði menntamála. Svörun var 90%. Við HÍ fengu 53 fræðimenn senda spurningalista; 26 við félagsvísindadeild og 27 við aðrar deildir skólans. Þaðan bárust svör frá 18 kennurum við félagsvísindadeild sem þýðir að svörun þar var 69%. Þá bárust svör frá 11 fræðimönnum annarra deilda. Svörun þar reyndist því 41%. Ætla má að sumir þeirra sem ekki svöruðu við HÍ hafi álitnið rannsóknir sínar ekki vera á því sviði sem úttektin nær til en ekki er vitað hver fjöldi þeirra er. Við HA var 24 fræðimönnum sendur spurningalisti. Af þeim voru fjórir sem svöruðu ekki

⁵ Á þeim tíma sem gagnaöflun fór fram vegna menntarannsókna í háskólum var Háskólinn í Reykjavík ekki með kennaradeild og því voru ekki tekin viðtöl við fræðimenn þar í þessum hluta úttektarinnar.

og fimm sem töldu sig ekki þurfa að svara. Svörun þar var því 83%. Alls er um að ræða 801 ritaða birtingu frá 120 fræðimönnum á árunum 1998–2002. Í töflu 2 kemur fram að 56% birtinga sem upplýsingar bárust um komu frá fræðimönnum KHÍ og um fimmtungur frá félagsvísindadeild HÍ og kennaradeild HA. Af þeim 120 fræðimönnum sem sendu inn svör voru hins vegar 63% frá KHÍ, 15% frá HÍ og 13% frá HA.

Tafla 2. Umfang ritaðra birtinga í menntarannsóknum 1998–2002, greint eftir háskólum

	Fjöldi birtinga	Hlutfall birtinga %	Fjöldi fræðimanna	Hlutfall fræðimanna %
Kennaraháskóli Íslands	451	56	76	63
Félagsvísindadeild HÍ	159	20	18	15
HÍ aðrar deildir	27	3	11	9
Kennaradeild HA	164	21	15	13
Alls	801	100%	120	100%

Ítarefni unnið úr spurningalistum

Í upphafi úttektar var leitast við að afla upplýsinga um allar birtingar, þ.m.t. erindi og námsefni. Eftir reynslu af þessari gagnaöflun við KHÍ var hvorki talið framkvæmanlegt né nauðsynlegt að hafa gagnaöflun svo viðtæka. Þegar spurningalistar voru síðar sendir til fræðimanna við HÍ og HA var því ekki leitað eftir upplýsingum um námsefni, erindi eða birtingar frá árinu 2003. Þar sem við höfum þessi gögn um námsefni, erindi og birtingar 2003 frá þeim aðilum í KHÍ sem svöruðu spurningalistunum fyrstir má skoða hvaða áhrif það hefur að taka með birtingar í formi erinda og námsefnis frá árinu 2003. Það er gert í töflum í fylgiskjali.

1. 2. 3. Fyrirliggjandi gögn

Gagna var aflað víða. Fyrst ber að nefna greiningu á vinnumatsgögnum kennara við KHÍ, félagsvísindadeild HÍ og kennaradeild HA frá árunum 1998–2002. Þá var safnað saman meistaritgerðum nemenda úr sömu skólum og þær greindar. Einnig var gagna leitað hjá Hagstofu, hjá skrifstofum og á vefjum háskólanna og hjá Rannís.

Vinnumat háskólakennara

Árlega skila fræðimenn inn skrá yfir ritverk sín í samræmi við matsreglur kjaranefndar og viðkomandi háskólastofnunar. Á grundvelli þessara gagna má nálgast upplýsingar um:

Kynningu rannsókna: Hvernig kynna fræðimenn rannsóknir sínar og í hvað fara vinnukraftar þeirra: Greinaskrif, námsefnisgerð, flutning erinda, birtingu rita og hvers eðlis þau rit eru.

Samstarf: Hve margir höfundar standa að hverri birtingu og í hve mörgum tilvikum eru samhöfundar erlendir.

Dreifingu: Hvert er hlutfall birtra rita innanlands og erlendis.

Hlutfallslegt mikilvægi menntarannsókna: Hve stór hluti af birtingum þessara fræðimanna er á sviði menntamála (sbr. skilgreiningu að framan).

Í þessum hluta gagnavinnslunnar var einnig nauðsynlegt að flokka rit fræðimanna í háskólasamfélaginu eftir því hvort um væri að ræða verkefni á sviði menntarannsókna eða ekki. Til samræmis var þess gætt að sami starfsmaður flokkaði allt gagnasafnið. Til staðfestingar var annar rannsakandi fenginn til að fara yfir þá flokkun. Vafaatriði voru borin undir þriðja aðila. Því má telja flokkun rannsóknanna áreiðanlega þótt vafalaust megi deila um hvað teljist til rannsókna á sviði menntamála.

Alls voru 4115 verk frá þessum stofnunum flokkuð á framangreindan hátt og var um menntarannsóknir að ræða í 58% tilvika (tafla 3). Ekki var unnt að ákvarða hvort birtingar væru á sviði menntarannsókna í tæplega 2%.

Tafla 3. Fjöldi birtinga og menntarannsókna eftir skólum 1998–2002

	Heildarfjöldi birtinga	Heildarhlutfall allra svara %	Fjöldi menntarannsókna	Hlutfall menntarannsókna %
Kennaraháskóli Íslands	1773	43	1284	54
Félagsvísindadeild HÍ	1904	46	804	34
Kennaradeild HA	438	11	315	13
Alls	4115	100%	2403 (58%)	100%

Meistararitgerðir nemenda

Safnað var saman meistaraprófsritgerðum frá KHÍ, HÍ og HA á sviði menntamála frá árunum 1998–2003 og þær greindar í eftirfarandi flokka: Rannsóknarsvið, skólastig sem rannsóknin nær til, hvaða aðferðafræði var notuð og hver meginmarkhópur væri, auk vísindasamfélags. Greindar voru 36 meistaraprófsritgerðir frá HÍ, 82 M.Ed.-ritgerðir frá KHÍ, 4 frá HA og 7 ritgerðir frá erlendum háskólum.⁶ Við KHÍ var unnt að nálgast þessar ritgerðir á einum stað á heimasíðu bókasafns skólans. Við HA voru aðilar á bókasafni skólans úttektaraðilum til aðstoðar og fundust fjórar meistaraprófsritgerðir þar, sem kemur heim og saman við fjölda útskrifaðra. Leitað var að meistaraprófsritgerðum við HÍ og frá þeim sem útskrifast hafa erlendis í gegnum Gegni með notkun leitarorða. Leitað var að öllum meistaraprófsritgerðum í gagnasafninu og þær greindar sem töldust til menntarannsókna. Einnig veitti starfsfólk Þjóðarbókhöðunnar ráðgjöf um hvernig best væri að nálgast ritgerðirnar. Því ættu þau verkefni sem unnt var að nálgast að gefa góða mynd af vinnu nemenda á þessu tímabili þótt ekki sé hægt að útiloka að einhverjar ritgerðir frá HÍ og erlendum háskólum vanti.

I. 2. 4. Málþing

Málþing var haldið 28. febrúar 2005 undir yfirskriftinni *Undirstaða þekkingarsamfélags* sem hluti af úttektinni. Þar voru m.a. fyrstu niðurstöður úttektarinnar kynntar og varpað fram áleitnum spurningum sem úttektin vekur. Í framhaldinu voru málstofur um menntarannsóknir á ólíkum sviðum (stofnunum, háskólum, skólum og atvinnulífi). Tvær málstofur fjölluðu um rannsóknir í íslenskum háskólum undir fyrirsögnunum: *Þjargir og stuðningsaðgerðir í menntarannsóknum* og *Rannsóknastefna og frumkvæði fræðimanna*. Þar gafst háskólakennurum sem og öðrum færi á að setja fram sínar skoðanir á helstu álitamálum sem varpað var upp í frumdrögum úttektarinnar. Niðurstöður umræðuhópa á þessu málþingi eru notaðar við frekari greiningu og til að skoða nánar eða staðfesta þær niðurstöður sem þá lágu fyrir.

Hér á eftir verða kynntar niðurstöður upplýsingaöflunar í háskólasamfélaginu; það sem kom fram í viðtalsrannsókn, í fyrirliggjandi vinnumatsgögnum og ritgerðum og í könnun meðal háskólakennara. Niðurstöður eru settar fram í þremur meginköflum. Í þeim fyrsta verður greint frá stöðu rannsakenda gagnvart helstu markhópum rannsóknanna, sem eru aðilar á vettvangi, stefnumótunaraðilar og vísindasamfélagið. Þar er m.a. fjallað um vinnuumhverfi háskólakennara og samstarf á sviðinu. Í öðrum kafla eru til umræðu helstu hindranir í rannsóknarvinnu háskólakennara og sá stuðningur sem háskólarnir leitast við að veita þeim. Í þriðja meginkaflanum er umfjöllunarefnið rannsóknartengt framhaldsnám í menntunarfræðum á Íslandi.

II. Staða rannsakenda gagnvart markhópum

Rannsóknir hafa mismunandi skírskotun til ólíkra hagsmunaaðila og rannsakendur staðsetja sig á ólíkan hátt gagnvart helstu markhópunum; vísindasamfélaginu, stefnumótunaraðilum og þeim sem starfa á vettvangi, t.d. fræðsluaðilum. Þó að margir fræðimenn leggi áherslu á að rannsóknir þeirra hafi víða skírskotun og kynni rannsóknir sínar fyrir þessum þremur meginmarkhópum er ljóst að áherslur þeirra og hugsjónir eru ólíkar og að þeir skilgreina skyldur sínar á ólíkan hátt. Allir vildu þó viðmælendur vinna að þekkingarsköp-

⁶ Unnt var að nálgast upplýsingar um 18 doktorsritgerðir í gegnum Gegni. Um er að ræða nemendur sem lokið hafa námi frá erlendum skólum en ekki er vitað hver heildarfjöldi þeirra sem hafa útskrifast á undanförunum árum með doktorspróf er. Þar sem þessi verkefni voru fá voru þau ekki greind eftir sviðum. Helmingur þessara verkefna eru enn fremur doktorsverkefni núverandi starfsmanna KHÍ, HA og HÍ og hefur því verið gerð grein fyrir þeim undir verkum fræðimanna skólanna.

un og trúa því að með henni sé samfélaginu gert gagn á einhvern hátt: „Ég held að það ... hljóti að vera markmiðið, á öllum sviðum lítum við til háskólans til að bæta málin, hvort sem það er á sviði félagsráðgjafar, sálfræðipækkingar eða hvers sem er.“

II. 1. Hagnýtar rannsóknir og grunnrannsóknir

Þegar fjallað er um stöðu rannsakenda gagnvart vettvangnum vaknar sú spurning hvort fræðimenn séu að vinna hagnýtar rannsóknir sem nýtast fræðsluaðilum, foreldrum og öðrum á vettvangnum eða grunnrannsóknir sem eru kannski fyrst og fremst hugsaðar fyrir vísindasamfélagið. Í könnun meðal háskólakennara kemur fram að svipaður fjöldi verkefna háskólakennara telst til hagnýtra rannsókna og grunnrannsókna (tafla 4). Svipaður fjöldi verkefna telst til mats/úttekta, yfirlitsgreina og þróunar- og nýbreytnistarfs. Ef teknir eru saman þeir flokkar sem telja má hagnýta (hagnýtar rannsóknir, mat eða úttekt, þróunar- eða nýbreytnistarf, þjónusta eða ráðgjöf) má sjá að meira en helmingur verkefna er sagður vera hagnýtur.

Tafla 4. Skilgreining háskólakennara á rannsóknnum samkvæmt eðli rannsókna

	Fjöldi	Hlutfall svara %	Hlutfall birtinga % *
Grunnrannsókn	222	31	36
Hagnýt rannsókn	189	26	31
Mat eða úttekt	100	14	16
Þróunar- og nýbreytnistarf	80	11	13
Þjónusta eða ráðgjöf	37	5	6
Yfirlitsgrein	95	13	16
Alls	723	100%	118%

* Svarendur gátu merkt við fleiri en einn svarmöguleika. Heildarhlutfall birtinga/tilvika er því hærra en 100%.

Fleiri fræðimenn í HÍ og HA telja rannsóknir sínar til grunnrannsókna heldur en í KHÍ þar sem þeir skilgreina rannsóknir sínar fremur sem hagnýtar rannsóknir eða um er að ræða mat eða úttekt. Minna er um mat eða úttektir við HÍ en við KHÍ eða HA (tafla 5). Af heildarhlutfallstölum má enn fremur sjá að fræðimenn við HA höfðu meiri tilhneigingu til að skilgreina rannsóknir sínar í fleiri en einn flokk en svarendur í KHÍ og HÍ.

Tafla 5. Skilgreining háskólakennara á rannsóknnum greint eftir háskólum

	Hlutfall birtinga * KHÍ %	Hlutfall birtinga HÍ %	Hlutfall birtinga HA %
Grunnrannsókn	28	46	51
Hagnýt rannsókn	32	26	33
Mat eða úttekt	20	7	14
Þróunar- og nýbreytnistarf	14	11	13
Þjónusta eða ráðgjöf	7	5	6
Yfirlitsgrein	15	16	16
Alls	116%	110%	133%

* Svarendur gátu merkt við fleiri en einn svarmöguleika. Heildarhlutfall birtinga/tilvika er því hærra en 100%.

Í viðtölum voru flestir þeirrar skoðunar að ekki sé auðvelt að greina á milli hagnýtra og grunnrannsókna, ekki síst í menntarannsóknnum: „... þetta eru grunnrannsóknir en þegar þú ert að vinna í menntarannsóknnum þá er það alltaf „relevant“... geta haft praktíska skírskotun.“ Annar sagði:


Eftir því sem ég þekki til þá er bilið á milli svokallaðra hagnýtra og grunnrannsókna miklu minna í þessum geira heldur en til dæmis víða í náttúruvísindunum og ef þú ert að rannsaka líftíma atómagna þá er óvíst hvenær það mun nýtast. En aftur á móti ef þú ert að rannsaka þróun skólustarfs eða slíkt sem flokkast sem grunnrannsókn sem hægt er að snúa yfir í eitthvað gagnlegt eða vekjandi þannig að ég held að sérstaklega í þessum geira eigi að gera mjög lítið úr þessum mun. ... Munurinn sem heppilegra er að undirstrika er á vönduðum rannsóknnum og minna vönduðum.

Einnig var bent á að hagnýtingin geti verið óbein. Hún getur falist í því að þekkja tiltekið svið betur og einnig eru rannsóknir notaðar við kennslu. „Hagnýtingin felst oft í því hjá mér að nota í kennslu og það er þá oft óbeina afurðin, ekki niðurstöðurnar sjálfar í raun.“ Hagnýting rannsókna fer þannig ekki endilega eftir því hvernig rannsóknir eru skilgreindar, heldur ekki síður eftir því hvernig tekst til að dreifa þeim og kynna á vettvangnum:

Ég hef haldið því fram að það ætti að gera miklu meiri kröfur til okkar sem fagmanna á vegum samfélagsins um að segja hvaða sýn við höfum á umhverfi okkar í ljósi rannsókna okkar. Það er allt annað en að segja að rannsóknir mínar séu hagnýtar í bókstaflegum skilningi.

Í könnuninni meðal háskólakennara voru þeir m.a. spurðir hver væri helsti markhópur þeirra. Mynd 1 sýnir hlutfall svara/flokkana. Birtingar reyndust í þriðjungi tilvika vera hugsaðar fyrir vísindasamfélagið sem markhópur, þriðjungur fyrir iðkendur og fjórðungur fyrir stefnumótunaraðila. Annar markhópur var nefndur í 4% tilvika.

Mynd 1. Markhópur rannsakenda í birtingum



Fræðimenn við HÍ telja vísindasamfélagið fremur vera sinn helsta markhópur heldur en fræðimenn við HA og KHÍ og birtingar hjá KHÍ eru fremur stílaðar á stefnumótunaraðila en hjá HÍ og HA (tafla 6). Einnig má sjá að fleiri birtingar hjá HA og KHÍ eru hugsaðar fyrir iðkendur á vettvangi (kennara, foreldra o.fl.) í sam- anburði við birtingar hjá HÍ.

Tafla 6. Markhópar birtinga greindir eftir háskólum

	Hlutfall birtinga KHÍ %	Hlutfall birtinga HÍ %	Hlutfall birtinga HA %	Hlutfall birtinga* Allir %
Fyrir vísindasamfélagið	49	73	69	58
Fyrir stefnumótunaraðila	48	41	36	44
Fyrir iðkendur	64	49	67	61
Fyrir aðra/almenning	8	9	2	7
Alls	169%	172%	174%	171%

* Í mörgum tilvikum voru verkefni talin hafa fleiri en einn markhópur. Heildarhlutfall tilvika/birtinga er því hærra en 100%.

Næst verður greint frá því hvernig rannsakendur skilgreina stöðu sína gagnvart hverjum þessum helstu þremur markhópum sem sýndir eru á myndinni hér að framan.

II. 2. Vettvangurinn

Það var almenn skoðun aðspurðra að fræðimenn kynntu rannsóknir sínar ekki nægilega fyrir þeim aðilum sem starfa á vettvangi:

Nei, ég er sannfærður um að svo sé ekki og ég held að ein ástæðan fyrir því sé sú að við sem stundum þær stillum ekki nægilega vel inn á ólíka áheyrndahópa og séum ekki nægilega tilbúnir til þess að búa okkar niðurstöður í þann búning að þeir geti gert sér mat úr þeim.

Því kom nokkuð á óvart að samkvæmt spurningalistakönnun meðal háskólakennara er rúmlega þriðjungur rannsókna þeirra m.a. hugsaður fyrir iðkendur sem markhóp en miðað við umfjöllun háskólakennara í viðtölum um málefnið mætti ætla að færri verkefni væru hugsuð fyrir iðkendur.

Á hinn bóginn kom fram hjá fulltrúum þeirra sem sjá mikið um kennaramenntun að þeir töldu stofnunina í heild í ágætum tengslum við skólana, bæði í gegnum vettvangsnám, málþing, útgáfumál, símenntun, ráðgjöf og þjónusturannsóknir. Þannig er hluti fræðimanna við háskólana í nálægð við starfsfólk á vettvangnum, ekki síst þeir kennarar sem koma á einhvern hátt að vettvangsnámi. Þessir fræðimenn vinna gjarnan að þróunarstörfum í samstarfi við skólana, gera námsefni sem þeir sjá að þörf er á og eru iðnir við að kynna niðurstöður sínar fyrir vettvangnum. Einn þessara fræðimanna sagði: „Ég bara vil að allt sem ég geri nýtist og að ég sé að tengja þetta við sviðið úti á vettvangi.“ Eftirfarandi orð rektors KHÍ lýsa mikilvægi tengsla fræðimanna sem starfa við kennaramenntun við aðila sem starfa á vettvangi:

Innri styrkur svona stofnunar og hvernig hún birtist samfélaginu er gríðarlega þýðingamikið atriði og þetta snertir líka stöðu kennarastéttanna ... Því sterkari sem þessi stofnun er því betri er ímyndin og þeim mun meiri virðingar njóta þessi störf sem við erum að mennta fólk til. Þannig finnst mér að menn eigi að einhenda sér í þetta af alefli að byggja upp þessi tengsl enn frekar og hafa miklu nánara samstarf við aðila á vettvangnum bæði í gegnum fagfélög, stéttarfélög og stofnanir og við stéttirnar sjálfar og starfsfólkið.

II. 2. 1. Er það skylda fræðimannsins að dreifa þekkingu til vettvangsins?

Ólíkar skoðanir komu fram hjá viðmælendum varðandi það hvort fræðimönnum bæri skylda til að kynna rannsóknarniðurstöður sínar til þeirra sem starfa á vettvangi. Segja má að öllum finnst jákvætt og æskilegt að sinna vettvangnum en hins vegar er ekki ljóst hvort fræðimönnum beri beinlínis skylda til þess. Því er ekki ljóst hvar ábyrgðin eða skyldan liggur eins og orð þessa stjórnanda við einn háskólann endurspeglar:

Ég tel að það sé alveg sama hvort það er fyrir grunnrannsóknir eða hagnýtar, að honum [rannsakanda] ber skylda að segja frá því og koma því út í samfélagið og opna umræðu. ...Við verðum að birta okkar rannsóknir fyrir þá sem eru að vinna á vettvangi, hvort sem það heita sálfræðingar, kennarar eða þroskaþjálfarar o.s.frv. ... Þá kemur spurningin hvað er hún mikilvæg þessi skylda? Er hún það mikilvæg að okkur beri skylda til að „presentera“ niðurstöðu okkar á tungumáli fólksins á vettvangi eða getum við leyft okkur að „presentera“ hana í vísindasamfélaginu eins og gert er þar við „kollega“ okkar?

Þrátt fyrir að það sé e.t.v. ekki ljóst hver sé skylda fræðimanna í þessum efnum er ljóst að sumum finnst þeim renna blóðið til skyldunnar og leggja því mikla áherslu á mikilvægi þess að kynna rannsóknir sínar fyrir sem flestum á vettvangi. Þannig unnu margir viðmælenda starf sitt af mikilli hugsjón því misjafnt var að hve miklu leyti þeir fengu verk sín metin til launa eða framgangs:

Mér finnst þetta sjálfri mjög mikilvægt, það er til þess sem ég er héra ... það er svo mikilvægt að fá þetta út. Það má ekki loka þetta inni í einhverjum flabeinsturni. Ég segi helst ekki nei ef ég er beðin um að halda erindi einhvers staðar fyrir stéttarfélög eða stjórnmalaflokka ... því mér finnst það svo mikilvægt.

Það er mikið leitað til mín sem fræðimanns á þessu sviði að mennta þessa einstaklinga [á vettvangi] og ég hef töluvert mikið gert af því undanfarin ár. Það heldur sjálfri mér gangandi. ... Hingað til hef ég ekki sagt nei við þessu. Þetta er auðvitað mikil vinna en ég hef fengið mjög mikið út úr þessu enda finnur maður hvað þörfin er mikil.

Sumir fræðimenn skilgreindu skyldu sína fyrst og fremst út frá því að dreifa þekkingu sinni til vísindasamfélagsins og að þeir gætu þannig ekki borið ábyrgð á því hvort hún bærist til aðila á vettvangnum. Eftirfarandi tilvitnun endurspeglar hversu fræðimenn skilgreina skyldur sínar á ólíkan hátt:

Mér finnst skipta máli að koma þessu á framfæri á viðurkenndum fræðimannsvettvangi. Ég hef heyrt um að tímarit eins og *Uppeldi og menntun* sem er langvirtasta tímaritið [á Íslandi] á þessu sviði ... þá segja sumir að það sé svo

mikið vandamál að kennarar ráða ekki við þessar greinar og lesa þær ekki ... og ég sé það ekki alveg sem minn vanda.

Þannig grundvallast tengsl háskólastofnana við vettvanginn að mestu leyti á einstaklingnum og hans vilja og hugsjón. Þá er ljóst að framgangskerfi háskólakennara hefur einnig áhrif á hvernig þeir beina kröftum sínum í fræðistörfum.

II. 2. 2. Áhrif stigamatskerfis á hagnýtingu rannsókna

Á síðustu árum hafa HÍ, KHÍ og HA allir leitt inn svokallað stigamatskerfi sem er upprunalega þróað út frá prófessoramatinu. Árlega skila kennarar rannsóknarskýrslu og er árangur ársins metinn. Fastráðnir háskólakennarar hafa iðulega rannsóknarskyldu sem er á bilinu 40–43% af vinnuskyldu þeirra. Þessi grunnrannsóknarskylda er talin vera/gilda á bilinu 7–10 stig í vinnumatskerfi þeirra. Þeir kennarar sem fá umfram þann stigafjölda í árlegu mati fá úthlutað úr vinnumatsjóði í samræmi við rannsóknarvirkni. Þótt kerfið eigi að vera hlutlaust er ávallt rúm fyrir túlkanir á gæðum birtinga, sem hefur áhrif á stigagjöfina. Því er ekki endilega alltaf fullt samræmi á milli skólanna, né heldur innan þeirra. Úthlutunarreglur eru hins vegar nokkuð misjafnar eftir vettvangi. Árið 2003 fengu t.a.m. prófessorar um 20.000 kr. per stig úr ritlaunastjóði fyrir rannsóknir umfram skyldu, kennarar í HÍ um 14.000 kr. og kennarar í KHÍ um 6.000 kr. Meðalstigafjöldi háskólakennara á árunum 1999–2003 var á bilinu 24–32 stig í HÍ (í heild), um 12–15 stig í KHÍ og í kennara-deild HA var meðaltalið um 15–24 stig á þessu árabili. Hafa ber í huga að um 40% af fastráðnum kennurum við HÍ eru prófessorar en einungis 8–9% kennara við KHÍ eru prófessorar. Nokkrir prófessorar starfa við menntarannsóknir við HA.

Margir viðmælendur gagnrýndu þetta kerfi og sögðu það hafa heldur akademíska slagsíðu og meta ekki nægilega þróunarstarf, stjórnun og dreifingu þekkingar til samfélagsins. Kerfið virðist því virka letjandi í þá veru að dreifa þekkingu til kennara og annarra á vettvangi:

Mér finnst ég finna aðeins að það fer vaxandi að fólk er farið að velja þessu fyrir sér að flokka verkefni, láta þau ganga fyrir sem gefa eitthvað í stigamatinu og það er að hluta til vegna þess að launakerfið er lélegt. ... Það hefur mikið gildi að háskólarnir auki tengslin við samfélagið og almenning og það gera þeir með allskonar svona verkefnum en þau eru afskaplega lítils metin þannig að ég held að við þurfum svolítið að víkka rammann, ekki slaka á kröfum heldur víkka rammann.

Flestir viðmælendur voru þó sammála um að kerfið væri „*frekar vitlaust í smáatriðum en í heildina í lagi*“. Þannig var bent á að ákveðins misræmis gætti í hvað væri metið til stiga í þessu kerfi (A-liður stigamatskerfis). Hjá flestum fastráðnum háskólakennurum er starfið skilgreint þannig að 43% af þeirra starfsskyldu fara í rannsóknarvinnu, um 6% í stjórnun og 51% í kennslu. Prófessorar hafa minni kennsluskyldu (48%), meiri stjórnunarskyldu (12%) og 40% rannsóknarskyldu. Til að koma til móts við kennara í KHÍ sem eru ráðnir á grundvelli sérmenntunar t.d. í listum eða íþróttufræðum og stunda því ekki endilega menntarannsóknir (sbr. töflu 1) er listrænt starf og starf í þágu íþróttar (t.d. þjálfun, íþróttakeppni) skilgreint sérstaklega, undir A-lið um rannsóknir, í stigamatskerfinu. Ekki eru allir sáttir:

Mér finnst til dæmis ... rosalega langur liðurinn fyrir þá sem eru í listum hvað þeir fá viðurkennt af allskonar hlutum ... kannski bara af því ég er búin að vera svo ofboðslega mikið í stjórnun sem er nánast ekkert metin. Við fáum tíu stig á ári fyrir að stýra námsbraut og oft erum við að vinna verk sem eru heilmikil og stór en fáum ekkert sérstaklega fyrir.

Á sama tíma þykir það skjóta skökku við að dreifing þekkingar til vettvangsins, þ.e. til skóla eða foreldra, er lítt metin til stiga. Slík verkefni eru oft metin sem „þjónusta“ en ekki til framgangs nema gefin sé út skýrsla um verkefnið. Einn stjórnandi hafði um þetta að segja: „*Það er hér ákveðinn hópur kennara sem er eftirsóttur. „Viltu koma og tala við foreldra, viltu halda fræðsluerindi, viltu halda stutt námskeið.“ ... Og þau sinna þessum verkefnum af mikill alúð en þau gefa engin rannsóknarstig.*“ Að sama skapi þykir stigamatskerfið meta þróunarvinnu og námsefnisgerð að óverulegu leyti, og spurt var hvort það eigi við í stofnunum sem sjá um starfsmenntun kennara- og umönnunarstétta. Eftirfarandi tilvitnanir lýsa þessum viðhorfum vel:

Það er vanmetið. Segjum sem svo að tiltekinn fræðimaður sem hefur skrifað greinar um rannsóknir sínar og ætli svo að skrifa kennslubók fyrir kennara byggða á rannsóknum sínum. Þá er gerð kennslubókarinnar lítils metin því það er ekki rannsókn.

Ég hef verið að vinna ein í þróunarverkefnum ... á hvaða forsendum eiga þau að vera metin ef maður er t.d. verkfnisstjóri þróunarverkefnis í tvö, þrjú ár? Þú færð ekkert fyrir það fyrir en þú ert búin að skrifa skýrslu eða koma út grein eða eitthvað slíkt. Mér finnst alltof einhæft vísindalegt mat. ... Ætlum við að hafa áhrif á vettvanginn eða ætlum við að loka á vettvanginn?

Þannig má færa rök fyrir því að stigamatskerfið stuðli ekki að hagnýtingu rannsókna á vettvangnum meðal foreldra, kennara eða samfélagsins í heild. Þrátt fyrir þessa veikleika er vert að taka það fram aftur að aðspurðir fræðimenn voru almennt ánægðir með kerfið í heild, þ.e. telja að það sé nauðsynlegt að hafa einhvers konar stigamatskerfi sem hygji fólki sem vinni ötullega að rannsóknum og ennfremur kerfi sem virkar rannsóknarhvetjandi.

II. 3. Stefnumótunaraðilar

Eins og að framan greinir eru 44% birtra verkefna háskólakennara m.a. hugsuð fyrir stefnumótunaraðila. Aðspurðir voru fræðimenn hins vegar á einu máli um að ekki væru nægileg tengsl á milli rannsakenda og stefnumótunaraðila, bæði í ráðuneyti menntamála og á sveitarstjórnarstigi. Slík tengsl eru almennt talin fremur tilviljanakennd og byggjast á persónulegum tengslum fræðimanna við aðila innan stjórnsýslunnar. Margir töldu einnig að þar sem þeir væru ekki í ráðandi stjórnmalaflokkum hefðu núverandi stjórnendur minna samband við þá en ella. Þá var bent á að ekki væri neinn aðili innan menntamálaráðuneytisins með sérþekkingu í leikskólanámi og þótti það vera lýsandi fyrir þekkingar- eða skilningsleysi ráðuneytisins á menntamálum á leikskólastigi.

II. 3. 1. Vantar samráðsvettvang?

Hvorki er til formlegur samráðsvettvangur stefnumótunaraðila í menntamálum og fræðimanna á sviðinu né heldur ráðuneytis og sveitarfélaga. Að sama skapi hafa stofnanir sem vinna að rannsóknum almennt ekki verið í formlegu samstarfi við háskólana. Þó er unnið að afmörkuðum en sameiginlegum verkefnum með HÍ, KHÍ og HA og ljóst af viðmælendum að allir höfðu hug á að auka veg slíks samstarfs.

Þá var því velt upp hvort ráðuneyti leiti nægilega til fræðimanna um þekkingu og hvort fræðimenn leggi nægilega áherslu á að kynna rannsóknir sínar fyrir stefnumótunaraðilum. Einn fræðimaðurinn hafði þetta um málið að segja:

Ég hef á tilfinningunni að mjög margir í menntamálaráðuneytinu hafi ekki hugmynd um þær rannsóknir sem þó hafa verið gerðar um þau efni sem þeir eru að fást við og á þessu eru auðvitað undantekningar. Það helgast af því að þeir hafa hreinlega ekki tíma til að setja sig inn í fræðilegar ritgerðir né að draga af þeim ályktanir. ... Það væri miklu eðlilegra að þeir kölluðu okkur á sérstakan viðræðufund eða fengu sérstakar greinargerðir svo þeir sæju hvaða lærdóm þeir gætu dregið af þessum rannsóknum sem við höfum unnið að mánuðum saman. Þannig að mér finnst vanta einhvern svona vettvang. Þessu hefur verið tekið vel í ráðuneytinu en ekkert orðið úr því enn.

Þrátt fyrir að ekki sé til formlegur vettvangur stefnumótunaraðila og fræðimanna leitar menntamálaráðuneytið til fræðimanna, aðila með menntun á sviðinu í ráðuneytum og nefnda svo dæmi sé tekið um þekkingarlegt samráð. T.d. má taka dæmi af endurskoðun aðalnámskrár 1996–1999 þar sem nokkrir fræðimenn úr háskólum voru formenn undirbúningshópa (1996–1998) eða tóku þátt í starfshópum (1998–1999). Þó að slíkt samráð sé fyrir hendi er ekki þar með sagt að ákvarðanir byggist á rannsóknum í nægilegum mæli og telja bæði fræðimenn og aðilar menntamálaráðuneytis að talsvert vanti upp á. Þetta sjónarmið kom fram hjá fulltrúa menntamálaráðuneytis á fundi stýrihóps (17.3. 04) og taldi hann að ráðuneytið þyrfti að stuðla að fleiri rannsóknum á sviði menntamála til að undirbygja stefnumótun í ríkari mæli.

Að sama skapi kom fram hjá fulltrúa Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur að stefnumótunarvinna hafi ekki verið undirbyggð með rannsóknum fræðimanna í háskólasamfélaginu heldur fremur með sérsniðnum rannsóknum sem Fræðslumiðstöð stendur sjálf að.⁷ Þá kom fram í máli manna að almennt séu bæði fræðimenn og stefnumótunaraðilar sifjellt að verða meira meðvitaðir um að auka tengslin svo ákvörðunartöku megi byggja í ríkari mæli á rannsóknum. Hvort ákvarðanir eru teknar af hálfu stefnumótunaraðila á grundvelli rannsókna tengist óhjákvæmilega því hvort menntamálaráðuneytið setji fjármagn í þær rannsóknir sem taldar eru nauðsynlegar:

⁷ Ingibjörg Kaldalóns og Allyson Macdonald (2005b). Athugun 2. Stofnanatengdar menntarannsóknir. Úttekt á rannsóknum á sviði fræðslu- og menntamála. Rannís og menntamálaráðuneytið. Maí 2005.

Ég held að ráðuneytið ætti að gera meira af því að segja: „Nú ætlum við að fara að taka á þessum vettvangi eða þessu máli og það fyrsta sem við gerum er að leita að upplýsingum eða rannsóknum.“... Þeir hafa takmarkað fé en ég held að menn ættu að ákveða að gera meira af þessu.

Bent hefur verið á að almennt tíðkist að atvinnulífið kosti rannsóknir á viðkomandi sviði. Í tilviki menntamála eru það stjórnvöld, þ.e. menntamálaráðuneytið, sem eru í hlutverki atvinnulífsins eða atvinnurekanda menntamála:

Í tilviki menntamála þá eru stjórnvöld faktískt atvinnulífið en það hefur skort á að menntamálaráðuneytið líti á sig sem slíkt. Það hefur litið á sig sem ráðuneyti vísindamála, en ekki sem atvinnuveitanda í menntamálum sem bæri að kosta rannsóknir á sviðinu.

II. 3. 2. Hlutlaus vísindi og stefnumótun?

Spyrja má hvort aðilar innan háskólasamfélagsins eigi að sinna þeim rannsóknum sem ráðuneytið telur að þurfi að gera til að undirbyggja stefnumótun eða hvort það brjóti á einhvern hátt í bága við akademískt frelsi eða hlutleysi vísindanna, hvort stefnumótunaraðilar eigi þá alfarið sjálfir að standa að þeim rannsóknum sem þeir telja að þörf sé á, t.d. í gegnum eigin rannsóknarstofnanir eða á annan hátt. Meðal fræðimanna komu fram tvær skoðanir á þessu máli. Annars vegar sú skoðun að stefnumótunarvinna stjórnvalda þurfi að vera alfarið óháð vísindasamfélaginu eins og þessi tilvitnun sýnir:

Auðvitað verður ráðuneytið að vera með rannsóknir eins og á samræmdum prófum, vera með rannsóknir á sínu kerfi og bara kosta það. ... Ég held að það sé vandi í því falinn, ef kerfið er að setja pening í og segja „rannsak-
aðu þetta“ að þá er hætt á að það verði Sovét-tónn yfir því.

Hins vegar var það ríkjandi skoðun flestra viðmælenda að það væri í reynd ekkert því til fyrirstöðu að hafi stjórnvöld áhuga á því að tiltekin mál séu rannsökuð þá ætti að bjóða styrki til þeirra verkefna. Slíkt væri á engan hátt takmarkandi fyrir rannsóknarfrelsi fræðimanna. Eftirfarandi tilvitnun lýsir þessari skoðun:

Stjórnvöld eiga að hafa áhuga á því að tiltekin mál séu rannsökuð og þá eiga þau bara að bjóða fram styrki til þess og ég veit að það er stundum gert. ... Þetta á samt ekkert að ganga út yfir fé sem á að fara út til frjálsra rannsókna því þær verða að vera. ... Þegar stjórnvöld gerðu t.d. áætlun um uppbyggingu eflingar fullorðinsfræðslu þá hefði til dæmis verið eðlilegt að setja upp stöðu [við háskóla] í fullorðinsfræðslu og setja svo í það fé til rannsókna. ... Það hefði verið eðlilegur hluti af slíku átaki og þá voru stjórnvöld voða hikandi og taldi þau vera einhvern veginn að fara bakdyraleiðina inn í háskólakerfið. ... Að auglýsa starf á ákveðnu sviði og láta svo af stjórn, mér finnst fullkomin heilindi í því.

II. 4. Háskólasamfélagið

Rannsókn- og nýbreytnistarf er stundum sagt vera þriggja þrepa; undirbúningur, framkvæmd og birting.⁸ Á öllum þrepum er gagnrýnin umræða brýn og í þessum kafla verður leitast við að varpa ljósi á hvort við-eigandi umræða fari fram á hverju þrepi. Í undirbúningsferli rannsóknarvinnu fræðimanna felst m.a. efnisval og verður það skoðað sérstaklega. Þó er ekki hægt að fjalla um val á viðfangsefnum rannsókna í vísindasamfélaginu nema í ljósi hins ríkjandi akademíska frelsis og velt er upp hvort hreyfa beri við því. Þá verður fjallað um samstarf í rannsóknum og jafningjarýni og að lokum á hvaða formi fræðimenn birta rannsóknir sínar.

II. 4. 1. Akademískt frelsi

Þegar spurt er um efnisval í rannsóknum kemur hið ríkjandi akademíska frelsi fyrst upp í huga viðmælenda. Gunnar Karlsson (2004) sagnfræðingur hefur ritað um akademískt frelsi og segir það m.a. fela í sér að akademískir háskólastarfsmenn eigi að ráða:⁹

- hvað þeir kenna og hvernig
- hvað þeir rannsaka og hvernig
- hvort og hvernig þeir miðla fræðslu til almennings
- hvort og hvernig þeir veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar

⁸ Bassegy, M. (1995). *Creating education through research. A global perspective of educational research for the 21st century*. Kirlington Moor Press in conjunction with the British Educational Research Association.

⁹ Gunnar Karlsson (2004). Hvað er akademískt frelsi? <http://www.hi.is/Fel/FH/professorar/gunnar-karlsson.html>

Velta má fyrir sér hversu víðtækt þetta akademíska frelsi er í reynd og hvort því beri að setja einhver takmörk t.d. af stjórnvöldum eða stjórnendum háskólanna. Um það eru menn ekki sammála. Einn fræðimaður sagðist einfaldlega ekki vera hlynntur akademísku frelsi. Aðrir lýsa því sem grundvelli vísindastarfs sem ekki megi hnika við.

Eftirlit með rannsóknarvirkni

Akademískt frelsi fól framan af í sér að lítið eftirlit var haft með fræðistörfum háskólakennara. Fyrir 15–20 árum var farið fram á það við alla háskólakennara að skila inn rannsóknarskýrslum árlega þar sem þeir skyldu gera grein fyrir störfum sínum. Í framhaldi af því var stigamatskerfið þróað til umbunar þeim sem voru virkir í rannsóknnum og til að auka rannsóknarvirkni kennara. Þannig varð ákveðið eftirlit innbyggt í vinnumat kennara. Laun háskólakennara eru tengd fjölda og eðli birtinga og þeir fá framgang að tilskildum ákveðnum stigafjölda úr vinnumati.

Í ljósi þess hve stutt er síðan hluti starfsmanna KHÍ starfaði á framhaldsskólastigi höfðu sumir viðmælenda við stofnunina nokkrar áhyggjur af almennri rannsóknarvirkni kennara skólans. „Hér er þetta þannig að hluti fólks er ágætlega virkur, margir þokkalega virkir en allt of stór hópur óvirkur. Fólk er bara ekki að uppfylla sína rannsóknarskyldu.“ Þeir töldu ennfremur nauðsynlegt að skólinn beitti sér í ríkari mæli í eftirliti með rannsóknarvirkni starfsfólks. Það mætti m.a. gera með því að auka sveigjanleika í samningum stofnunarinnar við starfsmenn, t.d. með því að gera samninga við fræðimenn. Sumir gætu þá „keypt sig út úr rannsóknarskyldu“, eða minnkað hana og virkari rannsakendur gert samninga um aukið hlutfall til rannsókna svo dæmi sé tekið:

Það þarf að vera meiri sveigjanleiki. Það er margt sem kemur til greina fyrir utan hefðbundna kennslu og rannsóknir. Það geta verið einhver verkefni sem menn eru fengnir til að vinna fyrir stofnunina, eða að sinna þjónusturannsóknnum svo það er margt sem kemur til greina. ... Háskólinn sem er að sinna sínu í samtímanum þarf miklu meiri sveigjanleika.

Rannsóknarfrælsi

Þegar gögn úr vinnumatssjóði frá árunum 1998–2002 voru skoðuð kom í ljós að 38% birtra rita fræðimanna við Kennaraháskóla Íslands, kennaradeild HA og félagsvísindadeild HÍ teljast ekki vera á sviði menntarannsóknna miðað við þá skilgreiningu sem gengið var út frá í úttektinni. Tafla 7 sýnir annars vegar hlutfall menntarannsóknna innan hvers skóla og hins vegar hvernig hlutfall menntarannsóknna skiptist á milli háskólanna þriggja.

Tafla 7. Birtingar á sviði menntamála eftir háskólum 1998–2002

	Fjöldi birtinga *	Fjöldi menntarannsóknna	Hlutfall menntarannsóknna í hverjum skóla %	Hlutfall menntarannsóknna milli skóla %
Kennaraháskóli Íslands	1643	1284	78	53
Félagsvísindadeild HÍ	1813	804	44	34
Kennaradeild HA	418	315	75	13
Alls	3874	2403	197%	100%

* Að teknu tilliti til fjölda birtinga sem á ekki við og ekki er vitað hvort um menntarannsókn er að ræða eða ekki.

Um fimmtungur birtinga hjá KHÍ telst ekki vera menntarannsóknir og um fjórðungur verkefna hjá HA flokkast ekki sem slíkar. Í HÍ er hins vegar yfir helmingur birtinga ekki á sviði menntarannsóknna enda var til skoðunar öll félagsvísindadeild en ekki einungis uppeldis- og menntunarfræðiskor. Af þeim birtingum sem teljast til menntarannsóknna er ríflega helmingur kominn frá KHÍ. Þriðjungur menntarannsóknna er unninn við félagsvísindadeild HÍ og rúmlega 13% birtinga eru frá kennaradeild HA.

Viðmælendur voru spurðir hvort þeir teldu koma til greina að þeir háskólar sem ynnu að kennaramenntun og menntunarfræðum myndu vinna eftir rannsóknarstefnu í menntamálum eða að fræðimönnum væri gert að vinna að ákveðnum sviðum þar sem skortir þekkingu. Nokkrir viðmælendur sögðust alfarið á móti nokkurri stýringu á því hvaða efni fræðimenn tækju að sér að sinna í rannsóknnum. Fræðimaður við HÍ taldi t.d. að í reynd væru svo fáir sem ekki sinntu tilheyrandi sviði að það væri ekki þess virði að hefta val annarra

fræðimanna á grundvelli þeirra. „*Almennt er fólk á þeirri línu [efnislega] sem er gert ráð fyrir að það sé og frávikin frá því eru ekkert svo mörg og ég held að þetta frelsi fólks til rannsókna sé svo dýrmætt að það eigi ekki undir nokkrum kringumstæðum að skerða það.*“

Það sjónarhorn kom einnig fram að ef skólarnir ætluðu að hafa áhrif á efnisval á einhvern hátt þyrfti að gera það í gegnum ráðningar en ekki eftir að fólk er komið til starfa sem fræðifólk við háskólastofnun:

Ég hugsa að við séum hér nokkur sem erum fullkomlega andvíg því að það verði farið að stjórna því. ... Skólarnir eiga að gera þetta [stjórna] í gegnum ráðningarnar ef þeir ætla að ráða. ... Það á að ráða fólk með hliðsjón af því hvað þeir ætla að gera ... þeir eiga ekki að stjórna þessu eftir að fólk er komið inn.

Annar fræðimaður tók í sama streng og gat ekki séð fyrir sér að vinna eftir ákveðinni rannsóknarstefnu þar sem hefðin fyrir hinu akademíska frelsi væri sterk. Einnig væri það sumpart hlutverk fræðimanna að gagnrýna ríkjandi kerfi og því væri nauðsynlegt að þeir virkuðu ekki sem „*handbendi stjórnvalda*“. Á hinn bóginn þyrftu stjórnvöld sjálf að hafa frumkvæði að og fjármagna þær rannsóknir sem þau teldu nauðsynlegt að sinna fyrir stefnumótun:

Ég held að enginn vilji fórna þessu akademíska frelsi ... allir vilja vera svolitlir kóngar í sínu ríki, mínar rannsóknir undir mínum hatti og slíkt. Fyrir mér yrði það svolitíð skrítið að fá skammtað verkefni og það er einhvern veginn innbyggt í okkur hér. ... Mín tilgangur er líka m.a. að gagnrýna kerfið ... og ég sé mig engan veginn sem handbendi kerfisins.

Rannsóknarstefna

Eins og áður sagði voru viðmælendur ekki sammála þeirri hugmynd hvort vinna ætti að sérstakri rannsóknarstefnu á sviði menntarannsókna. Samkvæmt samningi milli menntamálaráðuneytis og KHÍ um kennslu og rannsóknir (mars 2004) segir m.a.: „*KHÍ mun beita sér fyrir auknum rannsóknum á vettvangi kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar m.a. til að styðja betur við stefnumörkun ríkis og sveitarfélaga varðandi þessa mikilvægu málaflokka.*“ Þannig hefur það verið skjalfest að Kennaraháskólanum beri skylda til að sinna rannsóknum á ákveðnu sviði. Rektor KHÍ sagði um þetta:

Efnisval í rannsóknum kemur inn á akademíska frelsið og út frá hvaða forsendum rannsóknir eru gerðar. Á bara að gera rannsóknir sem fylla upp í eitthvert þekkingargap sem einhver kennari sér eða hefur áhuga á eða á hann að hafa í huga að einhver geti notað þetta? Við hljótum sem fagstéttaháskóli ... að bera meiri skyldu til þess að styðja við rannsóknir á sviði kennslu, umönnunar og þjálfunar heldur en rannsóknir á öðru sviði, með fullri virðingu fyrir þeim. ... Háskóli Íslands er breiðari skóli en það er sama sagan þar. Á t.d. að leyfa einhverjum í lögfræðideild að fara í bókmenntarannsóknir?

Eftirfarandi fræðimaður við KHÍ var mjög afgerandi í viðhorfum sínum til hins akademíska frelsis og taldi rannsóknarfrelsi kennara við skólann vera of rúmt:

KHÍ er miðstöð uppeldismenntunar, umönnunar, kennslu og rannsókna en hér eru rannsóknir skilgreindar með mjög opnum hætti að ekki sé meira sagt. Þannig að úr okkar takmörkuðu rannsóknarsjóðum er verið að veita styrki til annarra sviða. ... Ég er þeirrar skoðunar að kennarar við KHÍ eigi að finna það hjá sér, finna skylduna kalla, og fást við rannsóknir á sviði skólans en þeir sem eru í rannsóknum á öðrum sviðum benda á hið akademíska frelsi. ... Ég vil að skólinn hafi rannsóknarstefnu og að skólinn setji ákveðin rannsóknarverkefni á oddinn. ... Ég er ekkert sérstaklega hlynntur þessu akademíska frelsi, svo að við höfum það bara einfalt. ... Við erum með t.d. ofboðslega vaskan hóp af íslenskumönnum en það eru allt of fáir í þessum hópi sem hafa lagt sig eftir móturmálskennslu og umbótum þar. ... Í öflugum kennaraháskóla ættu að vera nokkrir einstaklingar eða teymi sem eru að vinna með kennurum að umbótum í móturmálskennslu á einhverju heildrænu plani.

Fulltrúar skólaskrifstofa taka undir að það verður með einhverjum hætti að stýra rannsóknum fræðimanna þannig að rannsóknir þeirra sé hægt að hagnýta að meira marki en nú er, ekki síst þar sem fjármagn til rannsókna er takmarkað.¹⁰

Óbein stýring gegnum sjóði

Mörgum viðmælendum fannst athugunarvert hversu stór hluti fræðimanna við kennaramenntunarstofnanir

¹⁰ Ingibjörg Kaldalóns og Allyson Macdonald (2005b). Athugun 2. Stofnanatengdar menntarannsóknir. Úttekt á rannsóknum á sviði fræðslu- og menntamála. Rannís og menntamálaráðuneytið. Maí 2005.

sinnti rannsóknum sem væru ekki tengdar menntarannsóknum. Því töldu margir viðmælendur, ekki síst við KHÍ, að stýra mætti rannsóknum fræðimanna á óbeinan hátt, t.d. í gegnum styrktarsjóði skólanna. Þannig mætti t.d. styrkja fremur verkefni á tilteknu sviði heldur en önnur:

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það sé til vansa að yfirvöld í þessum skólum eða jafnvel í ráðuneytinu séu svo feimin að taka ákvarðanir um þessa sjóði. Það er hægt að segja sem svo: „Við setjum þetta í forgang næstu þrjú árin, þeir sem hafa áhuga á að rannsaka það þeir fá frekar styrk en aðrir.“ Frá mínum bæjardryrum séð er þetta engin skerðing á rannsóknarfrelsinu. Við erum ráðin á þeim forsendum að annar helmingur okkar vinnu er í kennslu og hinn í rannsóknum. ... Þú getur eftir sem áður gert þær rannsóknir sem þú vilt. Það er ekki verið að skerða launin þín þó að þú fengir kannski ekki peninga í þau verkefni sem þú vildir gera.

Tafla 8. Flokkun birtinga í rannsóknarsvið 1998–2002

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall birtinga *
Nám og þroski	58	6,6	6,2
Nám og skynjun	17	1,9	2,4
Prosa- og persónuleikasálfræði	41	4,7	5,8
Líkamlegt og andlegt atgervi	97	11,1	13,6
Sérkennsla f. börn með þroskahömlun, fötlunarfræði	40	4,6	5,6
Námsráðgjöf	9	1,0	1,3
Aðrar rannsóknir á heilsu og velferð	47	5,4	6,6
Sérkennsla f. bráðger börn	1	0,1	0,1
Menntakerfi	366	41,7	51,6
Almenn kennslufræði, skólakerfið, skólaþróun	240	27,3	33,9
Félags- og heimspekileg sjónarhorn	98	11,2	13,8
Námskrá/formgerð	28	3,2	3,9
Faggreinar í skólum	125	14,8	18,4
Íslenska (lestur meðtalinn)	31	3,5	4,4
Erlend tungumál	10	1,1	1,4
Stærðfræði	12	1,4	1,7
Náttúrufræði og raungreinar	10	1,1	1,4
Samfélagsgreinar	49	5,6	6,9
Listgreinar	3	0,3	0,4
Íþróttir og heilsufræði	-	-	-
Upplýsinga- og samskiptatækni	6	0,7	0,8
Starfsmenntun og iðngreinar	-	-	-
Aðrar greinar	4	1,1	1,4
Samfélagið	148	16,9	20,9
Félagslegt umhverfi	78	8,9	11,0
Félagsleg vandamál	59	6,7	8,3
Lýðfræði, menning og trú	11	1,3	1,6
Stjórnsýsla og atvinnulífið	12	1,3	1,7
Stjórnsýsla og stjórn málafræði	2	0,2	0,3
Hagfræði og fjármál	3	0,3	0,4
Atvinnulífið	7	0,8	1,0
Rannsóknir á upplýsinga- og samskiptatækni			
(þ.m.t. fjarkennsla)	33	3,8	4,7
Aðferðafræði rannsókna	29	3,3	5,4
Vísindaheimspeki og kenningar	10	1,1	2,7
Próffræði, aðferðir, mælitæki og greiningar	19	2,2	2,7
Rannsóknir á aðstöðu og búnaði	4	0,5	0,6
Alls	878	100%	124%

* Samanlagður fjöldi í töflu 8 er hærri en heildarfjöldi svarenda. Það skýrist af því að í sumum tilvikum eru verkefni flokkuð á fleiri en einn veg.

II. 4. 2. Rannsóknarsvið

Í spurningalistakönnun flokkuðu fræðimenn birtingar sínar eftir rannsóknarsviði, skólastigum og aðferðafræði. Þá var efnisval rannsakenda rætt í ljósi hins akademíska frelsis sem er ríkjandi í vísindasamfélaginu.

Flokkun rannsókna

Í rúmlega helmingi birtinga í þessari könnun er rannsóknarsviðið menntakerfið (52%, tafla 8). Einnig er nokkur hluti um faggreinar í skólum (18%) og félagsfræði menntunar (21%).

Í töflu 9 eru meginrannsóknarsvið greind eftir háskólum. Í HA og KHÍ eru fleiri rannsóknir á menntakerfinu sjálfu og faggreinum í skólum en í HÍ sem ekki kemur á óvart. Í HÍ er aftur á móti meira um rannsóknir á félagslegu umhverfi, líkamlegu og andlegu atgervi og námi og þroska barna en í HA og KHÍ. Taflan sýnir ekki umfang rannsókna í tilteknum skólum heldur áherslumun þegar kemur að vali á viðfangsefni.

Tafla 9. Rannsóknarsvið (yfirlöklar) greind eftir háskólum

	Hlutfall birtinga * KHÍ %	Hlutfall birtinga HÍ %	Hlutfall birtinga HA %
Nám og þroski	9	12	6
Líkamlegt og andlegt atgervi	10	24	10
Menntakerfið	44	27	48
Faggreinar í skólum	32	11	21
Félagslegt umhverfi	13	40	14
Stjórnsýsla og atvinnulífið	1	1	2
Upplýsinga- og samskiptatækni	7	1	1
Aðferðafræði	3	6	7
Aðstaða og búnaður	1	1	0
Alls	120%	123%	109%

* Í sumum tilvikum voru verkefni talin hafa fleiri en einn markhóp. Heildarhlutfall tilvika/birtinga er því hærra en 100%.

Sterk og veik svið

Í viðtölunum voru fræðimenn spurðir hvar þeir teldu að helst vantaði rannsóknir eða þekkingu á sviði menntamála. Flestir töldu þekkingu vanta á sínu sviði, eða eins og einn viðmælandinn sagði: „*Mér finnst holurnar allar vera þar sem ég er. Maður sér það best.*“ Margir viðmælendur nefndu þó varðandi veik svið að tilfinnanlega vanti þekkingu á því „*hvað færi fram í skólastofum landsins*“ eins og þessi tilvitnun lýsir:

Mér finnst skórinn kreppa mest að í rannsóknum á skólastarfi, það sem við köllum á ensku „classroom research“. Að rannsaka hvað er í raun og veru að gerast í skólastofum, á öllum skólastigum. ... Ég held þetta sé mikilvægt fyrir skólakerfið í heild.

Önnur veik svið sem nefnd voru til sögunnar voru rannsóknir á jafnrétti í skólakerfinu, þróun skólakerfisins, hagfræði menntakerfisins, rannsóknir á ungum börnum í leikskólum. Einnig var nefnt að skortur væri á ýmsum greiningar- og mælitækjum í skólakerfinu og að nánast engar langtímarannsóknir væru til á þessu sviði á Íslandi og að staðan á Íslandi varðandi tölulegar upplýsingar um menntakerfið væri slæm miðað við nágrannalönd okkar. Nokkrir viðmælendur nefndu að almennt þyrftu fræðimenn að gera sér meiri mat úr þeirri erlendu þekkingu sem til væri og að það væri á þeirra ábyrgð að nýta þá þekkingu á sínu sviði. Í tengslum við efnisval ber einnig að horfa til þess hvaða skólastigs háskólakennarar horfa til í rannsóknum sínum. Tæplega 80% birtra verka beinast að grunnskólastiginu og um fimmtungur að leikskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi (tafla 10). Mjög lítil hluti birtinga er á sviði fullorðinsfræðslu og endurmenntunar.

Rannsóknir í HÍ og HA eru oftast óháðar skólastigi en rannsóknir í KHÍ (tafla 11). Meira er um rannsóknir á leikskólastigi við HA og KHÍ en við HÍ sem kemur ekki á óvart þar sem ekki er leikskólaskor við þann skóla. Við HÍ og KHÍ er aftur á móti meira um rannsóknir á háskólastiginu en við HA. Tafla 11 sýnir ekki heildarumfang rannsókna heldur áherslumun á því hvaða skólastig eru til skoðunar í rannsóknum.

Tafla 10. Til hvaða skólastigs/stiga nær verkefnið?

	Fjöldi birtinga	Hlutfall svara %	Hlutfall birtinga * %
Skólastig á ekki við	114	10	16
Leikskólastig	132	12	19
Grunnskólastig 1.-7. bekkur	279	26	40
Grunnskólastig 8.-10. bekkur	269	25	39
Framhaldsskólastig	129	12	19
Háskólastig	117	11	17
Fullorðinsfræðsla	29	3	4
Endur- og símenntun	22	2	3
Alls	1091	100%	157%

* Í sumum tilvikum voru verkefni talin hafa fleiri en einn markhóp. Heildarhlutfall tilvika/birtinga er því hærra en 100

Tafla 11. Skólastig rannsókna greind eftir háskólum

	Hlutfall birtinga * KHÍ %	Hlutfall birtinga HÍ %	Hlutfall birtinga HA %
Skólastig á ekki við	13	23	19
Leikskólastig	18	7	34
Grunnskólastig 1.-7. bekk	46	24	42
Grunnskólastig 8.-10. bekk	39	37	39
Framhaldsskólastig	17	23	18
Háskólastig	19	21	8
Fullorðinsfræðsla	5	5	1
Endur- og símenntun	4	4	1
Alls	161%	144%	162%

* Í sumum tilvikum voru verkefni talin hafa fleiri en einn markhóp. Heildarhlutfall tilvika/birtinga er því hærra en 100%.

Tafla 12. Hvaða aðferðafræði var notuð við rannsókna?

	Fjöldi birtinga	Hlutfall svara %	Hlutfall birtinga * %
Aðferðafræði á ekki við	124	12	20
Fræðilegt yfirlit	113	11	18
Eigindlegar rannsóknaraðferðir	516	51	82
Opin viðtöl	170	17	27
Vettvangsaðferðir/þátttökuathugun/skoðun	117	12	19
Orðræðugreining/textagreining	72	7	12
Greining fyrirbyggjandi eigindlegra gagna	129	13	21
Aðrar eigindlegar aðferðir	28	3	5
Megindlegar rannsóknaraðferðir	260	26	42
Stöðluð viðtöl	30	3	5
Spurningalistakannanir	130	13	21
Tilraun	12	1	2
Greining fyrirbyggjandi meginlegra gagna	72	7	12
Aðrar meginlegar aðferðir	16	2	3
Alls	1013	100%	162%

* Í sumum tilvikum eru verkefni flokkuð á fleiri en einn veg. Heildarhlutfall birtinga/tilvika er því hærra en 100%.

Rannsóknarfrælsi felur einnig í sér að fræðimenn velja sér aðferðir til að nálgast viðfangsefni. Í könnun meðal háskólakennara var m.a. spurt hvaða aðferðafræði hefði verið notuð í þeim rannsóknnum sem lágu til grundvallar birtingum þeirra. Tafla 12 sýnir að í 80% birtinga eru m.a. notaðar eigindlegar rannsóknaraðferðir þar sem opin viðtöl eru mest notuð. Um 40% birtinga byggjast á meginndlegum aðferðum þar sem spurningalistakönnun er afgerandi mest notaða aðferðin.

Tafla 13. Aðferðafræði rannsókna greind eftir háskólum

	Hlutfall birtinga KHÍ %	Hlutfall birtinga HÍ %	Hlutfall birtinga * HA %
Aðferðafræði á ekki við	17	14	35
Fræðilegt yfirlit	17	12	29
Eigindlegar rannsóknaraðferðir	91	77	62
Opin viðtöl	30	30	16
Vettvangsaðferðir/þátttökuathugun/skoðun	20	19	14
Orðræðugreining/textagreining	12	9	12
Greining fyrirbyggjandi eigindlegra gagna	25	17	12
Aðrar eigindlegar aðferðir	4	2	8
Meginndlegar rannsóknaraðferðir	42	47	37
Stöðluð viðtöl	4	10	3
Spurningalistakannanir	21	21	22
Tilraun	2	2	0
Greining fyrirbyggjandi meginndlegra gagna	13	6	12
Aðrar meginndlegar aðferðir	2	8	0
Alls	167%	150%	163%

* Í sumum tilvikum eru verkefni flokkuð á fleiri en einn veg. Heildarhlutfall birtinga/tilvika er því hærra en 100%.

Þegar sú aðferðafræði sem notuð er við rannsóknir er borin saman milli háskóla má sjá nokkurn mun í sumum flokkum eins og sjá má í töflu 13. Það gildir oftast um rannsóknir við HA að þær aðferðir sem sjá má í töflunni eiga ekki við um þeirra rannsóknir, en tíðkast í hinum skólunum. Einnig eru fleiri rannsóknir við HA flokkaðar undir fræðilegt yfirlit heldur en í KHÍ eða HÍ. Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru notaðar heldur oftast við KHÍ en við hina skólana og kemur þar helst til að fyrirbyggjandi eigindleg gögn eru greind í meiri mæli við KHÍ en gert er í HÍ eða HA. Í HÍ eru fremur notuð stöðluð viðtöl en við hina skólana.

Af heildarhlutfallstölum má sjá að rannsóknir eru oftast unnar með fleiri aðferðum við KHÍ og HA heldur en við HÍ. Því sýnir tafla 13 ekki umfang rannsókna heldur áherslumun þegar kemur að vali á aðferðafræði.

Efnisval

Í viðtölum við fræðimenn voru þeir spurðir hvernig efnisval í rannsóknnum þeirra kæmi til. Það kom ítrekað fram að þeir vinna út frá löngun til að skapa þekkingu sem þeir telja að þörf sé á. „Efnisvalið ... annað hvort vegna þess að ég er forvitin að vita meira um það og skoða það betur og hins vegar að mér hefur fundist vanta rannsóknir um viðkomandi efni.“ Þær ástæður sem fram komu til útskýringar á efnisvali voru ýmsar. Fyrst ber að nefna þá algengu ástæðu að rannsóknarefnið spretti á einhvern hátt út frá störfum þeirra og hollustu við tiltekið svið sem tengist ráðningu fræðimannsins:

Ég held að það sé alveg ljóst að minn áhugi kemur úr þremur áttum. Ein áttin er sú að þó að ég sé ráðinn hingað og menntaður í [ákveðnu fagi] er ég ráðinn í uppeldis- og menntunarfræði. Ég hef talið eðlilegt að ég sneri mér að menntamállum úr því ég er ráðinn þannig inn. Annað svið er sálarfræði náms sem tengist mínu námi og síðan þetta um þróun skólakerfisins og þetta hefur fléttast allt saman.

Einnig hafa fyrri störf áhrif á efnisval eins og þessi tilvitnun endurspeglar. „Þessi áhugi minn á stjórnmálum og kvennabarátu samræmist því vel að ég skoði menntamálin út frá kvennafræðilegu sjónarhorni ... svo og hvað mér finnst mikilvægt að laga og breyta í heiminum.“ Þegar viðmælendur rifjuðu upp hvað hefði ráðið efnisvali í rann-

sóknum þeirra var áberandi hve oft var greint frá því hvernig vinna við ákveðnar rannsóknir hefði leitt af sér vinnu við einhverjar aðrar. „*Þróunarverkefnið í leikskólanum varð til þess að annað verkefni kviknaði. Þær langar að tengja fleiri leikskóla og koma þar inná fjarskiptum í gegnum tölvur, þannig að það bíður mín.*“ Einnig var nefnt að stundum réðu tilviljanir ferðinni:

Þetta menningarverkefni kemur til vegna þess að þessi maður kemur við hérna á skrifstofunni og segist vera „fan of Iceland“ og vilji fara í þetta verkefni. Þannig byrjaði það og ég var að hjálpa honum að fara af stað en svo var það bara mjög spennandi og svona geta tilviljanir ráðið um líka.

Þá spretta þróunar- og rannsóknarverkefni fræðimanna gjarnan út frá tengslum þeirra við nemendur sína og tengslum þeirra við vettvanginn. Þannig hafa fyrrum nemendur í kennaranámi leitað til fræðimanna um samstarf þegar þeir eru farnir að starfa í skólunum. „*Þróunarverkefnið hafa leitað til mín. Það var áhugi frá leikskólakennara sem hafði verið á námskeiði hjá mér og leitaði til mín. Út frá þeirri vinnu vaknaði áhuginn á þessu.*“

II. 4. 3. Framkvæmd rannsókna

Við framkvæmd rannsókna ber að horfa til hvort nauðsynleg samræða fari fram og hvort rannsakendur sitji einir að sínum rannsóknum. Í úttektinni var spurt um samstarf, bæði óformlegt í formi jafningjarýni og formlegt samstarf milli einstaklinga, stofnana sem og við erlenda samstarfsaðila.

Óformlegt samstarf – Jafningjarýni

Samkvæmt frásögnum viðmælenda er enginn formlegur farvegur fyrir jafningjarýni við framkvæmd rannsókna. Flestir sögðust þó láta einhvern lesa yfir fyrir sig það sem fyrirhugað væri að birta, ýmist aðra fræðimenn eða aðra. „*Nei, það er ekkert kerfi á því [jafningjarýni]. Þegar ég hugsa til baka þá hefur engin grein farið án þess að einhver hafi ekki lesið hana yfir á einhverjum stigum eða hlustað á fyrirlestur eða tekið þátt í að gagnrýna á einhvern hátt.*“

Fólk virðist þó hafa nokkuð misjafnt aðgengi að jafningjum til að ritrýna fyrir sig. Hjá sumum kom fram að það væri lítið mál að biðja fólk um að ritrýna eins og þessi orð sýna. „*Ég held að það sé alsíða að ef þú ert að skrifa eitthvað þá gengur þetta á milli manna og menn tæta þetta í sig ... auðvelt að leita til fólks með ritrýni.*“ Á hinn bóginn báru margir því við að þeir kynnu varla við að biðja samstarfsfólk sitt að lesa yfir rannsóknargreinar fyrir sig þar sem vinnuálag væri svo mikið að erfitt væri að fara fram á það. „*Mér finnst erfitt að biðja samstarfsfólks um að lesa yfir án þess að geta borgað þeim því að ég veit það hafa allir svo mikið að gera.*“ Að sama skapi bentu sumir á að erfitt væri að fá fræðilegt álit jafningja því margir væru einir á sínu fræðasviði. „*Það er rosa-lega erfitt að fá „feedback“. Það hafa allir svo mikið að gera og það kemur ekkert út úr því ... Mig vantar svo „feedback“ í mínum fræðum en ég fæ það hvergi.*“ Einnig kom fram að það væri samkeppni milli fólks og því leitaði fólk ekki hvað til annars:

Það er ákveðin samkeppni milli fólks, hver að hasla sér völl. Við erum ekki mikið að lesa hvert fyrir annað hér. Mér finnst ég vera mjög mikið ein. Kannski helst með rannsóknarteymi í kringum mig gegnum nemendur mína. ... Mér finnst það einmitt skorta svoltið. Það er mest gaman að vera með vinnulotur.

Þá kom fram hjá viðmælenda að gott væri að nota ráðstefnur og nemendur til að fá gagnrýni á þær hugmyndir sem hann ynni með. „*Það sem ég nota við svona greinarskrif er að fara á ráðstefnu. Það er minn hvati, að fara með „paper“ til að koma manni áfram. ... Kasta út hugmyndum og fá viðbrögð... og svo vinn ég í verkefni og þannig þokast greinin áfram.*“

Þannig er óformlegt samstarf um jafningjarýni mjög mismunandi milli fræðimanna. Bæði virðast þeir hafa ólíkan aðgang að einstaklingum til að ritrýna fyrir sig og einnig er misjafnt hversu mikið þeim finnst þeir fá út úr slíkri rýni. Enginn formlegur farvegur er fyrir jafningjarýni og ljóst að í einhverjum tilvikum birta menn verk sín án þess að þau hafi verið borin undir samstarfsfólk þótt alsíða sé að „*einhver*“ aðili lesi yfir verk sem fara í birtingu.

Formlegt samstarf

Í úttektinni voru notaðar tvær leiðir til að skoða samstarf í rannsóknum. Annars vegar var skoðaður fjöldi höfundu birtra verka í gögnum um vinnumat kennara í KHÍ, félagsvísindadeild HÍ og kennaradeild HA.

Hins vegar var spurt um vinnulag í rannsóknum í könnun meðal háskólakennara í sömu stofnunum. Þessar niðurstöður má skoða í töflum 14 og 15.

Yfir 77% birtra verka í kennaradeild HA, KHÍ og félagsvísindadeild HÍ eru skrifuð af einum höfundi. Einnig er allmikið um að höfundar séu tveir, eða í um 13% tilvika. Þau tilvik sem „ekki eiga við“ skv. töflu 14 eru þegar ekki var um ritverk að ræða heldur t.d. íþróttaiðkun eða listsýningar svo eitthvað sé nefnt.

Tafla 14. Fjöldi höfunda sem standa að hverri birtingu 1998–2002

	Fjöldi	Hlutfall allra svara %	Hlutfall gildra svara %
Einn höfundur	2951	72	77
Tveir höfundar	498	12	13
Þrír höfundar	170	4	5
Fjórir höfundar	79	2	2
Fimm eða fleiri höfundar	113	3	3
Á ekki við	304	7	-
Alls	3874	100%	100%

Í HA er meira um einyrkjarannsóknir en við HÍ eða KHÍ (tafla 15).

Tafla 15. Fjöldi höfunda sem standa að hverri birtingu 1998–2002 eftir háskólum

	Hlutfall birtinga KHÍ %	Hlutfall birtinga HÍ %	Hlutfall birtinga HA %
Einn höfundur	74	78	91
Tveir höfundar eða fleiri	26	22	9
Alls	100%	100%	100%

Þrátt fyrir að meirihluti birtinga umræddra háskólakennara sé unninn af einum höfundi (tafla 15) má sjá nokkuð annað mynstur þegar spurt var út í samstarf um rannsóknir í spurningalistakönnun (tafla 16). Þar kemur fram að rúmlega helmingur verkefna eru einstaklingsverkefni og að 16% verkefna eru unnin með samvinnu tveggja aðila innan sömu stofnunar. Svo virðist sem samvinna nokkurra aðila milli stofnana sé almennari en samvinna nokkurra aðila innan sömu stofnunar. Í flokknum önnur samvinna má t.d. nefna samvinnu þar sem nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi vinna rannsóknir ásamt leiðbeinendum.

Tafla 16. Einstaklingsverkefni eða samstarfsverkefni?

	Fjöldi verkefna	Hlutfall verkefna %
Einstaklingsverkefni	343	53
Samvinna tveggja innan háskóla	104	16
Samvinna nokkurra innan háskóla	24	4
Samvinna milli stofnana	156	24
Önnur samvinna	22	3
Alls	723	100%

Svör um vinnulag í spurningalistakönnun staðfestu það sem fyrirliggjandi gögn sýndu að nokkru meira er um einstaklingsverkefni hjá HA en hjá HÍ eða KHÍ. Tafla 17 sýnir einnig að talsvert er af samvinnuverkefnum milli stofnana hjá öllum skólum, eða allt frá 19% verkefna hjá HA til 29% hjá HÍ.

Af framansögðu má draga þá ályktun að allstór hluti menntarannsóknna sé einyrkjarannsóknir. Þetta ríkjandi vinnulag felur í sér að fræðimenn framkvæma sínar rannsóknir að mestu leyti einir, eða kaupa sér e.t.v. að-

Tafla 17. Vinnulag greint eftir háskólum

	Hlutfall KHÍ %	Hlutfall HÍ %	Hlutfall HA %
Einstaklingsverkefni	50	49	66
Samvinna tveggja innan háskóla	20	13	7
Samvinna nokkurra innan háskóla	4	3	3
Samvinna milli stofnana	24	29	19
Önnur samvinna	2	6	5
Alls	100%	100%	100%

stoð á sviði gagnaöflunar eða úrvinnslu. Bent var á að hefð sé fyrir einyrkjastarfi fræðimannsins þar sem um tíma hafi verið litið á rannsóknarskyldu kennara sem „þeirra einkaeign“. Fræðimaður við einn háskólann lýsir þessu:

Menn eru miklir einyrkjar í hugsun ... kennarastarfið hefur þróast sem einyrkjastarf á vettvangi. Kennarinn er svona einyrki sem veit samt eiginlega allt og það er engin stéttaskipting, það er ekki gert ráð fyrir neinni sérfræði og ég held þetta sé ákveðinn „kúltúr“ sem hafi skapast.

Sumir viðmælendur bentu einnig á að einyrkjamenningin væri sumpart vegna þess að það ríkir samkeppni meðal fræðimanna og því vildu þeir gjarnan sitja sjálfir að sínum hugmyndum. „*Allir vilja vera svolitlir kóngar í sínu ríki, mínar rannsóknir undir mínum hatti og slíkt.*“ Viðmælendur höfðu misjafnar skoðanir á því hversu æskileg þessi mikla einyrkjavinna væri eins og þessar tvær tilvitnanir gefa til kynna:

Menn eru vinnandi hver í sínu horni og stundum að fást við svipaða hluti. Það þarf að spyrða fólk betur saman.

Ég er þeirrar skoðunar að það megi alls ekki drepa niður einyrkjarannsóknir en samstarfsrannsóknir eru líka af hinu góða. Þetta á hvort tveggja að vera í gangi en án nokkurra þvingana. Stór hópverkefni geta verið góð til ákveðinna rannsókna en ómöguleg fyrir aðrar gerðir rannsókna.

Flestir töldu þó teymisvinnu almennt til bóta og að slík samvinna gæti aukið rannsóknarvirkni. Þannig gætu einnig reynslumeiri rannsakendur stutt hina reynsluminni sem þarf að virkja til rannsókna í meiri mæli. Rannsakandi með tiltölulega litla rannsóknarreynslu sagði t.d.:

Það henta mér betur svona teymisverkefni, hitt finnst mér erfitt. ... Maður er svolítið einn á þessu sviði, mér finnst teymisvinna mjög spennandi. ... Nú ætla ég að fara af stað með rannsókn sem ég sótti um styrk til og ætla að vera ein í henni og það drífur mig ekki alveg eins mikið af stað að vera ein.

Á hinn bóginn þykir stigamatskerfið vinna gegn teymisverkefnum. Á sama tíma og aukin krafa um samstarf kemur frá helstu rannsóknarsjóðum, s.s. Rannsóknasjóði og ýmsum Evrópusjóðum, voru sumir þeirrar skoðunar að stigamatskerfið styddi ekki þá þróun. Í reynd fengjast hlutfallslega flest stig fyrir birtingar þar sem höfundur er einungis einn og þykir það ekki endilega í samræmi við magn vinnunnar:

Færð þrjú stig fyrir erindi og ég fékk þrjú stig fyrir grein sem tók 3 ár að birta en við vorum 10 höfundar. Þetta þarf að laga. Þannig að þegar við setjum saman rannsóknarhópa hér þá vinnur það í reynd gegn stigamatinu. Einyrkjar hagnast mest á því. En kerfið er alltaf í endurskoðun.

Dæmi eru þó um að hópvinna hafi opnað fyrir fleiri birtingar en ef fræðimenn hefðu unnið hver í sínu horni að eigin verkefnum. Auk þess er rétt að nefna að í stigamatskerfinu er stigum ekki skipt beint á milli höfunda. Þannig er ein ritrynd grein eftir einn höfund metin til 10 stiga en ef um samvinnu væri að ræða og höfundar væru tveir fengi hvor höfundur 7,5 stig. Þá er framlagið í heild metið til 15 stiga. Stefnt er að því á Íslandi að tengja grunnfjárveitingu og virkni fræðimanna. Virkni innan hvers háskóla verði metin samkvæmt samræmdu kerfi og þá kæmi betur út fyrir skólann í heild að hvetja til samstarfsverkefna innan hans.

Almennt voru viðmælendur á einu máli um að aukið samstarf væri af hinu góða og þannig bæri að stuðla að bæði erlendu og innlendu samstarfi, milli stofnana sem og aðila innan stofnana. Ennfremur voru viðmælendur á einu máli um að þróunin væri óumflýjanlega sú að erlent og innlent samstarf væri að aukast í kennslu og rannsóknum, bæði innan stofnana og milli stofnana. Þó var bent á að almennt gæti samstarf verið tímafrekt og krefðist jafnvel ferðalaga sem erfitt væri að koma við með öðrum skyldum fræðimannsins.

Einstaklings- eða stofnanabundið frumkvæði?

Jafnvel þótt viðmælendur væru almennt hlynntir auknu samstarfi var einnig ljóst af máli þeirra að frumkvæði að samstarfi liggur almennt hjá einstaklingunum sjálfum og er í litlum mæli stofnanabundið eða í ákveðnum farvegi. „Samstarfið liggur hjá einstaklingunum. ... Kannski í einstaka tilfellum eru það verkefni sem eru alþjóðleg eða þannig að það sé þá formlegt. ... Þú ert bara að gera þetta fyrir sjálfan þig, þetta kemur ekki bara til þín.“ Sumir lögðu ennfremur áherslu á að eðli samstarfs væri slíkt að ekki væri hægt að festa það í formlegan farveg eða að skipa fólk í samstarf. „Svona samstarf ... ég held það eigi að vera meira einstaklingsbundið frekar en stofnanabundið. Þá er minni „motivation“ og kemur minna út úr því.“ Fleiri viðmælendur voru sammála þessu, enda samstarf þess eðlis að það byggist á því hversu vel einstaklingarnir ná saman og hvernig þeim gengur að vinna saman. „Allur svona forgangur vegna erlends samstarfs er dæmdur til að mistakast. ... Gott samstarf byggist mest á góðum einstaklingi eða einstaklingum sem er gott að starfa með. Það eru persónurnar sem skipta mestu máli.“

Aukið samstarf við erlenda aðila

Vísbendingar um samstarf við erlenda aðila eru t.a.m. í fjölda birtinga í vinnuáttarvæðingum háskólanna þar sem meðhöfundur er erlendur. Í heildina litið eru 3,5% birtinga með erlendan meðhöfund. Hlutfallið er heldur hærra í birtingum fræðimanna við KHÍ (3,6%) og félagsvísindadeild HÍ (3,9%) heldur en við kennaradeild HA (tafla 18). Þau verkefni í gagnasafninu sem ekki teljast ritverk eru ekki tekin með í þessari greiningu, t.d. íþróttaiðkun eða listsýningar.

Tafla 18. Hlutfall birtinga 1998–2002 þar sem meðhöfundur er erlendur, eftir háskólum

	Fjöldi	Hlutfall birtinga %
Kennaraháskóli Íslands	56	3,6
Félagsvísindadeild Háskóla Íslands	71	3,9
Kennaradeild Háskólans á Akureyri	5	1,2
Alls	132 (af 3779)	3,5%

Þegar erlent samstarf var til umræðu í viðtalsrannsókn tók formaður alþjóðanefndar HÍ og fleiri fræðimenn undir þau viðhorf að ekki sé rétt að ýta undir aukið samstarf með formlegum hætti við háskólana. Hann sagði:

Við [í alþjóðanefnd] höfum tekið upp þá spurningu hvort það eigi að ýta undir formlegt samstarf á rannsóknarsviðinu og ... það virðist ekki vera neinn sérstakur hljómgrunnur fyrir því. Menn eru bara á sínum nótum og vilja bara vera að gera það sjálfir. Það er gríðarlega mikið þannig samstarf og ef maður skoðar ... ritaskrána eru menn bersýnilega í góðu samstarfi við önnur lönd.

Jafnvel þótt deila megi um hvort ýta eigi undir alþjóðlegt samstarf eða hvort það eigi að þróast á eigin forsendum voru margir þeirrar skoðunar að gott erlent samstarf hafi gert mikið fyrir viðkomandi sem fræðimann og einnig til uppbyggingar aukinnar þekkingar í menntamálu. „Það eru margar hliðar á svona starfi og það er margfaldlega þess virði þegar upp er stadið allra hluta vegna.“

Þar sem fræðimannasamfélagið á Íslandi er fámennnt eru flestir fræðimenn nokkuð einir á sínu fræðasviði. Með erlendu samstarfi geta fræðimenn sótt í samstarf við aðra öflugra rannsóknarmenn á eigin sviði. „Alþjóðasamstarfið hefur gert miklu meira fyrir mig en samstarfið hérna innanlands án þess að ég sé að gera lítið úr því ... maður kynnist virkilega öflugum fólki þarna úti.“

Ljóst er að það sem einna helst ýtir undir erlent samstarf er þróun helstu styrktarsjóða í félagsvísindum (Rannsóknasjóður, norrænir og ESB-styrkir). Rannsóknasjóður hefur hvatt til innlends og erlends samstarfs og styrkir nú sérstaklega undirbúning að alþjóðlegu samstarfi eins og sjá má á vef þeirra:¹¹

Stjórn Rannsóknasjóðs hefur ákveðið að leggja allt að 15 millj. kr. á styrkárinu til þess að styrkja undirbúning alþjóðlegs vísinda- og þróunarsamstarfs með íslenski þátttöku. ... Forgangur er veittur umsóknum vegna undirbúnings umsókna í 6. rannsóknáætlun ESB og rannsóknasjóði í Norður-Ameríku eða annað samstarf sem koma kann upp í gegnum gagnkvæmar viljayfirlýsingar.

¹¹ <http://www.rannis.is/page.asp?id=573> (apríl 2005).

Happdrætti í erlendu samstarfi

Þrátt fyrir að margir telji erlent samstarf gefandi þá hefur það líka sína ókosti, en nokkrir viðmælendur höfðu verið í alþjóðlegum verkefnum þar sem samstarfið reyndist erfitt. Þeir lögðu því áherslu á að erlent samstarf væri eins og hvert annað happdrætti og gæti reynt verulega á eins og þessi tilvitnun endurspeglar:

Þetta samstarf við eitthvert fólk út í heimi er miklu miklu meira en að segja það. ... Maður er að fá samstarfsfólk sem maður þekkir ekki. ... Þegar við sóttum aftur um styrk þá voru bara tveir af fimm erlendum „partnerum“ sem við vildum vinna með aftur. Ef t.d. einn gerir ekki það sem hann á að gera veldur það hinum stórfelldum höfuðverk. Hann fær samt sem áður sinn pening því það er svo mikið mál gagnvart ESB að breyta. ... Það er ofboðslegt happdrætti að vinna með einhverjum sem þú þekkir ekkert til.

Að sama skapi voru viðmælendur sem höfðu ekki góða reynslu af erlendu samstarfi þar sem þeir töldu það tímafrekt, óskilvirkt og krefðist of mikillar fundasetu. „*Mikið af alþjóðlegum rannsóknarverkefnum sem eru bara fundaðróunaraðgerðir. Ekkert sem kemur út úr því. Hef verið í slíku og fer aldrei í slíkt aftur. En ástæðan er kannski sú að ég komst ekki í góðan hóp.*“

Aukið samstarf milli innlendra stofnana og innan stofnana

Almennt var talið að samstarf milli stofnana innanlands væri stöðugt að færast í aukana. Þannig greindi viðmælendi hjá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur t.d. frá auknu samstarfi við menntamálaráðuneytið, KHÍ og Námsmatsstofnun svo eitthvað sé nefnt. Undir það tók forstöðumaður Námsmatsstofnunar sem sagði stofnunina vera í miklu samstarfi við kennaramenntunarstofnanir, HÍ og menntamálaráðuneytið. Einnig var bent á að þar sem fjármagn um menntarannsóknir væri af skornum skammti væri nauðsynlegt að vinna saman. „*Við höfum verið í samstarfi við ýmsar stofnanir. ... Það er mikilvægt fyrir okkur að hafa samstarf, því þetta eru það ... litlir peningar.*“

Að sama skapi voru margir þeirrar skoðunar að efla bæri samstarf og teymisvinnu í rannsóknum innan hvernar stofnunar. „*Ég myndi vilja sjá þetta samstarf milli stofnana þróast og styrkjast. Ég myndi líka vilja sjá meira samstarf hér innan deildar, að menn séu að starfa saman að rannsóknum.*“

Þrátt fyrir marga kosti samstarfs kom fram það sjónarmið að aukið samstarf í rannsóknum við nána samstarfsaðila innan tiltekinnar stofnunar gæti haft ýmis vandkvæði í för með sér. Eftirfarandi tilvitnun lýsir þessu viðhorfi:

Ég hef efasemdir um að það eigi að ganga eins langt og sumir vilja við að reyna að fá starfsólk á sama vinnustaðnum til að vinna saman [í rannsóknum]. ... Það eru svo margskonar samskipti í svona stofnun. ... Það er þetta jafningjalyðræði. ... Fólk er að ákveða allskonar hluti hvert um annað, hvort þú fái fleiri vinnustundir til námskeiðsins eða átt þú að fá leyfi núna ... þannig að það er allskonar tilefni fyrir „friction.“ ... Það er mjög mikið at-riði að maður sé í samstarfi en kannski alveg eins við fólk sem er ekki í þessum persónulegu „conflictum“ eða þessu margvíslega samstarfi. ... Rannsóknarsamstarf er mjög viðkvæmt því það þarf að vera mikið traust. Menn eru að lesa yfir hver fyrir annan og þarf að vera laust við pírting.

Aukið samstarf til eflingar menntarannsókna

Almennt var álitnið að þróun aukins samstarfs stuðlaði að eflingu menntarannsókna. Með samstarfi væri hægt að ráðast í rannsóknarverkefni sem væru viðameiri en unnt væri að vinna með einyrkjarannsóknum:

„Kúltúrin“ er ekki fyrir hendi til að vinna í teymisrannsóknum. Ég held það sé óhjákvæmilegt að það muni breytast. Ein ástæðan er sú að styrkjakerfið krefst þess, önnur ástæða sem skiptir máli er að ef það eru ekki fleiri sem koma saman þá verða útundan ýmis rannsóknarviðfangsefni sem við þurfum að sinna.

Með samstarfi við aðrar stofnanir geta fræðimenn einnig tekið þátt í umfangsmeiri rannsóknum sem krefjast bæði meira fjár og betri aðstöðu en háskólastofnanir búa yfir. „*Ég held að samstarf um rannsóknir sé ein af leiðunum til þess að gera eitthvað almennilegt ...*“ sagði fræðimaður sem hefur verið virkur í sinni rannsóknarvinnu en finnst hann vera einn á sínu sviði. Fræðimaður við annan háskóla tók í sama streng. „*Ég stóð að umfangsmikilli rannsókn ... þessi rannsókn útheimtir hins vegar aðstöðu, aðstoð, fé sem ég hef ekki hér í mínu starfi eða innan minnar stofnunar.*“ Með teymisrannsóknum gefst reynsluminni rannsakendum einnig tækifæri til að efla rannsóknarfærni sína og skilvirkni með því að læra af sér reyndari fræðimönnum eins og áður hefur

komið fram. Þannig má færa rök fyrir því að aukið samstarf geti aukið rannsóknarvirkni fræðimanna og þannig stuðlað að eflingu menntarannsókna í landinu.

II. 4. 4. Dreifing niðurstaðna

Stundum er talið að meginmarkmið vísindastarfs sé útbreiðsla áreiðanlegrar þekkingar á grundvelli jafningjamat.¹² Þannig má segja að það liggja í eðli fræðimannasamfélagsins að dreifa þekkingu. „*Þegar vísindin hafa leitt til þekkingar sem geta leyst mannleg vandamál þá finnst mér það vera skylda vísindamannsins að koma því á framfæri, ekki að halda þekkingunni í skúffu.*“ Birtingar fræðimanna í KHÍ, félagsvísindadeild HÍ og kennaradeild HA voru skoðaðar með vinnumatsgögnum. Þannig var unnt að skoða birtingarform og hvort birt sé erlendis eða á Íslandi. Þá voru birtingar einnig ræddar lítillga í viðtölum við háskólakennara.

Birtingarform

Upplýsingar um hlutfall birtinga á Íslandi miðað við erlendis og hins vegar á hvaða formi er birt eru unnar upp úr gögnum um vinnumat háskólakennara (tafla 19). Flutningur erinda í einhverju formi er um helm-

Tafla 19. Birtingar við KHÍ, félagsvísindadeild HÍ og kennaradeild HA 1998–2002

	Fjöldi	Hlutfall heildar %	Hlutfall gildra tilvika %
Birt á Íslandi	2648	64	65
Birt erlendis	1383	34	34
Á ekki við/vantar upplýsingar	84	2	-
Alls	4115	100%	100%
Prófrítgerðir	58	1,4	1,5
Bók	59	1,4	1,5
Bókarkafli	150	3,6	3,8
Ritryndar greinar	449	11,0	11,4
Grein í ISI-ritryndu riti	62	1,5	1,6
Ritryndar greinar	189	4,6	4,8
Grein í ráðstefnuriti	130	3,2	3,3
Annað ritrynt efni	68	1,7	1,7
Óritrynt efni	1171	28,5	29,8
Grein í óritryndu riti	138	3,4	3,5
Fræðileg skýrsla eða álitserð	516	12,5	13,1
Námskrá, námsefni, kennslubækur	157	3,8	4,0
Fræðsluefni fyrir almenning	74	1,8	1,9
Ýmislegt, t.d. hugbúnaður, þýðingar, ritstjórn o.fl.	286	7,0	7,3
Erindi/veggspjöld	1980	51,7	50,3
Erindi á vísindaráðstefnu	1678	40,8	42,6
Veggspjald á vísindaráðstefnu	101	2,5	2,6
Erindi fyrir almenning	201	4,9	5,1
Annað sem ekki telst til birtinga á sviði menntarannsókna	180	4,4	0
Listsöfnun og listflutningur	94	2,3	-
Uppbygging íþróttar, íþróttaiðkun	32	0,8	-
Leiðsögn í framhaldsnámi	52	1,3	-
Vantar upplýsingar	2	0,0	-
Alls	4115	100%	100%

¹² Merton, R.K. (1996/[1942]). *The ethos of science. On social structure and science*. Ritstj. P. Szompka. University Chicago Press. Chicago; Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þórólfur Þórlindsson (2000). *Grunnvísindi á Íslandi*. Menntamálaráðuneytið.

ingur allra birtinga þessara háskólakennara. Tæplega 30% birtinga teljast óritrýnd en einungis 11% birtinga eru ritrýnd, auk bóka, bókarkafli og prófritgerða sem einnig fara í ritrýni (6,4%). Þá er um þriðjungur verka birtur erlendis.

Minna er um ritrýndar greinar hjá KHÍ en hinum skólunum (tafla 20). Hjá KHÍ er aftur á móti meira um námskrárgerð, gerð kennsluefnis/bóka en í öðrum skólum og um helmingur af birtingum hjá fræðimönnum KHÍ felst í erindum. Hjá HA má sjá hlutfallslega mikið af ritrýndum greinum (öðrum en ISI-ritrýndum) og einnig mikið af birtingum í formi erinda eins og hjá KHÍ. Birtingar hjá KHÍ og HÍ eiga það aftur á móti sammerkt að vera í töluverðum mæli í formi fræðilegra skýrslna (13–14%). Hjá HÍ er einnig minna af prófritgerðum en í HA og KHÍ sem endurspeglar að hluti kennara hjá KHÍ og HA vinnur enn að sínu doktorsprófi og að menntastig háskólakennara hjá HÍ er hærra en í hinum skólunum.

Tafla 20. Birtingarform greind eftir háskólum 1998–2002

	Hlutfall KHÍ %	Hlutfall HÍ %	Hlutfall HA %
Prófritgerð	2,4	0,6	2,1
Bók	0,7	2,2	1,6
Bókarkafli	2,9	4,3	5,1
Ritrýndar greinar	5,9	15,2	16,2
Grein í ISI-ritrýndu riti	0,7	2,4	1,2
Ritrýnd grein	3,2	4,6	11,5
Grein í ráðstefnuriti	1,1	5,4	3,3
Annað ritrýnt efni	0,9	2,8	0,0
Óritrýnt efni	34,9	26,9	21,5
Grein í óritrýndu riti	5,6	1,8	3,0
Fræðileg skýrsla eða álitgerð	13,3	14,4	7,2
Námskrá, námsefni, kennslubækur	7,6	0,8	4,2
Fræðsluefni fyrir almenning	1,7	1,8	1,6
Ýmislegt, t.d. hugbúnaður, þýðingar, ritstjórn o.fl.	6,7	8,1	5,5
Erindi/veggspjöld	53,1	50,7	54,5
Erindi á vísindaráðstefnu	49,9	33,9	53,6
Veggspjald á vísindaráðstefnu	2,9	2,6	0,9
Erindi fyrir almenning	0,3	14,3	0,0
Alls	100%	100%	100%

Hlutfall erlendra birtinga er nokkuð ólíkt eftir skólum (tafla 21). Erlendar birtingar í félagsvísindadeild HÍ eru um 43% en ríflega fjórðungur allra birtinga í KHÍ og kennaradeild HA.

Tafla 21. Hlutfall erlendra birtinga greint eftir háskólum 1998–2002

	Fjöldi	Hlutall birtinga %
Kennaraháskóli Íslands	461	27%
Félagsvísindad. Háskóla Íslands	808	43%
Kennaradeild Háskólans á Akureyri	114	26%
Alls	1383 (af 4031)	34%

Frelsi í birtingum

Eins og fram hefur komið felur akademískt frelsi m.a. í sér að fræðimenn ráða hvort og hvernig þeir miðla fræðslu eða niðurstöðum sinna rannsókna. Í samræmi við akademískt frelsi komu fram ólíkar skoðanir hjá viðmælendum varðandi hvernig bæri að standa að birtingum:

Ég veit ekki hvar ábyrgðin liggur. Segjum að ég væri duglegur að skrifa um mínar rannsóknir í fræðileg tímarit, innlend og erlend, þá er ég ekkert viss um að ég sé neitt að vanrækja mína ábyrgð þó ég sé ekki að halda fyrirlestra líka annars staðar.

Fáeinir þeirra fræðimanna sem talað var við sögðust fyrst og fremst líta á vísindasamfélagið sem sinn markhóp. Rannsóknir þeirra væru grunnrannsóknir sem e.t.v. yðu hagnýtar fyrir eða síðar. „Maður vill fá sem mestan fræðilegan status ... mér finnst skipta máli að koma þessu á framfæri á viðurkenndum fræðimannsvettvangi.“

Fleiri lögðu þó áherslu á að birtingar þeirra hefðu víða skírskotun og að niðurstöður rannsókna þeirra væru kynntar sem flestum eins og þessar tilvitnanir sýna:

Mér finnst að við eigum að miðla á fjölbreyttan hátt. Að ég sem fræðimaður skrifi ekki eingöngu fyrir aðra fræðimenn. Ef ég myndi bara birta í Uppeldi og menntun þá er það bara ákveðinn markhópur sem les það blað. Ég hef birt í Morgunblaðinu sem er þá meira fyrir almenning og svo á netinu.

Höfum birt bæði í vísindasamfélaginu, stefnumótunaraðilum og kennurum. Við höfum fengið styrki frá menntamálaráðuneytinu og höfum lagt töluvert á okkur til að kynna okkar rannsóknir sem víðast t.d. í menntamálaráðuneytinu, uppi í KHÍ, í HR, til að fá víða skírskotun og svo erum við að skrifa greinar til að birta erlendis.

Óritrýnt efni og erindi

Varðandi dreifingu þekkingar er áberandi hversu stór hluti birtinga er í formi erinda, eða yfir helmingur birtinga þeirra háskólakennara sem hér um ræðir. Nokkrir viðmælendur bentu á að e.t.v. legðu margir of mikla áherslu á að kynna rannsóknir sínar munnlega í stað þess að greina frá þeim með greinaskrifum eða á formlegan hátt:

Kannski hefur stigamatið skemmt fyrir alvöru rannsóknum því þú færð hlutfallslega allt of fá stig fyrir ritrýndar greinar en erindi, sbr. allur „spáratíningurinn“ sem fer af stað í sambandi við málþingið sem Rannsóknarstofnun stendur fyrir ár hvert.

Hlutfallslega meira er um birtingar hjá KHÍ og HA í formi erinda á ráðstefnum en hjá HÍ. Slík erindi eru um helmingur af öllu birtu efni hjá þessum fræðimönnum og tengist það e.t.v. því að í þessum skólum eru birtingar fremur hugsaðar fyrir vettvanginn en birtingar hjá HÍ. Fræðimenn hafa fleiri tækifæri nú en áður til að kynna rannsóknir sínar í formi erinda þar sem ýmis málþing og ráðstefnur eru almennari nú en fyrir nokkrum árum. Þar má nefna árlegt málþing RKHÍ um rannsóknir og nýbreytni í skólastarfi sem verður sífellt stærra í sniðum, árlega ráðstefnu félagsvísindadeildar um rannsóknir í félagsvísindum, málþing Félags um menntarannsóknir auk annarra málþinga um tiltekin málefni. Af óritrýndu rituðu efni er mest um birtingar sem fela í sér fræðilegar skýrslur eða álitserðir, þó meira í KHÍ og HÍ en í HA. Einnig er nokkuð um námskrárgerð og gerð kennsluefnis, minnst í HÍ. Þá er nokkur hluti birtinga undir flokkunum „ýmislegt“, og felur hann t.d. í sér þýðingar, birtingar á vefsíðum og fleira í þeim dúr. Til þess að birta sem víðast hafa fræðimenn ennfremur verið að fara nýjar leiðir í birtingum og fundið sér vettvang á vefnum, t.d. á heimasíðum eða í vef tímaritum. „Við höfum fundið vettvang til þess að birta skrif. Fórum af stað með Rögg [veftímarit um leikskólakennslu] og svo er ég að byggja upp allstóran vef núna sem ég nota bæði í kennslu fyrir nemendur mína og sem leikskólarnir nota líka.“

Ritrýnd tímarit

Það er langt og strangt ferli að fá birt í viðurkenndum erlendum tímaritum, ekki síst ISI-tímaritum. Viðmælendur töldu að stigamatskerfið gæfi of fá stig fyrir birtingu í slíkum tímaritum, ekki síst miðað við fjölda stiga fyrir flutt erindi og þannig fengi fólk mörg stig fyrir léttvæg verk en óþarflega fá fyrir þyngri verk:

Í rauninni er maður undir tvöföldu styrkingakerfi. Reglan segir mér: „Búðu til vinnu sem er alþjóðlega viðurkennd“ en styrkingaskilmálamir sýna mér að það borgar sig frekar að vera ekki með svona hégóma, velja frekar önnur markmið og aðrar birtingarleiðir. Svo þetta er frekar ruglingslegt.

Að sama skapi var gagnrýnt að styrkjakerfið tæki ekki nægilega mikið tillit til þess hve mikil vinna lægi í birtingu í virtustu tímaritunum:

En það að skrifa grein í erlent tímarit er langt og strangt ferli. Þú sendir inn grein og það líður kannski hálf ár þangað til þú færð „feedback“... Það er lítill skilningur á þessu, líka í [Rannsóknasjóði]. Þú þarft meiri pening til að birta í alvöru rit en þeir gera ráð fyrir. Ef þú ætlar að vera mjög metnaðargjarn og birta í flottasta blaðinu á þínu sviði þá erum við kannski að tala um að það eru 25% greina samþykkt. Samt veistu að þeir sem reyna að komast inn í ritið eru „creme de la creme“ í hópnum. Ofboðslega langt ferli. Og ef þú birtir hana bara einhvers staðar þá birtir þú hana ekki aftur í góðu riti, það þarf að vera eitthvað nýtt.

Ítrekað kom fram í máli viðmælenda að það vanti ritrýndan vettvang á Íslandi til að birta niðurstöður rannsókna á sviði menntamála. Bent er á að þetta sé aðkallandi, ekki síst í ljósi þess að stigamatskerfið kalli á birtingar í ritrýndum ritum:

Það er pottur brotinn í dreifingu á rannsóknarniðurstöðum. Við eigum ekki mikið af tímaritum á þessu sviði ... Já og finnst það megi vera ritrýnt. Ég hef verið gagnrýninn á samtök kennara fyrir það að þau geta ekki staðið að útgáfu ritrýnds tímarits um sína þekkingu á fræðunum, mér finnst það veikja faglegan grunn kennarastéttarinnar að gera það ekki.

Það þarf að efla rannsóknarritin. Þetta er eitthvað sem við þurfum að skoða. Stigamatið kallar á það, það er mikil sókn í að fá að skrifa. Annaðhvort þarf *Uppeldi og menntum* að koma út fimm sinnum á ári eða fjölga ritum.

Möguleikar til ritrýndra birtinga á íslensku hafa þó aukist til muna á síðustu árum. Flaggskipið *Uppeldi og menntum* sem Rannsóknarstofnun KHÍ hefur gefið út síðan 1992 kom út tvisvar á árinu 2004 og frá og með 2005 verður ritið samvinnuverkefni þriggja háskóla, KHÍ, HÍ og HA. Rafræna tímaritið *Netla* sem er gefið út af Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands kom út fyrst í janúar 2002 og með tímanum hefur ritstjórn lagt aukna áherslu á ritrýningu. Árið 2004 kom út í fyrsta skipti *Tímarit um menntarannsóknir* á vegum Félags um menntarannsóknir. Félagið sjálft var stofnað árið 2002. Loks má nefna ritið *Rannsóknir í félagsvísindum* sem félagsvísindadeild HÍ gefur út og er það birt í kjölfar ráðstefnu um rannsóknir í félagsvísindum sem deildin stendur að ásamt öðrum.

III. Stuðningur og hindranir í rannsóknarvinnu

Þegar horft er til rannsóknarmenningar í vísindasamfélaginu er mikilvægt að skoða hvaða aðgerðir séu hentugar til að styðja við og efla rannsóknarmenningu og er það gert í fyrri hluta þessa kafla. Þá verður einnig fjallað um þær hindranir sem háskólakennarar greindu frá að yrðu á vegi þeirra í rannsóknarvinnunni.

III. 1. Stuðningur

Vert er að skoða aðgerðir sem skólarnir hafa viðhaft til að styðja við rannsóknarvinnu kennara. Þar ber fyrst að nefna þá möguleika sem þeir hafa til að sækja fjármagn fyrir rannsóknarvinnu.

III. 1. 1. Styrktarsjóðir

Varðandi fjármögnun rannsókna ber fyrst að líta á niðurstöður könnunar þar sem háskólakennarar voru spurðir um fjármögnun þeirra rannsókna sem birtingar þeirra grundvallast á. Í tæplega 30% tilvika var enginn útlagður kostnaður (fyrir utan laun háskólakennara) (tafla 22).

Í 11% tilvika hefur verið um einhvern útlagðan kostnað að ræða en engir styrkir fengist. Þá vaknar sú spurning hvort fræðimenn leggi sjálfir fram þann kostnað. Af veittum styrkjum fá flest verkefni styrk frá Vísindasjóði, öðrum sjóðum í umsjá Rannís og rannsóknarsjóðum háskólanna. Einnig er talsvert um að fræðimenn selji vinnu sína eða geri um hana samning.

Fjármögnun rannsóknarverkefna við HA sker sig úr að nokkru leyti. Þar segjast rannsakendur oftast, í samamburði við svarendur HÍ og KHÍ, ekki hafa fengið neinn styrk eða að um engan útlagðan kostnað hafi verið að ræða (tafla 23). HÍ sker sig úr hvað varðar fjölda styrkja úr sjóðum í umsjá Rannís (svo sem Vísindasjóði) í samamburði við hina skólana og verkefni við KHÍ eru oftast styrkt af menntamálaráðuneyti eða unnin skv. verksamningi en í hinum skólunum. Tafla 23 sýnir ekki umfang eða heildarfjölda styrkja heldur hvaðan tiltekin verkefni fá fjárstyrk. Því áttu svarendur að merkja við eins marga svarmöguleika og við átti og eru

Tafla 22. Útlagður kostnaður og styrkir

	Fjöldi birtinga	Hlutfall svara %	Hlutfall birtinga % *
Enginn útlagður kostnaður	185	24	30
Engir styrkir	67	9	11
Frá rannsóknasjóðum innan háskólanna	102	13	16
Frá aðstoðarmannasjóðum innan háskólanna	11	1	2
Ferðastyrkur frá háskólanum	8	1	1
Styrkur frá menntamálaráðuneyti	36	5	6
Styrkur úr Vísindasjóði [nú Rannsóknasjóði] og markáætlunum í umsjá Rannís	113	15	18
Styrkur frá ESB	53	7	9
Styrkt af einkaaðilum	7	1	1
Útseld vinna skv. samningi	81	11	13
Aðrir styrkir	100	13	16
Alls	763	100%	122%

* Í sumum tilvikum eru verkefni flokkuð á fleiri en einn veg. Heildarhlutfall birtinga/tilvika er því hærra en 100%.

heildarhlutfallstölur því hærri en 100%. Af heildarhlutfallstölum má jafnframt ætla að rannsóknarverkefni við HÍ hafi að jafnaði verið styrkt af fleiri aðilum en verkefni hjá HA og KHÍ.

Teknar voru saman í stuttu máli upplýsingar um þá styrktarsjóði sem kennarar geta sótt í og eru reknir af KHÍ, HÍ og HA. Í háskólunum þremur eru reknir rannsóknarsjóðir og vinnumatssjóðir og í HÍ og KHÍ eru reknir aðstoðarmannasjóðir. Þá reka skólarnir einnig tiltekna sjóði sem greint er frá hér að neðan.

Tafla 23. Fjármögnun rannsókna greind eftir háskólum

	Hlutfall birtinga KHÍ %	Hlutfall birtinga HÍ %	Hlutfall birtinga HA % *
Enginn útlagður kostnaður	29	27	36
Engir styrkir	7	6	26
Styrkur úr Vísindasjóði [nú Rannsóknasjóði] og markáætlunum í umsjá Rannís	12	39	15
Frá rannsóknasjóðum háskólanna	15	36	1
Útseld vinna skv. samningi	18	2	10
Aðrir styrkir	17	15	15
Styrkur frá menntamálaráðuneyti	10	1	2
Styrkur frá ESB	7	12	9
Frá aðstoðarmannasjóðum háskólanna	-	-	-
Ferðastyrkur frá háskólanum	-	-	-
Styrkt af einkaaðilum	-	-	-
Alls	115%	138%	114%


* Í sumum tilvikum eru verkefni flokkuð á fleiri en einn veg. Heildarhlutfall birtinga/tilvika er því hærra en 100%.

Styrkir úr Vísindasjóði

Á árunum 1995 til 2003 skiptust styrkupp hæðir úr Vísindasjóði eftir fagsviðum þannig að félagsvísindi fengu að meðaltali 14% af styrkupp hæðum á tímabilinu, hugvísindasvið 20%, heilbrigðis- og lífvísindi 31% og hlutfallslega mest rann til náttúruvísinda og umhverfisrannsókna eða 35% (mynd 2).

Ef hugað er að framboði og eftirspurn styrkja má skoða hlutfall milli þess sem er sótt um í sjóðinn og veittra styrkja. Tafla 24 sýnir úthlutun styrkja úr Vísindasjóði til félags- og hugvísinda á árunum 1998 til 2002, eða

Mynd 2. Skipting styrkuppþæða úr Vísindasjóði 1995–2003 í meginfagsvið



Heimild: Skýrsla um styrkveitingar Vísindasjóðs 1995–2003, 2003. Reykjavík. Rannís.

Því tímabili sem er til grundvallar í úttektinni. Alls sóttu 670 einstaklingar/stofnanir um rúmlega 1.215 milljónir kr. Af þeim fengu 353 aðilar styrki að upphæð ríflega 333 milljónir kr. Þannig fær helmingur umsækjenda styrki fyrir rúmlega fjórðungi þess sem sótt er um að meðaltali.

Tafla 24. Styrkir til félags- og hugvísinda úr Vísindasjóði 1998–2002

	Fjöldi umsókna	Sótt um samtals þ.kr.*	Fjöldi styrkja	Veitt samtals þ.kr.	Veitt í % af sótt	Fjöldi styrkja í % af fj. umsókna	Meðalstyrkur þ.kr.
Samtals	670	1 215 300	353	333 300			
Meðaltal á ári	134	243 040	70	66 660	28%	52%	964

* á föstu verðlagi – Heimild: Skýrsla um styrkveitingar Vísindasjóðs 1995–2003, 2003. Reykjavík. Rannís.

Á árunum 1998 til 2003 (sex ár) voru veittir 88 styrkir til verkefna á sviði félagsvísinda. Af þeim voru 69 verkefnisstyrkir en einnig nokkrir kynningar-, forverkefnis- og rannsóknarstöðustyrkir. Alls geta 22 af 88 styrkjum talist til menntarannsókna, eða 25% verkefna. Þau verkefni sem teljast ekki til menntarannsókna eru t.a.m. verkefni á sviði hag- og viðskiptafræði, lögfræði og stjórn málafræði. Í töflu 25 kemur fram hvernig þessir 22 styrkir til menntarannsókna skiptast á rannsóknasvið, eða fagsvið. Rétt er að taka fram að sum verkefni geta verið þverfagleg en hvert verkefni er skráð á einu fagsviði.

Tafla 25. Fagsvið menntarannsókna sem fengið hafa styrk úr Vísindasjóði 1998–2003

	Fjöldi verkefna	Hlutfall verkefna %
Félagsvísindi, almennt	4	18
Félagsfræði	4	18
Fjölmiðlafræði	1	5
Kennslufræði	4	18
Uppeldis- og sálarfræði	9	41
Alls	22	100%

Heimild: Skýrsla um styrkveitingar Vísindasjóðs 1995–2003, 2003. Reykjavík. Rannís.

Á árunum 1998–2003 veitti Vísindasjóður 132.535 þ.kr. til verkefna á sviði félagsvísinda, þar af runnu 24.750 þ.kr. til rannsókna á sviði menntamála eða tæplega 19% (tafla 26).

Í háskólunum þremur eru reknir rannsóknarsjóðir og vinnumatssjóðir og í HÍ og KHÍ eru reknir aðstoðarmannasjóðir. Þá reka skólarnir einnig tiltekna sjóði sem greint er frá hér að neðan.

Ríkisstjórnin efndi til markáætlunar um upplýsingatækni og umhverfismál á árunum 1999–2004. Rannsóknarverkefni um menntamál hlutu styrki innan markáætlunarinnar, einkum á sviði upplýsingatækni. Auk þess hafa nemendur í framhaldsnámi fengið styrk úr Rannsóknarnámssjóði, en mjög er misjafnt milli ára hve vel þeim sem stunda menntarannsóknir hefur farnast. Hluttur þeirra virðist hafa aukist eftir því sem aukin áhersla hefur verið lögð á að styrkja rannsóknir doktorsnema.

Tafla 26. Styrkir til félagsvísinda og á sviði menntarannsókna 1998–2003⁵

	Fjöldi styrkja	Styrkir samtals þ.kr.	Meðalstyrkuppþæð þ.kr.	Hæsti styrkur þ.kr.	Lægsti styrkur þ.kr.
Félagsvísindi í heild	88	132 535	1 506	6 600	120
Menntarannsóknir einar sér	22	24 750	1 125	3 200	300

Heimild: Skýrsla um styrkveitingar Vísindasjóðs 1995–2003, 2003. Reykjavík. Rannís.

Rannsóknasjóðir háskólanna

HÍ, KHÍ og HA reka allir eigin rannsóknasjóði. Hlutverk sjóðanna er að efla rannsóknarstarfsemi og nýsköpun þekkingar við skólana og geta fastir kennarar og sérfræðingar sótt um styrk úr sjóðunum. Einnig er hægt í HÍ að sækja um lausn frá kennsluskyldu vegna tiltekinna verkefna sem hafa fengið fjárveitingu. Við mat á umsóknum „skal fyrst og fremst fara eftir vísindagildi þeirra, enn fremur skal höfð hliðsjón af rannsóknavirkni umsækjenda“. Úthlutanir sjóðanna eru þó ólíkar að upphæðum milli skóla. Við KHÍ hefur verið gert ráð fyrir að einstakir styrkir séu á bilinu 50 þ.kr. til 400 þ.kr. og meðalstyrkuppþæð síðustu þriggja ára hefur verið í kringum 110–150 þ.kr. Í HA er meðaltal styrkuppþæða á bilinu 300 til 500 þ.kr. og í HÍ frá 600 til 700 þ.kr. Úthlutunarstefna er einnig misjöfn sem endurspeglast í því að við KHÍ fá 70–90% umsækjenda styrki, í HÍ er hlutfall styrkþega um 80% en mun lægra í HA eða um 40%.¹³ Þetta kemur heim og saman við svör háskólakennara í spurningalistakönnun þar sem sjá mátti að mun færri styrkir eru veittir úr Rannsóknarsjóði HA en rannsóknarsjóðum hinna skólanna (tafla 23).

Vinnumatssjóðir

Samkvæmt kjarasamningum eiga háskólakennarar með rannsóknarskyldu rétt á greiðslum fyrir árangur í rannsóknum og nýsköpun í kennslu umfram vinnuskyldu. Þeir skila því inn vinnumatsskýrslum árlega til rannsóknarsviðs viðkomandi skóla sem metur rannsóknarstörf kennaranna til tiltekinna stiga sem eru síðan metin til launa. Þetta vinnumat er ennfremur notað sem grundvöllur mats á framgangi háskólakennara. Rannsóknarstigin gefa þó misháa upphæð milli háskólanna. Fræðimenn við HÍ sem fá úthlutað úr vinnumatssjóði fá helmingi meira fyrir hvert stig en háskólakennarar í KHÍ.¹⁴ Að sama skapi er lágmarksstigafjöldi sem þarf til að fá úr sjóðunum mishár milli skóla. Þannig þarf sjö stig að lágmarki á ári við HÍ og HA til að fá greitt úr sjóðunum en 10 stig í KHÍ.

Aðstoðarmannasjóðir

Í KHÍ og HÍ eru reknir aðstoðarmannasjóðir sem hafa þann tilgang að styrkja rannsóknarmenningu við skólana. Þessi sjóður gerir kennurum kleift að ráða nemendur sér til aðstoðar við rannsóknir eða kennslu. Með því fá nemendur tækifæri til að þjálfa sig í faglegum vinnubrögðum. Styrkuppþæð var 85 þ.kr. árið 2004 í HÍ og 80 þ.kr. í KHÍ. Fjármögnun í aðstoðarmannasjóðum er árlegt framlag ákveðið af háskólaráðum.

Aðrir sjóðir við Háskóla Íslands¹⁵

Tækjakaupasjóður Háskóla Íslands

Á vef HÍ kemur fram að Tækjakaupasjóði er ætlað að efla rannsóknir og kennslu við háskólann og styrkir hann kaup á sérhæfðum tækjum til kennslu og rannsókna. Kennarar og sérfræðingar Háskóla Íslands geta sótt um stuðning sjóðsins. Fjárveiting til sjóðsins er ákveðin árlega af háskólaráði.

Kennslumálasjóður Háskóla Íslands

Tilgangur Kennslumálasjóðs Háskóla Íslands er að stuðla að nýmælum í kennsluháttum og endurbótum á kennslu við háskólann, þ.m.t. að stuðla að þróun á kennslu, kennslumati og gæðakerfum almennt. Eins og

¹³ Upplýsingar sóttar á vefi háskólanna og rætt við fulltrúa rannsóknasviðs.

¹⁴ Upplýsingar sóttar á vefi háskólanna og rætt við fulltrúa rannsóknasviðs. Á vordögum 2005 var tekin ákvörðun í háskólaráði KHÍ að tvöfeldi framlag í vinnumatssjóð.

¹⁵ http://www.hi.is/pub/rann/rannsoknasvid/ums_sjodir.html

með aðra sjóði rekna af HÍ hafa kennarar og sérfræðingar skólans rétt á að sækja um til sjóðsins. Fjárveiting til sjóðsins er ákveðin árlega af háskólaráði.

Sáttmálasjóður

Fastráðnir kennarar og sérfræðingar við HÍ geta sótt um styrk í Sáttmálasjóð sem styrkir utanlandsferðir í „*vísindalegum tilgangi*“ að hámarki annað hvert ár, allt að 14 daga hverju sinni. Sá hluti styrksins sem er fyrir fargjöldum er í kringum 100.000 kr. og má skipta honum á tvær eða fleiri ferðir ef óskað er.

*Aðrir sjóðir við Háskólann á Akureyri*¹⁶

Styrkur Akureyrarbæjar

Sjóðurinn veitir styrki til smærri verkefna á ýmsum sviðum Háskólans á Akureyri, samstarfsstofnana hans og nemendafélaga. Samstarfsstofnanir HA eru t.d. Orkustofnun, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Sjóðurinn styður t.a.m. ráðstefnur, útgáfu og kynningarstarfsemi og kynnis- og námsferðir fræðimanna. Styrkuppþæð á árunum 2001–2002 nam einni milljón króna.

Ráðgjafasjóður

Samkvæmt samningi HA við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) geta fræðimenn skólans sótt um aðstoð með vinnu sérfræðinga RHA að rannsóknarverkefnum sínum. Þjónustan getur t.d. falið í sér gagnasöfnun eða úrvinnslu gagna eða aðra vinnu sem forstöðumaður RHA samþykkir.

Háskólasjóður KEA

Kaupfélag Eyfirðinga (KEA) hefur gefið yfirlýsingu um að vilja „*kosta skilgreind verkefni innan HA samkvæmt nánara samkomulagi*“. Um eðli verkefnanna segir á vef HA:

Um getur verið að ræða tímabundna fjármögnun á stöðugildum prófessora, dósentar, lektora eða rannsóknarmanna, rekstur þróunarsetra og/eða afmarkaðra eininga innan HA. Eins getur verið um að ræða beinan stuðning við rannsóknir starfsmanna og nemenda í framhaldsnámi við HA.

Aðrir sjóðir við Kennaraháskóla Íslands

Í stefnu Vísindaráðs KHÍ um rannsóknir er lögð áhersla á aukna samvinnu fræðimanna.¹⁷ Því var tekin sú ákvörðun að styrkja formlega rannsóknarhópa sem kennarar og sérfræðingar innan stofnunarinnar geta stofnað og starfrækt. Til úthlutunar vegna umsókna sem bárust 1. nóvember 2004 voru 600 þ.kr. Stofnaðir hafa verið sex rannsóknarhópar: um náttúrufræðimenntun, stærðfræði og stærðfræðimenntun, þverfaglegar rannsóknir á sviði nýmiðla, kynjafræði, fjölmenningsfræði og að lokum hópur um nám og kennslu með áherslu á einstaklingsmiðað skólastarf. Kennarar hafa rétt á að fá ferðastyrk allt að 150 þ.kr. annað hvert ár til að sækja ráðstefnu erlendis.

III. 1. 2. Annar stuðningur

Auk framangreindra sjóða sem kennarar geta sótt um styrki til er um leið vert að íhuga hvernig stuðla megi að bættu rannsóknarumhverfi til að ráða bót á helstu hindrunum í rannsóknarvinnu fræðimanna og efla rannsóknarvirkni þeirra. Í viðtölum við háskólakennara var bent á að með auknu fjármagni mætti auka rými til að veita kennsluafslátt, stofna eða styrkja aðstoðarmannakerfið frekar og síðast en ekki síst að auka möguleika til rannsókna með hærri styrkjum svo eitthvað sé nefnt.

Kennsluafsláttur

Þar sem ein helsta hindrunin í rannsóknarvirkni fræðimanna er sú að þeir verja of miklum tíma í kennslu voru fjölmargir viðmælendur sem óskuðu þess að unnt væri að „*kaupa sig út úr kennslu*“ í meiri mæli en nú er unnt að gera. Þannig mætti veita kennsluafslátt fyrir fleiri tegundir verkefna. „*Ég held að fólk eigi að semja um afslátt á kennslu við að gera árbækur og önnur slík verkefni ... leiðsögn og eitt og annað.*“ Að sama skapi mætti veita meiri kennsluafslátt t.d. fyrir stjórnun og þá þætti sem nú þegar gefa kennsluafslátt.

¹⁶ <http://unak.is/template1.asp?PageID=167>

¹⁷ <http://vefur.khi.is/sidur/skyrslur/rannsoknarstefnajan2004.pdf>

Styrking aðstoðarmannakerfis

Í KHÍ og í HÍ geta fræðimenn sótt um styrki í aðstoðarmannasjóði skólanna og ráðið til sín nemendur til aðstoðar við fræðistarf kennarans eins og áður kom fram. Að sögn viðmælenda anna þeir sjóðir ekki eftirspurn og því mætti með stærri rannsóknarsjóðum styrkja aðstoðarmannakerfið enn frekar sem mundi auka skilvirkni fræðimanna. „Ef ég fengi meiri pening þá gæti ég verið með fleiri aðstoðarmenn sem gætu safnað fleiri gögnum og fleiri þátttakendum o.s.frv. Það myndi flýta fyrir skrifunum ... svo ég gæti unnið hraðar og komist yfir meira.“

Það var þó haft á orði að þessir styrkir, sem nema um 80–85.000 kr. á önn, séu svo litlir að þeir séu nánast til málamynda. Í HA er slíkur sjóður ekki fyrir hendi og töldu viðmælendur að slíkur sjóður gæti aukið skilvirkni rannsakenda. „Það sem vantar hér og þyrfti að koma er einbverskonar aðstoðarmannakerfi. ... Auðvitað horfir maður á það til framtíðar að þetta gæti bætt vinnuumbærferfi kennaranna.“

Aukinn aðgangur að sérfræðiráðgjöf

Margir viðmælendur töluðu um að aukinn aðgangur að sérfræðiráðgjöf gæti hjálpað þeim verulega í rannsóknarvinnu þeirra. Þetta á við um þá fræðimenn sem hafa tiltölulega litla rannsóknarreynslu og vilja gjarnan leita sér aðferðafræðilegrar ráðgjafar. „Við getum líka leitað ... eftir aðstoð ... í tölvuvinnu í sambandi við innslátt og úrvinnslu og hjálp við uppsetningu, svona sérfræðivinna sem við getum leitað eftir þar. Þetta þyrfti að efla. Þetta er gott svo langt sem það nær.“

Sumir fræðimenn sem hafa mikla rannsóknarreynslu sögðust ekki geta leitað neitt því fáir kynnu meira en þeir sjálfir. Aðferðafræðikennari einn sagði t.d. „Það er ... enginn sem maður getur keypt sér ráðgjöf hjá í 2–3 tíma. ... Maður verður að treysta á sjálfan sig eins og bara að vinna með SPSS og kunna að vinna með gögnin.“ Einnig þykir flókið og þungt í vöfum að sækja um styrki til Rannís og ýmsa Evrópustyrki og var því bent á að ráðgjöf við gerð slíkra umsókna mundi koma sér vel. Að sama skapi var umtalað af þeim sem hafa fengið Evrópustyrki að mjög flókið sé að halda utan um það og nauðsynlegt væri að hafa góðan stuðning frá skólannum ætlaði fræðimaðurinn að geta haft umsjón með verkefnum. „Skólinn hefur séð um umsjón með peningunum ... það sem hefur svolítið verið finnst mér að ef skólinn ætlar að vera með umsjón þá þarf hann að standa undir því, þetta eru erfið verkefni.“

Í HÍ er rekin rannsóknarþjónusta sem veitir kennurum við skólann ráðgjöf t.a.m. varðandi umsóknir styrkja. Einnig er sagt á vef Rannsóknarþjónustu HÍ að markmið hennar sé að „styrkja tengsl Háskóla Íslands og atvinnulífs á sviðum rannsókna, nýsköpunar og hæfnisupphyggingar. Tilgangur þessara tengsla er að veita íslensku atvinnulífi stuðning á sem flestum sviðum og styrkja um leið starfsemi Háskóla Íslands“.

Í HA og KHÍ, sem hafa styttri rannsóknarsögu en HÍ, er leitað ýmissa leiða til að styðja fræðastarf kennara til eflingar rannsóknnum. Í HA hafa t.a.m. verið ráðnir erlendir ráðgjafar sem munu vinna tímabundið við skólann, við kennslu, rannsóknir og ráðgjöf. „Þeir munu ennfremur bjóða uppá námskeið sem miðar við rannsóknarfærni starfsmanna og með ráðgjöf um bæði skipulagningu rannsókna, skrifa greinar og fleira. Ég held að stofnunin standi nokkurn veginn sína „plikt“ að þessu leyti.“ Einnig hefur Rannsóknastofnun HA það hlutverk að styrkja rannsóknir almennt við skólann og eins og áður kom fram geta fræðimenn sótt um aðstoð sérfræðinga við RHA við framkvæmd rannsókna.

Þá sinnir Rannsóknarstofnun KHÍ rannsóknnum og þjónustu- og matsverkefnum og veitir starfsfólk skólans ráðgjöf eftir megni. KHÍ starfrækir einnig Menntasmiðju sem er sérhæfð þjónustumiðstöð sem hefur það meginhlutverk „að veita nemendum og starfsfólki þjónustu vegna náms, kennslu og rannsókna“. Hlutverk smiðju er m.a. hvers kyns tækjaþjónusta, m.a. tölvuþjónusta og að veita aðstoð, ráðgjöf og leiðsögn á sviði gagnagerðar og miðlunar svo eitthvað sé nefnt. Þessar tvær stofnanir hafa boðið upp á námskeið og ráðgjöf í aðferða- og tölfraði, ýmis tölvunámskeið m.a. til styrktar fjarkennslu og aðra einstaklingsþjónustu til eflingar rannsóknnum við skólann:

Hér við þennan skóla er fólk sem hefur litla rannsóknarþjálfun en er samt mjög fært á sínu sviði og þekkir sína „profession“ mjög vel. ... Það er eitt málið að auka „capacity“ fólksins sem er hér fyrir. Þess vegna höfum við verið með þessa þjónusta, reyna að þjónusta t.d. þá sem eru illa að sér í tölfraði eða slíkt.

Þá stóð Kennaraháskólinn árið 2002 að starfsdegi um eflingu rannsókna við skólann¹⁸ og hefur styrkt rann-

¹⁸ <http://rannsokn.khi.is/starfsdagur18mars/>

sóknarhópa eins og áður sagði. Með þeim er stuðlað að eflingu þverfaglegra rannsókna og þátttöku nemenda í rannsóknarstarfsemi skólans auk þess sem þeir kennarar sem hafa litla rannsóknarreynslu geta lært af þeim reynslumeiri. Ein stærsta breytingin við KHÍ til eflingar rannsóknum er sú að skipurit skólans hefur verið sett fram á þann hátt að kennsla og rannsóknir eru tvö meginsvið skólans sem endurspeglja þá áherslu skólans að efla vægi rannsókna. Rektor KHÍ sagði þetta:

Kannski er stærsti hlutinn í mínum huga við það að við séum að styrkja rannsóknir hvernig við hugsum skipurit skólans. Það sem er nýtt er að marka hlutverk skólans á tveim sviðum; annars vegar kennslusvið og hins vegar rannsóknarsvið. Að ráða ... framkvæmdastjóra rannsóknarsviðs sem hefur sama „status“ og deildarforsetar og eru í framkvæmdastjórn skólans. ... Kennararnir eiga þá að vinna á þessum tveimur sviðum. Svo höfum við önnur svið í stjórn skólans sem er þjónustan og fjármálin og það er stoðþjónusta við stóru sviðin.

Möguleikar á símenntun

Ekki voru viðmælendur allir á einu máli um hversu aðgengilegt sé að sækja símenntun. Sumir töldu ýmislegt í boði en aðrir að engir möguleikar væru á Íslandi fyrir símenntun þar sem ekki væru margir á þeirra fræðasviði eins og þessar tvær tilvitnanir gefa til kynna:

Það eru allskonar námskeið og ég held að þetta sé í góðum málum. Það er helst þegar maður er hérna fyrir norðan og langar á námskeið sem er kannski bara kennt einu sinni í viku í HÍ þá er það ekki hentugt. En það eru mörg tækifæri. Varðandi ráðstefnur þá er einhver ákveðin upphæð sem við vitum að er yfir tveggja ára tímabil sem við getum notað í það.

Held það sé mikilvægt að komast úr landi annað slagið, sjá eitthvað nýtt, held það sé eina leiðin. Ég sé enga sérstaka möguleika fyrir símenntun hérna í þessu landi ... mér finnst þetta bara svo lítið og lítið í gangi og ég held maður verði að fara utan.

Rannsóknarmisseri fræðimanna er vafalaust þeirra helsta tækifæri til símenntunar. Um leyfi háskólakennara frá kennslu segir á vef Rannsóknarsviðs HÍ. „*Heimilt er háskólaráði að lækka eða fella niður kennslu- og stjórn-skyldu háskólakennara 1 eða 2 misseri í senn til þess að gera honum kleift að verja samsvarandi auknum hluta vinnutíma síns til rannsóknastarfa.*“ Sumir höfðu á orði að möguleiki þeirra á rannsóknarmisseri væri einn helsti kostur starfs þeirra:

Rannsóknarleyfi finnst mér vera gulrótin í þessu starfi og þá gefst manni tækifæri til að kafa verulega í eitthvert efni, skrifa og gera allt það sem maður hefur ekki haft tíma til að gera. Ef kennarar semja rannsóknarleyfið af sér ... þá myndi ég fara að vinna við eitthvað annað því þá myndi mér vera búið að gera út af við rannsóknarhlutann.

III. 2. Helstu hindranir

Þegar fræðimenn voru spurðir að því hverjar væru helstu hindranir við að sinna rannsóknum voru nokkur atriði sem komu ítrekað fram. Í fyrsta lagi varð fólki tíðrætt um of mikið vinnuálag; að kennslan og stjórnunarstörf tækju tíma frá rannsóknarvinnu. Í Kennaraháskólanum voru þó margir sem töldu að helstu hindranirnar væru fólgnar í óöryggi og lítilli rannsóknareynslu margra starfsmanna. Þá var einnig bent á að það vantaði bjargir til rannsókna og margir fundu tilfinnanlega fyrir því að vera „*einir*“ í sínum störfum.

III. 2. 1. Vinnuálag: Of mikil kennsla og stjórnun

Það var álit flestra viðmælenda að helsta hindrunin í rannsóknarvinnu væri einfaldlega of mikið vinnuálag og því vildu rannsóknir sitja á hakanum í sumum tilvikum. Vinnuálagið grundvallast bæði á of mikilli kennslu og stjórnunarstörfum en hvoru tveggja eru aðkallandi verkefni sem ekki er hægt að ýta á undan sér eins og hægt er að gera með rannsókni. „*Starfsaðstæður hindra alveg að þó maður vildi vera í rannsóknum allan daginn þá kemst maður ekki í þær. Það er bara stjórnun og kennsla endalaust, maður fær aldrei þessa heilu daga sem maður þarf.*“

Til þess að reyna að sinna rannsóknarskyldunni hefur fólk leitast við að skipuleggja tímann þannig að kenna í lotum og hafa meiri tíma til rannsókna þess á milli. „*Maður reynir að skipuleggja þannig að maður geti bútað niður og fundið sér tíma en þetta er kúnst.*“ Til marks um mikið vinnuálag fræðimanna þá sögðust margir ekki hafa tekið sér fullt sumarfrí í nokkur ár og reyndu þannig að sinna rannsóknarskyldunni á sumrin. „*Maður hefur helst tíma á sumrin.*“ Þá er svo mikið um yfirvinnu á kvöldin og um helgar í þessu vinnuumhverfi að slíkt þykir í reynd sjálfsagt og eðlilegt:

Ef ég tek sjálfa mig sem dæmi. Ég stýri námsbraut og er í kennslu en hef samt reynt að hafa hana ekki upp úr öllu valdi. Í fyrravetur var ég á kafi í rannsóknum en í vetur ákvað ég að ýta rannsóknunum út af borðinu vegna þess að ég var hér meira og minna öll kvöld og allar helgar í fyrravetur. ... Ég held það sé bara misskilinn velvilji hjá okkur gagnvart stofnuninni að ætla að bjarga öllu. Það þýðir að það dregur úr rannsóknum.

Fólk er að kenna of mikið og það er búið að ákveða að setja þak en samt eru menn að vinna of mikla yfirvinnu. Það var ákveðið að lækka þakið til þess að þvinga fólk til að sinna rannsóknarskyldunni.

En hvers vegna kennir fólk eins mikið og raun ber vitni? Þar kemur tvennt til; annars vegar að með breyttu kennsluumhverfi verður kennslan sífellt tímafrekari og hins vegar kennsluhvetjandi launakerfi.

Breytingar á kennsluumhverfi

Varðandi breytt kennsluumhverfi má nefna þróun fjarnáms, þróun nýrra brauta og meiri kröfur nemenda um aukið framboð menntunar. Árið 1998 voru sameinaðir fjórir starfsmenntaskólar í einn háskóla, þ.e. Kennaraháskóli Íslands, Fósturskóli Íslands, Íþróttakennaraskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands. Á síðustu árum hefur Kennaraháskólinn þannig farið í gegnum miklar breytingar. Að auki var aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla breytt árið 1999 sem hafði í för með sér breytingar á skólustarfi. Eftirfarandi orð fræðimanns við KHÍ endurspeglar áhrif þessara breytinga:

Mér finnst hafa háð mér við rannsóknir að við erum búin að vera að fara í gegnum ofboðslegt breytingaferli frá því að skólarnir sameinast og stóraukin áhersla á fjarkennslu. Maður er búinn að eyða alveg gífurlegum tíma í endur- og símenntun í tengslum við kennslu í staðinn fyrir að vera í sínu eigin fagi. Þegar ég horfi til baka þá er ég búin að sækja alveg fjöldann af námskeiðum í sambandi við tölvuna og þetta gleypir mann svolítið. Það eru þessar eilífu breytingar, námskrárbreytingar, þetta er svo tímafrekt. Þannig að þegar upp er staðið finnst manni standa alltof lítill tími eftir til að stunda almennilegar rannsóknir og þetta finnst mér há manni verulega.

Að sama skapi hafa verið breytingar við Háskólann á Akureyi og Háskóla Íslands. Kennaradeild HA tók til starfa haustið 1993 og er því í stöðugri þróun og uppbyggingu á nýju námi. Deildarforseti kennaradeildar hafði m.a. á orði að sum árin hefði hann þurft, vegna manneklu, „að leggja of mikla kennslu á fólk“. Við félagsvísindadeild Háskóla Íslands hefur menntunarfræðiskorin einnig verið í hraðri uppbyggingu á síðustu árum, ekki síst með tilkomu framhaldsnáms:

Eins og þetta hefur verið undanfarin ár þá hefur þessi skóli og þessi deild vaxið mjög hratt og fólk hefur verið hér nánast sligað af kennsluálagi og að taka að sér alltof mikla kennslu vegna þess hversu hratt deildin hefur fengið að vaxa en að sama skapi ekki verið ráðið inn fólk.

Með fjölgun háskóla er enn fremur komin samkeppni um nemendur sem gerir sífellt meiri kröfur til háskólakennara. „Það er sjálfkrafa meiri krafa frá nemendum þegar það er komin samkeppni um nemendur ... mér finnst nemendur ofsalega kröfuharðir. ... Það er ekkert hægt að komast upp með kennsluáðferðir eða kennslulag eins og var hérna fyrir 10 árum.“

Launakerfið er kennsluhvetjandi

Hin meginástæðan fyrir of miklu kennsluálagi á fræðimönnum er að launakerfið er í reynd fremur kennsluhvetjandi en rannsóknarhvetjandi. „Þankagangurinn er kennslumiðaður því þar eru peningarnir.“ Grunnlaun lektora hafa verið á bilinu 180–200.000 kr. á mánuði. „Það er erfitt að vera bara í 100% kennslu, maður er ekki of sáll af þessum launum.“ Fræðimenn taka að sér yfirvinnu í kennslu til að hækka launin:

En svo er náttúrulega meginmeinið hérna að launakerfið gerir það að verkum að til að hafa sæmileg laun þá þarftu að vera með mikla kennslu og þegar þú ert kominn með talsverða yfirvinnu þá er náttúrulega tíminn til rannsókna fókinn.

Jafnvel þótt vinnumatssjóður útteili launum á grundvelli birtinga kemur sú umbun ekki fyrir en eftir nokkurn tíma. Ef fræðimenn verja tíma sínum í rannsóknir fá þeir hugsanlega umbun eftir nokkur ár og því þykir fjárhagslega „áhættusamt“ að verja tímanum í rannsóknir:

Svolítið svekkjandi fyrir þessa nýráðnu lektora að vera ráðnir á lægri launum en ef þeir væru í kennslu í framhaldsskóla. ... Þetta er ekkert gott upp á rannsóknarumhverfið heldur, vegna þess að þú kemur úr námi skuldugur upp fyrir haus og þú þarft tekjur, þú þarft tekjur núna. Þú þarft ekki tekjur úr vinnumatssjóði kannski næsta ár. Ég held að fólk sem kemur nýtt hérna inn, það þarf að kenna mikið því þar fær það yfirvinnuna sem eru öruggar tekjur. Þá kemur það niður á rannsóknarhlutanum.

Almennt var þó talið að ef fræðimenn sinntu „*einungis 100% kennslu*“ þá væri e.t.v. raunhæft að unnt væri að sinna rannsóknarskyldunni, að því tilskildu að þeir væru ekki í mikilli stjórnun. Því var almennt mál manna að væru reglur um kennsluafslátt rýmri og næðu til fleiri verkefna en nú er væri unnt að koma til móts við kennara sem myndi stuðla að meiri rannsóknarvirkni.

III. 2. 2. Bjargir skortir

Annað sem hindrar rannsóknarvirkni er skortur á ýmsum björgum til rannsókna; t.d. aðgengi að ráðgjöf, möguleikum á samvinnu, rannsóknarreynslu og fjármagni.

Vinna mikið einir

Í vísindasamfélaginu eru einyrkjarannsóknir í menntamálum algengasta formið eins og fram kom í síðasta kafla og því stundum sagt að þeir séu sem fræðimenn eins og „*sérstofnun*“. „*Menn eru meira og minna hver í sínu horni og eru að fást við vel afmörkuð mál.*“ Þetta er það form sem margir aðhyllast í vísindasamfélaginu en hins vegar nefndu nokkrir viðmælendur það sem eina helstu hindrunina í starfi fræðimannsins. „*Háskóla-kennarar eru voða mikið að vinna einir á sínu sviði og það er svolítið hjjandi.*“ Annar fræðimaður með mikla rannsóknarreynslu tók undir þetta. „*Það er ekkert „studningsbatteri“ og maður verður bara að klóra sig út úr blut-unum sjálfur. Maður þarf bæði að hafa ákveðna þrautseigju og gefast ekki upp.*“

Skortir reynslu

Eins og áður kom fram voru fjórir starfsmenntaskólar sameinaðir og gerðir að einni kennaramenntunarstofnun á háskólastigi 1. janúar 1998. Aðeins einn skólinn, þ.e. Kennaraháskóli Íslands, hafði þá starfað „*sem formlegur háskóli með rannsóknir sem viðurkennt viðfangsefni*“. Það þýddi að í kjölfar sameiningarinnar var hluti starfsfólks með litla eða enga rannsóknarreynslu. Því kom fram hjá viðmælendum við Kennaraháskólann að marga skorti öryggi og reynslu af rannsóknarvinnu. „*Ég giska á að veigamikil hindrun sé einfaldlega slakur grunnur til rannsókna. Mjög margir þyrftu því hjálfun eða að vera í sterku teymi ... mikið óöryggi.*“ Í kjölfar sameiningar skólanna einbeitti skólinn sér því markvisst að eflingu rannsóknarfærni og rannsóknarmenningu við skólann. „*Aðalvandinn er þó aðallega „kúltúrinn“. Það er innstillingin hjá fólki. Fólk samsamar sig ekki sterkt við þetta rannsóknarblutverk. ... Það hafa [verið] ... gerðar ýmsar breytingar sem eru skref í þessa átt.*“¹⁹

Að sama skapi kom það fram hjá viðmælendum við HA að það taki nýráðna kennara tíma að ná tökum á kennslunni og að nokkur tími líði áður en fullri rannsóknarvirkni sé náð. Þannig hafi það áhrif á rannsóknarvirkni skólans hversu nýr hann er og í örum vexti:

Þegar fólk kemur héra til starfa þá er það svolítið átak fyrstu tvö árin að sinna kennslunni sem er bara eðlilegt. ... Af því ef þeir gera það ekki þá þurfa þeir að taka að sér meiri kennslu til að hafa sæmileg laun og það leiðir aftur til þess að það verður enn erfiðara að byrja á rannsóknnum. Þannig að stundum tekur allt upp í fjögur, fimm ár að koma sér út úr þessum upprunalegu erfiðleikum.

Fjármögnun erfið

Viðmælendum varð tíðrætt um þröngt fjárhagslegt svigrúm annars vegar til að standa undir kostnaði við gagnaöflun stærri rannsókna og hins vegar til að standa straum af kennslukostnaði. Það var haft á orði að það skjóti skökku við að rannsóknarvinna eigi að vera um 40–43% af starfi fræðimanna þegar ekki er hægt að nálgast fjármagn til að standa straum af kostnaði. „*Það er alltaf töluverður kostnaður og það takmarkar hvað maður getur gert.*“ Stofnanirnar eru allar undirmannaðar sem gerir það að verkum að fræðimenn þurfa að taka að sér of mikla kennslu:

Ég held að yfirvinnan í kennslu komi niður á þessu og það ætti eiginlega að banna yfirvinnu í kennslu til að tryggja að fólk fái næði til að sinna rannsóknnum. Við erum bara svo undirmönnuð, ég sé enga framtíð í þessu nema það verði tekin skólagjöld eða verulega aukið fjármagn. ...Við þyrftum að breyta þessu umhverfi, það er ekki hægt að reka skólann með þessu fé sem við höfum með þessu vinnulagi.

Umræddar stofnanir hafa þurft að ganga langt í að hagræða og skera niður fjármagn til kennslu til að hafa möguleika á að fjármagna eflingu rannsókna. Viðmælendur við KHÍ sögðu um þetta:

¹⁹ *Stefnumörkun um rannsóknir við Kennaraháskóla Íslands*, 2000. Rannsóknarstofnun KHÍ.

Tilurð Rannsóknarstofnunar, aðstoðarmannasjóðs og rannsóknarsjóðs, allt þetta er fjármagn sem er tekið af kennslu. Háskólaráð býr þetta til innanhúss. Hagræðing í kennslu er notuð til að fjármagna þetta. Það er ekki sett fjármagn inn í þetta af ríkinu. En það er ekki endalaust hægt að ganga á kennsluna eða hagræða til að fjármagna rannsóknir.

Ríkið hefur náttúrulega alltaf verið að bíta meira og meira af rannsóknarfjármagni. Fyrir nokkrum árum þurftum við að verja 63% í að greiða kennsluhlutann. Nú er það hlutfall komið í 75%. Því þarf alltaf að hagræða í kennslunni.

Rannsóknarsjóðir háskólanna eru rýrir

Rannsóknarsjóðir háskólanna, sérstaklega í KHÍ og HA, þykja vera rýrir sem stuðlar að því að rannsóknir verða smærri í sniðum en ella:

Megnið af því sem fólk hefur verið að hugsa um hér er smátt í sniðum og fólk lagar sig að þessu umhverfi. Skeggið er hökunnin skylt. Fólk stillir upp miðað við sjóðina sem eru tiltækir. Kannski er of mikið „kríudrit“ í þessu, kannski erum við að gefa of marga litla styrki.

Að sama skapi eru aðstoðarmannasjóðir takmarkaðir en greiddar eru 80–85.000 kr. á önn fyrir styrkþega. Haft var á orði að þessir styrkir væru svo lágir að þeir væru í reynd „*einungis táknrænar*“, til að stuðla að samstarfi kennara og nemenda.

Fræðimenn við Háskóla Akureyrar bentu jafnframt á, varðandi smæð rannsóknarsjóðs skólans, að hann hafi vaxið mjög lítið á sama tíma og kennurum hefði fjölgað verulega. Því hefði fólk þurft að fjármagna sjálft sínar rannsóknir og greiða beinan kostnað t.d. til ferðalaga. „*Ég fékk enga styrki til þess [ferðalaga] og þetta er fullkomlega óþolandi aðstaða.*“

Styrktarsjóðir

Það þykir mjög erfitt að fá styrki hjá stærri styrktarsjóðum á borð við Vísindasjóð (nú Rannsóknasjóð) og ýmsa styrki á vegum Evrópusambandsins. Langan tíma tekur að útbúa umsóknir og litlir möguleikar á styrkjum. Eftirfarandi tilvitnanir lýsa vel viðhorfum háskólakennara til styrkjakerfisins:

Hindranir [við rannsóknir] eru fyrst og fremst tíminn og peningar. Það er ofsaleg orka þegar maður er búinn að sækja einu til tvisvar sinnum um í Evrópusjóði eða Rannís og fær ekki ... Þetta styrkjaumhverfi hér á landi er ótrúlega snúið. Umsóknin þín fær hugsanlega A en þú færð samt ekki styrk. Fólk er alveg að gefast upp á þessu. Það er gígantísk vinna að sækja um og litlum peningum til að dreifa. Þá bara nennir maður ekki þessu harki og til hvers? Þá bara gerir maður ódýrar rannsóknir.

Það mætti líkja þessu kerfi við risaeðlu. Allt ferlið, styrkjakerfið, rannsóknarvinnan sjálf, dreifingin. Það er ekkert til í þessu kerfi að maður geti bara búist við því að fá „instant gratification“. Þú verður að horfa á allt til mjög langs tíma. Hugsaðu þér að vinna dag og nótt við umsókn og bíða í 6 mánuði eftir svari. Allt svo þungt, endalaust af eyðublöðum og ... verður verra og verra því verkefni og báknið stækkar og stækkar.

Mörgum verður einnig tíðrætt um þá þróun að sífellt sé aukin krafa um stærri verkefni og um leið meiri stjórnsýslu í kringum umsóknarferli og rekstur verkefnanna. Bent var á að það sé vart á færi háskólakennara að reka svo stór verkefni með þeim björgum sem þeir búa við á sínum stofnunum:

Í 6. rammaáætlun ESB er sú áhersla að þeir vilja alltaf stærri og stærri verkefni. Við erum að tala um gígantíska peninga og verkefni sem eiga kannski að vera til 5-6 ára og þú veist – hvemig í ósköpunum á háskólakennari að geta „*coordinerað*“ svona rannsókn? Ofsalega litlar bjargar. Umhverfið einkennist af fjársveldi. Hér á háskólakennarinn að gera allt nema kannski að skúra gólf. ... Það þarf stuðningsbatteri ... halda utan um öll samskiptin, sjá um fjármál, bókarar sem þarf að kunna að færa inn hvemig eigi að fara með verktakagreiðslur. Þetta er bara allt önnur þekking. Það þarf að reka þetta eins og fyrirtæki.

Það var haft á orði hjá þeim sem til þekktu að nýtt fyrirkomulag styrkja hjá Rannsóknasjóði væri af hinu góða. Þeir væru að bregðast við breyttum áherslum í vísindasamfélaginu á þann hátt að útdeila úr Rannsóknasjóði annars vegar öndvegisstyrkjum og hins vegar verkefnisstyrkjum:

Þeir [Rannsóknasjóður] fara skynsamlega að, búnir að laga þetta. Ég hef t.d. ekki nennt að sækja um Rannís styrki í nokkur ár því maður fékk ekki það mikið að það skipti verulegu máli og vinnan í kringum þetta svo mikil að það tók því ekki. ... Of mikil „*bjúrokratía*“. Nú hefur þessu verið breytt þannig að þeir eru með flokk fyrir svona

„smælki“, þ.e. minni rannsóknir með „minimal bjúrokratíu“ og svo flokk fyrir stærri rannsóknarverkefni með öflugra „bjúrokratíu“. Virkar vel.

Einnig var bent á að einyrkjahefðin sé svo sterk að það reynist mörgum fræðimönnum erfitt að deila rannsóknarhugmyndum sínum með öðrum stofnunum eða öðrum aðilum:

Ef rannsóknarstofan er aðili að umsóknnum í [Rannsóknasjóði] þá er það sterkari umsókn en ef það væri á vegum einstaklinga. Á móti kemur að hvers vegna ætti ég sem fræðimaður að vilja hafa mínar rannsóknir undir einhverri stofnun og forstöðumaður hennar titlaður umsjónarmaður verkefnisins. Þá kemur þar aftur inn drottningarstíll. Hver og einn vill hafa umsjón með sínu verkefni og það þarf að finna lausn á þessu.

Félagsvísindin eiga á brattann að sækja

Félagsvísindarannsóknir eiga ennfremur á brattann að sækja í samkeppni um styrki við raunvísindafólk. Þar koma til nokkrir þættir. Stjórnendur vísindamála á sviði menntunar hafa orðið varir við að sumir stjórnendur vísindamála á landinu gera sér ekki grein fyrir nauðsyn þess að stunda rannsóknir á sviði menntamála: „*Það eru margir sem hafa ekki skilning á að það þurfi að rannsaka skólustarf. Þykir bara sjálfgefið hvað þar [í skólum] fer fram. Þetta heyrir maður hjá raunvísindafólki. Það blæs á slíkar rannsóknir. ... Þetta er háþólitískt mál.*“

Mörgum viðmælendum þótti sú þróun styrktarsjóða að veita sífellt færri en stærri styrki ekki henta félagsvísindum. Slíkir sjóðir væru fremur sniðnir utan um þarfir raunvísinda og bent var á öndvegisstyrki Rannsóknasjóðs (áður Vísindasjóðs) í því sambandi. Því var bent á nauðsyn þess að tryggja hverju fagsviði ákveðið fjármagn, hvort sem það fer í öndvegisstyrki eða verkefnastyrki, í stað þess að öll vísindasvið keppi um sama sjóð. Eftirfarandi tilvitnun lýsir því nánar hvað við er átt:

Það er stefnan hjá Evrópusambandinu að það eiga að vera net rannsóknarverkefna ... Þannig er verið að stíla inn á mjög stór rannsóknarverkefni og [Rannsóknasjóður] hefur brugðist við þessu með þessum öndvegisstyrkjum. ... Öndvegisstyrkir hafa minna nýst félags- og hugvísindum. ... Öndvegisstyrkir eru að hluta til teknir af verkefnastyrkjum og ef þeir fara bara í raun- eða náttúruvísindi þá er náttúrulega verið að flytja fjármagn milli fagsviða. ... Því þarf að tryggja hverju fagsviði fjármagn burtséð frá því hvort það fari í öndvegis- eða verkefnastyrki.

Að lokum var bent á að ekki sé sama hefð í félagsvísindum fyrir teymisrannsóknnum og dæmi eru um í rannsóknnum raunvísindamanna. Því skortir bæði reynslu á sviðinu til að sækja um þá stóru styrki sem menn á ólíkum vísindasviðum keppa um og ekki síður við að stjórna verkefnunum:

Ég held að eitt af því sem hefur átt erfitt uppdráttar á þessu rannsóknarsviði [menntamála] frekar en í náttúruvísindum sé að mönnum gengur illa að búa til rannsóknaráætlanir sem taka á stærri verkefnum. Það þarf mikinn undirbúning og samvinnu kannski fjögurra fimm sérfræðinga og svo þarf að sækja um pening í þetta og þessi kúltúr hefur ekki skapast í þessum rannsóknnum. Menn eru meira og minna hver í sínu horni og eru að fást við vel afmörkuð mál.

IV. Rannsóknarnám

Þegar hugað er að björgum og aðstæðum til þess að byggja upp rannsóknir í menntamálum er vert að líta til aðstæðna við uppbyggingu framhaldsnáms. Mikil eftirspurn hefur verið eftir framhaldsnámi í menntunarfræðum og var þessi uppbygging til umfjöllunar í viðtölum við fræðimenn. Einnig voru greindar rannsóknarritgerðir meistaranemenda sem útskrifuðust á árunum 1998–2003 út frá rannsóknarsviðum, aðferðafræði rannsókna og markhópum.

IV. 1. Uppbygging rannsóknarnáms

Framhaldsnám á háskólastigi hefur vaxið hratt síðasta áratuginn. Á árunum 1999 til 2004 brautskráðust 132 nemendur úr meistaranámi við félagsvísindadeild HÍ. Haustið 2004 hafði Kennaraháskólinn útskrifað rúmlega 100 meistaranema. Kennaradeild HA er að sama skapi að þróa meistaranám við skólann og hafði útskrifað fjóra nemendur haustið 2004. Framhaldsnámið hefur haft margþætta þýðingu fyrir háskólastarfið og skólakerfið í heild sinni. Það hefur haft áhrif í þá veru að efla rannsóknir við háskólana, bæta ímynd þeirra og efla faglegar umræður eins og þessar tilvitnanir sýna:

Framhaldsnámið hefur breytt ímynd skólans. Þetta hefur styrkt hann inn á við, þetta hefur styrkt kennarana al-

veg gríðarlega ... aukin ábyrgð og þeir læra heilmikið í gegnum verk nemenda sinna sem svo aftur eru í sterkum tengslum við vettvanginn.

Framhaldsnámið hefur haft ofboðsleg áhrif á faglegar umræður hér við skólann og í samfélaginu. Hugtakaforðinn hefur eflst verulega og það sem nú er rætt um á kennarafundum er á miklu hærra plani en áður var. Ég held að það væri hægt að kveða sterkt að um áhrif og ágæti framhaldsnáms ef þetta væri rannsað.

Með framhaldsnáminu hefur orðið til nýtt form samvinnu í rannsóknarvinnu. Þannig segja margir kennarar að nemendur þeirra séu þeirra helsta samstarfsfólk í rannsóknnum. „Ég er mest í samstarfi við mína nemendur dagsdaglega og er búin að vera með sama aðstoðarmann í rannsóknnum sem hefur verið á launum með styrk frá [Vísindasjóði/Rannsóknasjóði] og rannsóknarsjóði HÍ.“

Vaðandi uppbyggingu framhaldsnáms nefndi deildarforseti kennaradeildar HA hugmyndir þess efnis að byggja framhaldsnám sameiginlega, þvert á deildir skólans. Þannig að það verði sameiginleg kennaradeild, rekstrardeild og heilbrigðisdeild. „Þannig höfum við aukna möguleika, samnýtum kraftana því það eru til dæmis kúrsar í aðferðafræði og stjórnun sem eiga heima í öllum þessum deildum.“

Mikil eftirspurn hefur verið eftir framhaldsnámi, svo mikil að skólarnir hafa ekki annað eftirspurn. „Það er fullt af fólki sem vill koma í þau rannsóknarverkefni sem ég er með en við verðum að segja: Ég má ekki taka fleiri því við erum ekki með peninga til þess.“ Eftirspurnin hefur þó verið mismikil eftir fögum. Margir kennarar nefndu öran vöxt stjórnunarfræða og mikla eftirspurn eftir því námi. „Það er náttúrulega uppvöxtur þessara stjórnunarfræða á undanförunum árum, mikill braði og mikil eftirspurn og skólarnir lenda inni í því, uppbygging í meistaranámi í stjórnun og því kallað á rannsóknir á því sviði.“ Í samhengi við þetta er athyglisvert að skoða á hvaða sviðum rannsóknarverkefni nemenda eru.

IV. 2. Flokkun rannsókna nemenda

Nemendaritgerðir voru flokkaðar í nokkra meginflokka: Eftir rannsóknarsviði, skólastigi sem rannsóknin nær til, hvaða aðferðafræði var notuð og hver meginmarkhópur væri, auk vísindasamfélags. Tafla 27 sýnir rannsóknarefni meistaranemenda á árunum 1998–2003 flokkað eftir sviðum. Greindar voru 36 meistarrantitgerðir frá HÍ, 82 M.Ed. ritgerðir frá KHÍ, fjórar frá HA og sjö ritgerðir frá erlendum háskólum. Flestar ritgerðir flokkast undir „*Almenna kennslufræði, skólakerfið, skólaþróun*“ og falla ritgerðir um stjórnun undir þann flokk. Einnig má sjá nokkurn fjölda ritgerða um íslenskukennslu sem og rannsóknir á sviði sérkennslu og fötlunarfræði. Nokkuð af rannsóknnum er á sviði félagsfræði menntunar, annars vegar um félagslegt umhverfi og hins vegar um félagsleg vandamál. Séu rannsóknarsvið skoðuð eftir ólíkum skólum (HÍ og KHÍ) er ekki mikill munur. Þó eru hlutfallslega fleiri verkefni hjá KHÍ undir flokknum „*Líkamlegt og andlegt atgerði*“ og kemur þar til nokkur fjöldi verkefna við skólann sem tengist sérkennslu. Við HÍ eru fleiri verkefni um „*stjórn-sýslu og atvinnulíf*“ en við KHÍ.

Efnisval tengist einnig því hvaða skólastig meistaranemendur eru að skoða í rannsóknnum sínum. Í töflu 28 má sjá að um 18% verkefna eru óháð skólastigi. Kringum 80% verka beinast m.a. að grunnskólastigi, en einungis 13% að leikskólastiginu. Þá er m.a. fjallað um framhaldsskólastigið í 11% verkefna og háskólastig í 7% verkefna. Ef borin eru saman skólastig sem horft er til hjá nemendum KHÍ og HÍ er munurinn helstur sá að við HÍ eru hlutfallslega fleiri verkefni sem eru óháð skólastigi og að sama skapi skoða fleiri nemendur hjá KHÍ grunnskólastigið. Við HÍ eru ennfremur fleiri rannsóknir sem snúa að framhaldsskólastigi en við KHÍ.

Í 94% lokaverkefnum meistaranemendanna eru m.a. notaðar eigindlegar rannsóknaraðferðir þar sem opin viðtöl og vettvangsrannsóknir eru mest notuðu aðferðirnar (tafla 29). Um 60% lokaverkefna byggjast m.a. á meginlegum aðferðum þar sem spurningalistakönnun er afgerandi mest notaða aðferðin. Ekki er greinanglegur munur á notkun eigindlegra og meginlegra aðferða í rannsóknnum meistaranema við HÍ og KHÍ. Sá munur á aðferðafræði sem kom fram var að nemendur KHÍ nota oftast spurningalistakannanir og nemendur HÍ greina oftast fyrirleggjandi gögn og nota oftast stöðluð próf en nemendur við KHÍ.

Tafla 27. Flokkun meistaraverkefna í rannsóknarsvið 1998–2003

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall birtinga *
Nám og þroski	22	11,0	14,6
Nám og skynjun	8	4,0	5,3
Þroska- og persónuleikasálfræði	14	7,0	9,3
Líkamlegt og andlegt atgervi	33	16,5	21,8
Sérkennsla f. börn með þroskahömlun, fötlunarfræði	18	9,0	11,9
Námsráðgjöf	2	1,0	1,3
Aðrar rannsóknir á heilsu og velferð	13	6,5	8,6
Sérkennsla f. bráðger börn	-	-	-
Menntakerfi	52	25,9	34,4
Almenn kennslufræði, skólakerfið, skólaþróun	41	20,4	27,2
Félags- og heimspökileg sjónarhorn	9	4,5	6,0
Námskrá/formgerð	2	1,0	1,3
Faggreinar í skólum	46	22,9	30,5
Íslenska (lestur meðtalinn)	24	11,9	15,9
Erlend tungumál	2	1,0	1,3
Stærðfræði	4	2,0	2,6
Náttúrufræði og raungreinar	2	1,0	1,3
Samfélagsgreinar	3	1,5	2,0
Listgreinar	5	2,5	3,3
Íþróttir og heilsufræði	1	0,5	0,7
Upplýsinga- og samskiptatækni	3	1,5	2,0
Starfsmenntun og iðngreinar	2	1,0	1,3
Aðrar greinar	-	-	-
Samfélagið	25	12,5	16,5
Félagslegt umhverfi	12	6,0	7,9
Félagsleg vandamál	12	6,0	7,9
Lýðfræði, menning og trú	1	0,5	0,7
Stjórnsýsla og atvinnulífið	10	5,0	6,6
Stjórnsýsla og stjórn málafræði	4	2,0	2,6
Hagfræði og fjármál	1	0,5	0,7
Atvinnulífið	5	2,5	3,3
Rannsóknir á upplýsinga- og samskiptatækni (þ.m.t. fjarkennsla)	9	4,5	6,0
Aðferðafræði rannsókna	3	1,5	2,0
Rannsóknir á aðstöðu og búnaði	1	0,5	0,7
Alls	201	100%	133%

Heimild: Samanlagður fjöldi í töflu 27 er hærri en heildarfjöldi svarenda. Það skýrist af því að í sumum tilvikum eru verkefni flokkuð á fleiri en einn veg. Heildarhlutfall tilvika (133%) má því túlka sem svo að hvert rit sé að meðaltali flokkað í 1,3 flokka.

Tafla 28. Til hvaða skólastigs/stiga nær meistaraþverkefnið?

	Fjöldi birtinga	Hlutfall svara %	Hlutfall birtinga % *
Skólastig á ekki við	27	13	18
Leikskólastig	20	10	13
Grunnskólastig 1.–7. bekkur	67	33	44
Grunnskólastig 8.–10. bekkur	58	29	38
Framhaldsskólastig	16	8	11
Háskólastig	11	5	7
Fullorðinsfræðsla	1	1	1
Endur- og símenntun	2	1	1
Alls	202	100%	133%

* Í sumum tilvikum eru verkefni flokkuð á fleiri en einn veg. Heildarhlutfall birtinga/tilvika er því hærra en 100%.

Tafla 29. Hvaða aðferðafræði var notuð við meistaraðferðirnar?

	Fjöldi birtinga	Hlutfall svara %	Hlutfall birtinga % *
Aðferðafræði á ekki við	4	2	3
Fræðilegt yfirlit	14	6	10
Eigindlegar rannsóknaraðferðir	138	57	94
Opin viðtöl	51	21	35
Vettvangsaðferðir/þátttökuathugun/skoðun	40	17	27
Orðræðugreining/textagreining	3	1	2
Greining fyrirbyggjandi eigindlegra gagna	22	9	15
Aðrar eigindlegar aðferðir	22	9	15
Megindlegar rannsóknaraðferðir	86	36	59
Stöðluð viðtöl	7	3	5
Spurningalistakannanir	43	18	29
Tilraun	4	2	3
Greining fyrirbyggjandi meginlegra gagna	12	5	8
Stöðluð próf	10	4	7
Aðrar meginlegar aðferðir	10	4	7
Alls	242	100%	166%

* Í sumum tilvikum eru verkefni flokkuð á fleiri en einn veg. Heildarhlutfall birtinga/tilvika er því hærra en 100%.

IV. 3. Fjárhagslegur grundvöllur

Yfirvöld menntamála og háskólarnir leggja áherslu á eflingu framhaldsnáms á Íslandi. Þrátt fyrir þessa áherslu er bent á að uppbygging framhaldsnáms sé ekki undirbyggð með nægilegu fjármagni. Deilt er um hvort leysa eigi þennan vanda með skólagjöldum fyrir framhaldsnám en ljóst er að háskólakennarar telja núverandi ástand ekki viðunandi. KHÍ hefur þurft að fjármagna sitt framhaldsnám að hluta til með fjármagni sem er eynamerkt grunnnáminu. „Við gerðum samning við ríkið um kennslu og fáum svo og svo mikið fyrir þreyttar einingar svokallaðar ... og kannski má segja að við höfum þínulítið misnotað okkur aðstöðu okkar og tekið af því inn í framhaldsnámið.“ HÍ getur á hinn bóginn ekki stjórnað fjölda nemenda í grunnnámi við skólann á sama hátt og KHÍ og að sögn með „mörg hundruð nemendur [í skólanum] umfram það sem þeir fá borgað fyrir“. Að mati viðmælenda eiga rannsakendur í HÍ því erfiðara um vik að fjármagna framhaldsnám. Kennari og stjórnandi við HÍ lýsir vinnuaðstæðum háskólakennara svona:

Háskólinn er núna með þá stefnu að efla framhaldsnámið og sem dæmi þá hefur verið borgað fyrir ákveðnar gráður á framhaldsstigi og það er alveg nauðsynlegt. Á fjárlögum núna þá fengum við áætlað fjármagn fyrir

diplomagráðu líka, en núna á ekkert að borga fyrir diploma gráðurnar, heldur bara fyrir mastersgráðurnar sem þýðir að við fáum sjö milljónum minna en ætlað var. Á sama tíma erum við að byggja upp og fá miklu fleiri nemendur inn. Svo er leikreglunum breytt í miðju kafi þannig að núna nennir maður varla að vinna hérna því við höfum ekki efni á að fara yfir ritgerðirnar hjá nemendum sem við erum að kenna. Við verðum að fá stundakennara í það. ... Það eru að verða svo mikil skil á milli og mikið los svo ég sé fram á það dragi verulega úr gæðum námsins nema eitthvað verði að gert, fá meira fjármagn inn í framhaldsnámið. ... Kerfið gengur bara ekki upp, það verður að vera peningur í framhaldsnáminu sem er ekki þar.

Leiðbeinendur í framhaldsnámi við HÍ taka ennfremur til sín nemendur á eigin ábyrgð og fá ekki greitt fyrir vinnu sína nema þegar viðkomandi útskrifast. Þannig má segja að framhaldsnám á háskólastigi byggist að mestu leyti á hugsjónastarfi háskólakennara:

Félagsvísindadeild fær greitt fyrir hvern doktorsnema sem útskrifast þegar hann útskrifast en ef hann útskrifast ekki þá kemur engin greiðsla. Ég gæti sem sagt fengið greiðslu þegar þeir útskrifast, ef þeir útskrifast. Þeir eru sem sagt teknir hérna inn á mína og sína ábyrgð, ef ég hætti hérna þá eiga þessir nemendur enga kröfu á deildina að fá annan leiðbeinanda.

Í einni skor við félagsvísindadeild HÍ hefur því verið farin sú leið að leggja áherslu á við nemendur að þeir snúi sér alfarið að náminu og taki meistaranámið á tveimur árum „Við leggjum mikla áherslu á að útskrifa nemendur á tveim árum, engar barneignir, engin vinna með, engar húsbýggingar og slíkt. Ef við heyrum að fólk er að vinna þá gagnrýnum við það.“

IV. 4. Framhaldsmenntun sem leið út úr skólunum?

Þegar hugað er að framhaldsnámi á sviði menntamála má spyrja hvert útskrifaðir nemendur fara til starfa; hvort þeir séu að mennta sig út úr skólunum eins og það er stundum kallað eða hvort menntun þeirra skili sér með bættu skólastarfi:

Þetta er mjög fjölbreytt og við þurfum að passa okkur líka finnst mér sem Kennaraháskóli ... að mennta ekki kennarana út úr skólastofunni, ef ég má orða það þannig. ... Við viljum hafa gott fólk inni í skólunum líka en samt sem áður virkar þetta svolítið svona að þeir sem koma hingað í sérkennslu fara í öðruvísi störf í skólunum og svo framvegis. Starfsframi kennarans er orðinn miklu fjölbreyttari en áður var.

Í þessu sambandi er athyglisvert að líta til lokaverkefna meistaranemenda og hvort þau séu hugsuð fyrir stefnumótunaraðila og/eða aðila sem starfa á vettvangi, auk þess að vera augljóslega hugsuð fyrir vísindasamfélagið sem meistaraþrófritgerð. Tafla 30 sýnir að 81% verkefna er hugsuð ekki einungis fyrir vísindasamfélagið, heldur einnig fyrir væntanlega notendur. Þannig er fjórðungur verkefna einnig ætlaður stefnumótunaraðilum og yfir helmingur þeirra aðilum sem starfa á vettvangi. Hlutfallslega fleiri verkefni nemenda hjá HÍ eru ætluð stefnumótunaraðilum en heldur fleiri meistaraþrófsverkefni við KHÍ eru ætluð iðkendum. Munurinn er þó ekki verulegur.

Tafla 30. Markhópar nemendarannsóknna

	Fjöldi birtinga	Hlutfall svara %	Hlutfall birtinga % *
Fyrir vísindasamfélagið	151	55	100
Fyrir stefnumótunaraðila	38	14	25
Fyrir iðkendur/aðila á vettvangi	85	31	56
Alls	274	100%	181%

* Í mörgum tilvikum voru verkefni talin hafa fleiri en einn markhóp. Heildarhlutfall tilvika/birtinga er því hærra en 100%.

Almennt töldu viðmælendur að framhaldsnámið skilaði sér í sífellt meiri mæli í bættu skólastarfi. „Ég held að þetta fólk sé í forystu um að efla sína skóla og meðvitaðri um ýmsa þætti þar.“ Sömu viðhorf má sjá meðal útskrifaðra meistaranemenda við KHÍ. Í könnun Ingvars Sigurgeirssonar (2001) má lesa mörg dæmi um hvernig námið þótti hafa nýst fólki í starfi á vettvangi og bætt fagmennsku í skólastarfi, en hér vitnar Ingvar í fyrrverandi nemandanum skólans:

Styrkir fagstarf og fagtraust leikskólakennara og grunnskólakennara gífurlega (á sannast sagna ekki nægilega sterk orð til að lýsa þeirri byltingu í skólunum að menntun og þekking er að margfaldast) og loks öðlumst við viðamikla rannsóknarstudda þekkingu á íslensku skólakerfi [í náminu].²⁰

Fræðimaður við KHÍ taldi þótt marga vera að mennta sig út úr skólastofunni eins og hann kallaði það, jafnvel þótt þeir væru enn að vinna innan skólakerfisins. Hann sagði:

Fólk er að mennta sig út úr skólastofunni. Þetta eru leikskólakennarar sem eru að mennta sig til að verða leikskólastjórar, þetta eru deildarstjórar í grunnskólum sem eru að mennta sig til að verða aðstoðarskólastjórar og skólastjórar, þetta eru kennarar að mennta sig til að verða sérkennarar til þess að komast út úr skólastofunni.

Annar viðmælandi við sömu stofnun benti á hvernig uppbygging framhaldsnáms við skólann þjónaði ólíkum hlutverkum. Annars vegar væri framhaldsnáminu skipt í rannsóknartengt meistaranám og hins vegar diplománám. Þeir sem vildu styrkja sig í starfi færu gjarnan í diplománám og skilaði það sér inn í skólana. Þeir sem vildu hefðu þá tækifæri til að bæta enn frekar við sig og ljúka meistaragráðu og er sá hluti hugsaður til að styrkja rannsóknarþátt námsins. Við HA er unnið að frekari uppbyggingu framhaldsnáms. Þar hafa þeir hugsað sér námið á svipaðan hátt og við KHÍ eins og deildarforseti kennaradeildar lýsir hér:

Prógrammið er ekki komið lengra en þetta, þetta er í byrjunarfasanum og við erum reyndar mjög hugsi yfir því hvernig á að byggja þetta upp og við erum að velta fyrir okkur tvönnskonar tilgangi. Annars vegar að við vildum að þetta stuðlaði að því að fólk færi út í skólana þannig að þessi þekking nýttist þar en um leið erum við náttúrulega að búa til fólk sem byggir upp sína rannsóknarhæfni sem gæti haldið áfram í doktorspróf.

Rektor KHÍ lagði ennfremur mikla áherslu á að kennarar gætu stundað framhaldsnám á sínum forsendum og til að stuðla að bættu skólastarfi:

Ég vil að kennarar geti menntað sig áfram til æðstu prófgráða, halda áfram að vera kennarar og þjóna því kerfi ... Þess vegna vil ég hafa doktorsnám við þennan skóla. Við setjum okkur það markmið að kennarar geti farið í framhaldsnám á sínum forsendum, að þeir þurfi ekki að breyta sér í sálfræðinga eða félagsfræðinga til að fara í framhaldsnám.

IV. 5. Framhaldsmenntun til að þjálfra rannsóknarfólk

Mikilvægt hlutverk framhaldsmenntunar er að efla rannsóknir á sviðinu með nýliðun þeirra sem starfa við menntarannsóknir. Viðmælandur voru því spurðir hverjar horfurnar væru í nýliðun rannsóknarfólks á sviði menntamála. Þar koma til nokkur atriði. Í fyrsta lagi er hluti þeirra sem eru í framhaldsnámi (doktorsnámi) nú þegar í fræðimannastörfum við stofnanir landsins. Því er ljóst að það verður áframhald á þeirra störfum sem rannsakerndur á sviðinu. Hins vegar taldi umsjónarmaður rannsóknartengds framhaldsnáms við KHÍ að fæstir meistaranemendur stefndu á að vinna við rannsóknir. Á vorönn 2005 voru 432 nemendur í framhaldsnámi við skólann. Af þeim voru 93 í meistaranámi og sex nemendur í doktorsnámi, þannig að um fjórðungur allra framhaldsnema við skólann stundar framhaldsnám sem er rannsóknartengt.

Ólík áhersla háskólanna á þjálfun rannsóknarfólks endurspeglar í ólíkri áherslu þeirra á kennslu í aðferðafræði rannsókna. Í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði í HÍ taka nemendur 12–15 einingar í aðferðafræði en í KHÍ 2–4 einingar. Í grunndeild í kennaranámi HA þurfa nemendur að þreyta 4–7 einingar í aðferðafræði. Í framhaldsnámi taka meistaranemar í uppeldis- og menntunarfræði við HÍ 10–20 einingar í aðferðafræði, 10–15 einingar í KHÍ og 5 einingar að lágmarki í framhaldsnámi í kennaradeild HA. Í könnun meðal brautskráðra nemenda við KHÍ 1996–2000 komu fram athugasemdir um að auka beri aðferðafræðikennslu í meistaranáminu.²¹ Dósent við KHÍ sagði þetta um aðferðafræðikennslu við KHÍ:

Aðferðafræðin er í lágmarki. Erum alltaf að stíga skref til að styrkja hana. Það eru lágmark 10 einingar í framhaldsnámi. Sumir taka meira. Við lítum ekki svo á að við séum að framleiða rútineraða rannsóknarmenn, kannski fólk sem er þokkalega tilbúið til að taka þátt í rannsóknum.

Í tengslum við ólíka rannsóknarþjálfun háskólanna má ekki gleyma lögbundnu hlutverki kennaramenntun-

²⁰ Ingvar Sigurgeirsson, 2001. *Mat brautskráðra nemenda á meistaranámi við Kennaraháskóla Íslands 1996-2000*. Kennaraháskóli Íslands. Apríl.

²¹ Sama heimild.

arstofnunar. „Við erum líka fagháskóli. Við erum með svið sem þessi stofnun var sett á laggirnar til að þjóna og það má ekki bundsa það.“ Rektor KHÍ hafði um þetta að segja:

Ég lít svo á að það sé alveg sjálfgefið að héra eigi að vera kennsla í aðferðafræði og einmitt fjölbreyttri aðferðafræði sem passar fyrir þetta starf sem við erum að mennta fólk til. ... Í grunnáminu megum við samt ekki missa sjónar á okkar lögbundna hlutverki sem er að mennta fólk til tiltekinna starfa. Það þarf fyrst og fremst að fá í sínu grunnnámi þá aðferðafræði sem það þarf að nota sem fagmenn í starfi þeirra ... t.d. „action research [starfendarrannsóknir]“ og rannsóknartengda vinnu. Þetta er allólikt því að mennta t.d. nemendur til B.A.-prófa í uppeldis- og menntunarfræðum.

Viðmælendur voru spurðir hvernig samsetning nemendahóps í framhaldsnámi væri ef horft er til nýliðunar akademískra fræðimanna. Almennt er meðalaldur í framhaldsnámi í menntunarfræðum á Íslandi frekar hár. Við KHÍ er t.a.m. meðalaldur nemenda í meistara- og doktorsnámi 48 ár. Ennfremur vinnur stærsti hluti nemenda með námi og tekur því námið á lengri tíma. Stór hluti hópsins vinnur við sitt fag, t.d. í skólakerfinu, og heldur svo áfram starfi sínu þar. Það hefur sýnt sig að nemendur sem þessir, eldri nemendur sem eru starfandi við sitt fag, eru ólíklegir til þess að leggja fyrir sig akademísk störf.²² Prófessor við HÍ lýsir þessu svona:

Við vildum helst fá héra inn, í doktorsnám eða mastersnám, fólk sem er tilbúið að koma í fullt nám og mundi þá koma smátt og smátt inn í stundakennslu og koma inn í okkar rannsóknir og fara svo í sínar rannsóknir. Það er svolitill vandi að það fólk sem er hér er langmest fólk sem er í fullu starfi og er að gera þetta af veikum mætti. ... Það þarf að fá fólk sem fær styrk frá Lánasjóðnum eða rannsóknarnámsstyrki sem er á fullu héra inni og fær fræðilega þjálfun og verður smám saman akademikerar.

Við KHÍ og HÍ var þó skoðun viðmælenda að nemendahópurinn væri heldur að yngjast eftir að hópurinn sem beið eftir því að komast í framhaldsnám hefur útskrifast. „Í framhaldsnáminu hefur verið frekar hár meðalaldur. Fólk sem er komið áleiðis í sínum ferli. Kúfurinn af þessu liði sem beið eftir að komast í framhaldsnám er þó að verða búinn svo hópurinn er því heldur að yngjast.“

V. Samantekt og umræður

Meginmarkmið úttektarinnar er að kortleggja umfang og eðli rannsókna og nýbreytni á sviðinu. Nánar tiltekið eru markmiðin:

- að kortleggja umfang og eðli rannsókna og nýsköpunarstarfs á sviði fræðslu- og menntamála og vekja máls á þeim sviðum þar sem rannsóknir skortir.
- að skoða stöðu rannsakenda með hliðsjón af ólíkum markhópum, vinnuumhverfi og vinnuferli rannsókna.
- að kanna hvað hvetur til nýsköpunar í skólum og atvinnulífi og tengsl nýbreytnistarfs við menntarannsóknir.
- að varpa ljósi á þýðingu og notagildi rannsókna fyrir stefnumótun og starfsemi skóla og annarra fræðsluaðila.
- að hvetja til umræðu um rannsóknir og nýsköpunarstarf á sviði fræðslu- og menntamála með því markmiði að efla þær.

Menntarannsóknir eru fræðasvið þar sem þarfir og væntingar úr ýmsum áttum mætast. Greining á stöðu rannsakenda gagnvart helstu markhópunum getur eflt skilning okkar á þýðingu og notagildi rannsókna. Í þessari skýrslu höfum við rætt um stöðu rannsakenda sem eru starfandi í háskólum og einkum um akademískt frelsi, rannsóknarsvið, framkvæmd rannsókna og dreifingu rannsóknarniðurstaðna. Þá var rætt um stuðning og hindranir í rannsóknarvinnu og sérstaklega um framhaldsnám sem er vaxtarbroddur í háskólarannsóknum um þessar mundir.

²² Ministry of Education in New Zealand. 2001. *Mapping the building of capacity and capability within the educational research community.*

http://www.minedu.govt.nz/print_doc.cfm?layout=document&documentid=6512&data=1&fromprint=y

Markhópar

Fjallað var um hvernig rannsakendur í háskólasamfélaginu staðsetja sig gagnvart aðalmarkhópunum – vísindasamfélaginu, stefnumótunaraðilum og þeim sem starfa á vettvangi, t.d. fræðsluaðilum. Margir fræðimenn í háskólum lögðu áherslu á að rannsóknir þeirra væru hugsaðar fyrir fleiri en einn hóp og hefðu víða skírskotun en engu að síður skilgreina þeir skyldur sínar á ólíkan hátt. Fleiri birtingar hjá HA og KHÍ eru hugsaðar fyrir iðkendur á vettvangi (kennara, foreldra o.fl.) í samanburði við birtingar hjá HÍ sem eru fremur hugsaðar fyrir vísindasamfélagið sem markhóp. Þetta endurspegladist í viðtölunum þar sem fram kom að viðmælendur úr KHÍ og HA töldu sig í ágætum tengslum við skólana, bæði í gegnum vettvangsnám, símenntun, ráðgjöf og þjónusturannsóknir.

Vísindasamfélagið telur að gæði rannsókna séu best tryggð með því að birta niðurstöður þeirra í ritrýndum tímaritum. Einungis 11% birtinga um menntarannsóknir í háskólum eru í formi ritrýndra greina, auk bóka, bókarkafna og prófritgerða sem einnig fara í ritrýni (6%) (tafla 19). Birtingar í ISI-tímaritum voru einungis 1,5% allra verka. Þá birta fræðimenn við HÍ og HA meira af ritrýndu efni en kennarar við KHÍ og rannsóknir fræðimanna við HÍ birtast oftast erlendis en birtingar hjá fræðimönnum hinna skólanna (tafla 20). Rúmlega 50% af birtingum eru í formi erinda eða veggspjalda sem eru oft á tíðum ekki ritrýnd. Fram kom í viðtölum og á málþingi að hvorki styrktarkerfið né stigamatskerfið kæmi nægilega til móts við þá miklu vinnu sem leggja þyrfti á sig til að birta í erlendum ritum á meðan verk á vettvangi biðu. Enn fremur var lögð áhersla á að í ljósi framgangskerfis háskólanna væri nauðsynlegt fyrir fræðamannasamfélagið að hafa aukinn aðgang að íslenskum ritrýndum ritum um menntamál, en þeim hefur fjölgað nokkuð á síðastliðnum árum. Fjöldi rannsækenda virtist vilja vera nær vettvangi og taldi mikilvægt að birta niðurstöður á íslensku.

Efnisval

Þegar hugað er að efnisvali rannsækenda verður að skoða það í ljósi hins ríkjandi akademíska frelsis sem fræðimenn búa við. Athyglisvert er að um þriðjungur birtinga fræðimanna í þeim skólum, deildum og skorum sem hér um ræðir telst ekki til menntarannsókna. Það vekur þá spurningu hvort það komi til greina að setja akademísku frelsi einhverjar hömlur eins og sumir viðmælendur nefndu. Er rétt að rannsakendur á sviði menntamála vinni eftir tiltekinni rannsóknarstefnu eða er réttlæt看legt að stýra efnisvali rannsækenda t.d. í gegnum styrktarsjóði?

Vinnulag fræðimanna og vinnuumhverfi

Þegar vinnulag fræðimanna í háskólasamfélaginu er skoðað má sjá að einyrkjarannsóknir eru enn sem áður hið ríkjandi vinnulag í háskólasamfélaginu þótt formlegt samstarf færist sífellt í aukana, ekki síst erlent samstarf og samvinna milli stofnana. Í úttekt á stofnanatengdum menntarannsóknum kom fram að 13% verkefna hjá ríkisstofnunum og 6% verkefna hjá skólaskrifstofum væru unnin með fræðimönnum í háskólasamfélaginu²³ sem bendir til nokkurrar samvinnu milli stofnana. Þannig er athyglisvert að svo virðist sem samvinna nokkurra aðila milli stofnana sé almennari en samvinna nokkurra aðila innan sömu stofnunar. Þá kom fram að nokkru meira er um einstaklingsverkefni hjá HA en hjá HÍ og KHÍ. Almennt voru viðmælendur sammála um að aukið samstarf stuðlaði að eflingu menntarannsókna, hvort sem um væri að ræða samstarf innan stofnana eða milli íslenskra stofnana sem og erlent samstarf. Þrátt fyrir að samstarf fari í formlegan farveg er ekki hægt að horfa fram hjá því að samstarf er þess eðlis að það liggur hjá einstaklingunum sjálfum og því ekki hægt að þröngva samstarfi upp á rannsakendur.

Þrátt fyrir þann vilja að vera tengdur vettvangi var bent á galla í stigamatskerfi háskólakennara sem stuðlar ekki endilega að hagnýtingu rannsókna. Þannig var ítrekað bent á að kerfið hafi akademíska slagsíðu og meti þróunarstarf og dreifingu þekkingar til samfélagsins ekki nægilega mikið. Kerfið virki því letjandi í þá veru að dreifa þekkingu til iðkenda á vettvangi í skólum og í atvinnulífi. Í pallborðsumræðum um úttekt á menntarannsóknum var m.a. velt upp þeirri hugmynd að bæta við lið í stigamatskerfi háskólakennara sem

²³ Ingibjörg Kaldalóns og Allyson Macdonald (2005b). Athugun 2. Stofnanatengdar menntarannsóknir. Úttekt á rannsóknum á sviði fræðslu- og menntamála. Rannís og menntamálaráðuneytið. Maí 2005.

hvetti til tengsla við vettvanginn, að búa til hvata um miðlun þekkingar á fjölbreyttari hátt en núverandi kerfi gerir.

Veigamikill þáttur varðandi styrkingu rannsóknarmenningar og stuðning við rannsóknarvinnu kennara er uppbygging framhaldsnáms við skólana. Greinilegt er að mikil þörf er á framhaldsmenntun í menntunarfræðum þar sem skólarnir hafa vart annað eftirspurn nemenda. Ekki er hægt að ætla annað en að námið skili sér að verulegu leyti til þjóðfélagsins með bættu skólastarfi þar sem margir meistaranemendur eru þegar að störfum. Einnig má sjá af lokaverkefnum nemenda að a.m.k. helmingur þeirra er hugsaður fyrir iðkendur á vettvangi sem gefur vísbendingu um tengsl þessara nemenda við skólana.

Verulegur fjárskortur til framhaldsnáms hamlar uppbyggingu þess. Kennarar fá t.a.m. ekki greitt fyrir leiðsögn við doktorsnema fyrr en eftir og ef þeir ljúka námi og því geta kennarar ekki minnkað við sig kennslu meðan á námi þeirra stendur. Á málþingi um úttektina var einnig vakið máls á því að skortur verði á rannsóknarmenntuðu fólki verði aðstæður til framhaldsnáms ekki bættar. Nemendahópur í framhaldsnáminu er þannig samsettur að meðalaldur er fremur hár og flestir vinna samhliða námi. Það hefur sýnt sig að nemendur sem þessir eru ólíklegir til að leggja fyrir sig akademísk störf. Auk þess geta nemendur sem vinna með námi ekki að sama skapi tekið þátt í rannsóknarvinnu kennara og/eða kennslu og fengið þannig alhliða akademíska þjálfun.

Í tengslum við hindranir við að sinna rannsóknnum voru nokkur atriði sem komu ítrekað fram. Í fyrsta lagi varð fólki tíðrætt um of mikið vinnuálag og að kennsla og stjórnunarstörf tækju tíma frá rannsóknarvinnu. Þar kemur tvennt til; annars vegar að í síbreytilegu kennsluumhverfi verður kennslan sífellt tímafrekari og hins vegar að launakerfið sé kennsluhvetjandi fremur en rannsóknarhvetjandi. Í Kennaraháskólanum voru einnig viðmælendur sem töldu að helstu hindranir væru fólgnar í ööryggi og lítilli rannsóknarreynslu sumra starfsmanna. Þá var einnig bent á að það vantaði bjargir til rannsókna og margir fundu tilfinnanlega fyrir því að vera einir að í sínum störfum. Skólarnir sem hér um ræðir hafa á ýmsan hátt leitast við að styðja við rannsóknarvinnu kennara t.a.m. með rekstri styrktarsjóða og ýmissi þjónustu og ráðgjöf. Þrátt fyrir það töldu allir viðmælendur þörf á að styrkja þessa þætti frekar en til þess væri aukið fjármagn til rannsókna grundvallaratriði. Með auknu fjármagni mætti styrkja sjóði skólanna og þar með auka rými til að veita kennsluafslátt og bjóða upp á meiri þjónustu og ráðgjöf.

Tengsl háskólamanna við vettvang

Í úttekt á þróunarstarfi í skólum kom fram að kennurum fannst lítið til af hagnýtum íslenskum rannsóknum.²⁴ Við undirbúning þróunarstarfs væri því fremur leitað til erlendra en íslenskra rannsókna og bendir þetta til þess að rannsóknir í háskólasamfélaginu skili sér ekki nægilega til skólafólks á vettvangi. Í úttekt á menntarannsóknnum í atvinnulífi kom einnig fram að háskólasamfélagið hefði í gegnum tíðina þótt fremur óaðgengilegt og ekki nægileg áhersla þar lögð á miðlun þekkingar til vettvangsins. Tengslin þykja bundin fáum tilteknum einstaklingum.²⁵ Á málþingi um úttektina sem og í viðtölum við aðila sem sinna fræðslumálum í atvinnulífinu kom þó fram að nú kvæði við nýjan tón í samskiptum háskólasamfélags og atvinnulífs. Nú átti þessir aðilar sig í auknum mæli á því að þeir hafi sameiginlega hagsmuni og því færast samstarf og samskipti milli þeirra í aukana.

Varðandi dreifingu þekkingar er áberandi hversu stór hluti birtinga er í formi erinda, eða yfir helmingur birtinga þeirra háskólakennara sem hér um ræðir, enda hafa fræðimenn fleiri möguleika nú en áður á því að kynna rannsóknir sínar í formi erinda með auknum fjölda málþinga og ráðstefna sem tengjast menntamálum. Bent var á að of margir fræðimenn legðu e.t.v. of mikla áherslu á að kynna rannsóknir sínar munnlega í stað þess að greina frá þeim skriflega. Hlutfallslega meira er um birtingar í formi erinda á ráðstefnum hjá KHÍ og HA en hjá HÍ og spurning hvort það tengist því að í þessum sömu skólum eru birtingar fremur hugsaðar fyrir vettvanginn en birtingar hjá HÍ.

²⁴ Ingibjörg Kaldalóns o.fl. (2005c). Athugun 3. Þróunarverkefni í íslenskum skólum. Úttekt á rannsóknnum á sviði fræðslu- og menntamála. Rannís og menntamálaráðuneytið. Maí 2005.

²⁵ Ingibjörg Kaldalóns og Allyson Macdonald (2005d). Athugun 4. Þróun fræðslumála í atvinnulífinu. Úttekt á rannsóknnum á sviði fræðslu- og menntamála. Rannís og menntamálaráðuneytið. Maí 2005.

Tengsl við stefnumótunaraðila

Þá komu fram nokkur atriði um tengsl rannsakenda í háskólasamfélaginu við stefnumótunaraðila sem vert er að huga að. Ljóst er að fræðimenn hjá háskólunum telja sig í allmiklum mæli vera að skrifa fyrir stefnumótunaraðila sem markhóp (44% af birtingum 1998–2002). Þó ber að ítreka að nokkur munur var á svörum fræðimanna hjá háskólunum hvað það varðar. Birtingar hjá KHÍ voru fremur hugsaðar fyrir stefnumótunaraðila en hjá HÍ og HA. Á hinn bóginn telja stefnumótunaraðilar sig ekki geta nýtt þá þekkingu sem er í vísindasamfélaginu til að byggja ákvarðanatöku á og segja víða skorta slíka þekkingu.²⁶ Því ber að beina sjónum að því sem kom fram að samstarfsvettvang þessara aðila vantar. Einnig vaknar sú spurning hvort nauðsynlegt eða mögulegt sé að hafa einhvers konar samráð um efnisval rannsakenda sem iðkendur og stefnumótunaraðilar telja sig þurfa.

VI. Álitamál

Nokkur álitamál komu fram í úttektinni. Mörg þeirra má rekja til breytinga í háskóla- og rannsóknarumhverfi á Íslandi og stöðu og sess menntarannsókna í breytingunum.

Akademískt frelsi og (sjálfs)virðing

Lög um háskóla á Íslandi gera ráð fyrir innleiðingu gæðastjórnunar. Háskólar sem voru til skoðunar í úttektinni hafa allir komið á samskonar vinnumatkerfi, byggðu á kerfi sem þróað var af kjaranefnd fyrir mat á prófessorum árið 1998. Grunnlaun, álag og útborgun úr vinnumatssjóði byggist á niðurstöðum vinnumats. Kerfið grundvallast á viðmiðum um jafningjarýni, þar sem greinar sem birtast í viðurkenndum tímaritum (sem eru tímarit sem tekin eru með í svokölluðum Citation Indices SSCI, SCI og AHCI) eru metnar til 15 stiga. Greinar sem birtast í öðrum ritrýndum tímaritum fá 10 stig eða minna. Þegar fleiri en einn höfundur eru að grein fær hver færri stig en stigum er skipt jafnt milli höfunda (2 höf. – 75% hvor, 3 höf. – 60% hver, 4 höf. – 50% o.s.frv.). Flutningur erinda gefur 0–3 stig, allt eftir vettvangi. Til að fá úthlutað úr vinnumatssjóði þurfa rannsakendur við HÍ og HA að lágmarki að hafa hlotið sjö stig á árinu, en starfsmenn KHÍ og prófessorar þurfa að hafa náð 10 stigum. Úthlutað er til prófessora úr sérstökum sjóði, ritlaunasjóði, og leggur kjaranefnd mat á störf prófessora.

Rætt hefur verið um hvort viðmið í vinnumatkerfum hvetji til menntarannsókna í sama mæli og t.d. til rannsókna í raunvísindum. Einnig hafa heyrst efasemdir um hvort kerfið hvetji til þróunarstarfs eða samstarfs, atriði sem mörgum þykja mikilvæg fyrir eflingu menntakerfisins. Einnig er deilt um hvort kerfið hvetji til rannsóknar- og þróunarstarfs sem er gagnlegt og aðgengilegt stefnumótunaraðilum og iðkendum og sem nýtist þeim. Kjarni málsins virðist vera akademískt frelsi, frelsi til að ákveða í hvað vinnutímar til rannsókna fara, og hversu langt skuli ganga í að tryggja það í frjálsu vali á viðfangsefnum og verkefnum, framkvæmd þeirra og birtingu niðurstaðna. Varðandi menntarannsóknir eru skoðanir skiptar. Mörgum finnst að gagnsemi og endurbætur menntunar eigi að vera hluti af rannsóknnum. Þegar kröfur akademíunnar annars vegar og kröfur til menntarannsókna sem hagnýts sviðs hins vegar mætast upplifa rannsakendur í háskólum iðulega togstreitu milli þessara tveggja póla. Slík togstreita veldur óöryggi og jafnvel vanmati á eigin hæfni. Áriðandi er að skoða vel hvort styrktar-, hvatningar- og matskerfi háskólanna virki í þágu menntarannsókna og tilheyrandi umbóta í menntakerfi.

Ábyrgð og val á rannsóknarefni

Rannsakendur töldu að þeir væru að beina skrifum sínum til stefnumótunaraðila sem væru jafnframt ekki að nýta þau og viðurkenndu jafnvel að framsetning niðurstaðna hvetti ekki til notkunar. Deilt er um hvort rannsakendur í háskólum eiga að velja rannsóknarefni í samráði við iðkendur og stefnumótunaraðila og ef svo, hvernig væri þá best að standa að valinu. Einnig kom fram spurningin um ábyrgð, hver ber ábyrgð á því að gera rannsóknir aðgengilegar þeim sem ekki stunda rannsóknir. Flestir voru sammála um að það vantar aði samráð milli rannsakenda og stefnumótunaraðila. Sumir töldu mjög mikilvægt að vera sýnilegir úti í skólunum og að vinna að þróunarstarfi með foreldrum og kennurum. Fáir nefndu samráð við atvinnulífið utan skólakerfisins.

²⁶ Ingibjörg Kaldalóns og Allyson Macdonald (2005b). Athugun 2. Stofnanatengdar menntarannsóknir. Úttekt á rannsóknnum á sviði fræðslu- og menntamála. Rannís og menntamálaráðuneytið. Maí 2005.

Nátengd spurning sem oft var rædd var hvort æskilegt væri að stýra fjárveitingum til valinna sviða. Val á sviðum sem endurspeglaði væntingar notenda þyrfti að fara í gegnum samráðsferli sem rannsækendur, fjármögnunaraðilar og notendur kæmu að. Þegar um er að ræða takmarkað fé er það umhugsunarvert hvort meiri virðisauki fáiist með því að stýra verkefnavali eða láta það ráðast af áhuga og gæðum rannsókna sem slíkra.

Rannsóknarmenning og efling færni

Háskólarnir þrír hafa allir skrifað undir samninga um nemendaígildi og fjárframlög til kennslu og rannsókna. Aukinn fjöldi nemenda hefur oft leitt til meira kennsluálags hjá fastráðnum kennurum með rannsóknarskyldu. Kröfur um tæknivæðingu, fjarnám og fjölbreyttari þjónustu við nemendur hafa einnig breytt umfangi kennarastarfsins. Um þessar mundir eru viðmið um fjárveitingar til rannsókna í háskólum í endurskoðun til samræmis við stefnumörkun vísinda- og tækniráðs um aukið fé til samkeppnissjóða.

Háskólarnir eru að þróa metnaðarfulla möguleika til framhaldsnáms og gert er ráð fyrir að rannsóknarmenning háskólanna byggist að einhverju leyti á því að frammistaða háskóla í rannsóknum sé háð tilvist rannsóknartengds framhaldsnáms. Það virðist skorta bæði mannafla og fé til að efla framhaldsnám og jafnvel til að mæta aðsókn í rannsóknartengt framhaldsnám þrátt fyrir að þörf fyrir fleiri og sterkari rannsækendur sé brýn. Fé til framhaldsnema er ábótavant og flestir nemendur geta ekki framfleytt sér í fullu námi. Skilyrði til samvinnu nema og leiðbeinenda í samtengdum rannsóknarverkefnum eru erfið ef nemandinn er ekki í fullu námi. Margt bendir til þess að án inngrips yfirvalda muni frekari þróun rannsóknartengds náms og efling rannsóknarmenningar einkennast af samkeppni frekar en samvinnu. Er þetta ákjósanleg leið á sviði menntamála? Það virðist vera aðkallandi að finna leiðir til að greiða fyrir kennslu og leiðsögn í framhaldsnámi og fyrir framfærslustyrkjum til nemenda til að tryggja betur virka þátttöku þeirra í rannsóknarverkefnum.

Fylgiskjal

Í upphafi úttektar var leitast við að afla upplýsinga um allar birtingar, þ.m.t. erindi og námsefni. Framkvæmd rannsóknarinnar hófst með því að senda út spurningakönnun til fræðimanna við KHÍ. Einnig voru svar- endur í byrjun beðnar um að gera grein fyrir birtingum sínum fyrir árið 2003 en á þeim tíma sem könnun- in var send út voru ekki til fyrirliggjandi upplýsingar um birtingar fyrir það ár. Eftir reynslu af þessari gagna- öflun við KHÍ og slæmar heimtur var vart talið framkvæmanlegt né nauðsynlegt að hafa gagnaöflun svo víð- tæka. Þegar spurningalistar voru sendir til fræðimanna við HÍ og HA var því ekki leitað eftir upplýsingum

Fylgiskjal 1. Rannsóknarsvið. Samanburður á niðurstöðum ólíkra gagna*

	Megingögn	Megingögn + erindi/námsefni	Megingögn + gögn 2003
Nám og þroski	5,2	7,0	6,7
Nám og skynjun	0,5	1,8	2,0
Þroska- og persónuleikasálfræði	4,7	5,2	4,7
Líkamlegt og andlegt atgervi	11,1	10,0	10,2
Sérkennsla f. börn með þroskahömlun, fötlunarfræði	4,6	4,6	4,1
Námsráðgjöf	1,0	1,2	1,6
Aðrar rannsóknir á heilsu og velferð	5,4	4,1	4,3
Sérkennsla f. bráðger börn	0,1	0,1	0,2
Menntakerfi	41,7	37,8	40,7
Almenn kennslufræði, skólakerfið, skólaþróun	27,3	25,5	28,4
Félags- og heimspekileg sjónarhorn	11,2	9,9	10,6
Námskrá/formgerð	3,2	2,4	2,7
Faggreinar í skólum	14,8	22,1	17,7
Íslenska (lestur meðtalinn)	3,5	7,1	5,0
Erlend tungumál	1,1	1,6	1,2
Stærðfræði	1,4	2,0	3,3
Náttúrufræði og raungreinar	1,1	2,2	2,2
Samfélagsgreinar	5,6	5,2	4,1
Listgreinar	0,3	1,2	1,1
Íþróttir og heilsufræði	-	0,2	-
Upplýsinga- og samskiptatækni	0,7	1,4	0,9
Starfsmenntun og iðngreinar	-	0,2	-
Aðrar greinar	1,1	1,0	0,8
Samfélagið	16,9	14,0	15,0
Félagslegt umhverfi	8,9	7,6	7,7
Félagsleg vandamál	6,7	5,0	6,2
Lýðfræði, menning og trú	1,3	1,4	1,1
Stjórnsýsla og stjórn málafræði	0,2	0,2	1,2
Hagfræði og fjármál	0,3	0,2	0,3
Atvinnulífið	0,8	0,6	0,3
Rannsóknir á upplýsinga- og samskiptatækni (fjarkennsla)	3,8	4,1	3,9
Stjórnsýsla og stjórn málafræði	0,2	0,2	0,3
Aðferðafræði rannsókna	3,8	3,1	3,5
Vísindaheimspeki og kenningar	1,1	0,7	1,3
Próffræði, aðferðir, mælitæki og greiningar	2,2	2,4	2,2
Rannsóknir á aðstöðu og búnaði	0,5	0,5	0,5
Alls	100%	100%	100%

* Svarendur gátu merkt við fleiri en einn svarmöguleika.

um námsefni, erindi eða birtingar frá árinu 2003. Þar sem við höfum þessi gögn um námsefni, erindi og birtingar 2003 frá þeim aðilum í KHÍ sem svöruðu spurningalistunum fyrstir er athyglisvert að skoða hvernig niðurstöður eru aðrar ef teknar eru inn upplýsingar um birtingar frá árinu 2003 annars vegar og birtingar í formi erinda og námsefnis hins vegar.

Hér eru því settar upp töflur þar sem eftirfarandi gögn eru borin saman:

- Gögn sem greint var frá í kafla um framkvæmd rannsókna og eru notuð til grundvallar allri greiningu í skýrslunni = megingögn.
- Meigingögn að viðbættum þeim upplýsingum sem við höfum um birtingar fræðimanna við KHÍ frá árinu 2003.
- Meigingögn ásamt þeim upplýsingum sem við höfum um erindi og námsefni fræðimanna frá KHÍ.

Sé upplýsingum um birtingar frá árinu 2003 bætt við meigingögn eru almennt litlar breytingar, eða frá 0,1 til þriggja prósentustiga munur. Heldur meiri breytingar má sjá ef námsefni og erindum er bætt við gagnasafnið en þetta má sjá nánar í eftirfarandi töflum sem tala sínu máli.

Fylgiskjal 2. Til hvaða skólastigs/stiga nær verkefnið?*

	Meingögn	Meingögn og erindi/námsefni	Meingögn og gögn 2003
Skólastig á ekki við	10,4	10,7	10,0
Leikskólastig	12,1	13,0	13,2
Grunnskólastig 1.-7. bekk	25,6	24,2	25,6
Grunnskólastig 8.-10. bekk	24,7	23,4	24,0
Framhaldsskólastig	11,8	11,5	11,4
Háskólastig	10,7	12,6	11,4
Fullorðinsfræðsla	2,7	2,8	2,4
Endur- og símenntun	2,1	1,9	2,0
Alls	100%	100%	100%

Fylgiskjal 3. Hvaða aðferðafræði var notuð við rannsóknina?*

	Meingögn	Meingögn og erindi/námsefni	Meingögn og gögn 2003
Aðferðafræði á ekki við	12,2	15,3	11,9
Fræðilegt yfirlit	11,2	12,3	11,5
Eigindlegar rannsóknaraðferðir	50,9	50,3	51,8
Opin viðtöl	16,8	17,3	18,2
Vettvangsaðferðir/þátttökuathugun/skoðun	11,5	11,4	12,1
Orðræðugreining/textagreining	7,1	7,1	6,9
Greining fyrirbyggjandi eigindlegra gagna	12,7	11,1	12,0
Aðrar eigindlegar aðferðir	2,8	3,4	2,6
Megindlegar rannsóknaraðferðir	25,7	22,3	25,0
Stöðluð viðtöl	3,0	2,5	2,7
Spurningalistakannanir	12,8	11,4	13,2
Tilraun	1,2	1,0	1,1
Greining fyrirbyggjandi megindlegra gagna	7,1	6,1	6,6
Aðrar megindlegar aðferðir	1,6	1,3	1,4
Alls	100%	100%	100%

* Svarendur gátu merkt við fleiri en einn svarmöguleika.

Fylgiskjal 4. Skilgreining háskólakennara á rannsóknum samkvæmt eftirfarandi flokkun*

	Megingögn	Megingögn og erindi/námsefni	Megingögn og gögn 2003
Grunnrannsókn	30,7	27,7	30,9
Hagnýt rannsókn	26,1	26,6	26,9
Mat eða úttekt	13,8	11,2	13,0
Þróunar- og nýbreytnistarf	11,1	14,8	12,1
Þjónusta eða ráðgjöf	5,1	6,8	5,4
Yfirlitsgrein	13,1	12,9	12,1
Alls	100%	100%	100%

Fylgiskjal 5. Markhópar*

	Megingögn	Megingögn og erindi/námsefni	Megingögn og gögn 2003
Fyrir vísindasamfélagið	34,1	33,1	34,6
Fyrir stefnumótunaraðila	25,9	24,4	25,2
Fyrir iðkendur	35,9	38,5	36,2
Fyrir aðra/almening	4,2	3,9	3,9
Alls	100%	100%	100%

Fylgiskjal 6. Einstaklingsverkefni eða samstarfsverkefni?

	Megingögn	Megingögn og erindi/námsefni	Megingögn og gögn 2003
Einstaklingsverkefni	52,9	58,3	55,4
Samvinna tveggja innan háskóla	16,0	15,2	14,9
Samvinna nokkurra innan háskóla	3,7	3,3	4,0
Samvinna milli stofnana	24,0	20,2	22,6
Önnur samvinna	3,4	3,0	3,0
Alls	100%	100%	100%

Fylgiskjal 7. Var útlagður kostnaður fjármagnaður með styrkjum, hvaða styrkjum?*

	Megingögn	Megingögn og erindi/námsefni	Megingögn og gögn 2003
Enginn útlagður kostnaður	24,2	28,2	25,1
Engir styrkir	8,8	8,6	9,3
Frá Rannsóknarsjóði háskólanna	13,4	12,5	13,2
Frá aðstoðarmannasjóði	1,4	1,2	1,5
Ferðastyrkur frá háskólanum	1,0	1,1	1,2
Styrkur frá menntamálaráðuneyti	4,7	4,3	4,4
Styrkur úr Vísindasjóði/Rannsóknasjóði	14,8	13,5	14,1
Styrkur frá ESB	6,9	5,9	6,7
Styrkt af einkaaðilum	0,9	0,8	0,9
Útseld vinna skv. samningi	10,6	10,6	10,6
Aðrir styrkir	13,1	13,3	13,0
Alls	100%	100%	100%

* Svarendur gátu merkt við fleiri en einn svarmöguleika.